



# Íslenskir radióamatörar, ÍRA



*Stjórn ÍRA starfsárið 2019/20. Ljósmyndin var tekin fyrir utan félagsaðstöðuna í Skeljanesi. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.*

## Skýrsla um starfsemi félagsins 2019/2020

Aðalfundur 15. febrúar 2020

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður



Útgefandi: Íslenskir radióamatörar, ÍRA, pósthólf 1058, 121 Reykjavík.

Tölvupóstfang: [ira@ira.is](mailto:ira@ira.is)

Vefsíða: <http://www.ira.is>

Ábyrgðarmaður: Jónas Bjarnason, TF3JB.

Heimilt er að birta efni úr skýrslunni en þess skal getið hvaðan það er fengið.

Útgáfudagur: 15. febrúar 2020.

# Efnisyfirlit

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	3
<b>STJÓRN ÍRA STARFSÁRIÐ 2019/20</b> .....	6
<b>FORMÁLI</b> .....	7
<b>1. STJÓRN, EMBÆTTISMENN OG FUNDIR</b> .....	9
1.1 Aðalfundur og stjórn .....	9
1.2 Stjórnarfundir .....	11
1.3 Embættismenn .....	11
1.4 Starfshópar, nefndir og fundir erlendis .....	14
1.4.1 NRAU .....	14
1.4.2 IARU Svæði I .....	14
1.5 Fundir/viðburðir erlendis .....	14
1.5.1 NOTA, í Finnlandi .....	14
1.5.2 YOTA, í Þýskalandi .....	15
1.5.3 YOTA, í Búlgaríu .....	15
1.5.4 IARU Svæði 1, Austurríki, milliráðstefna .....	16
1.5.5 IARU Svæði 1, Þýskaland, viðburðir/fundir .....	17
1.5.6 IARU Svæði 1, Þýskaland, AMSAT-DL fundur .....	18
1.5.7 IARU Svæði 1, Þýskaland, aðrir fundir .....	19
1.5.8 Kostnaður félagssjóðs vegna ferða erlendis .....	20
<b>2. FÉLAGSAÐSTAÐAN Í SKELJANESI</b> .....	21
2.1 Framkvæmdir í fundarsal .....	21
2.2 Framkvæmdir í fjarskiptaherbergi .....	23
2.3 Gjafir til TF3IRA .....	27
2.4 Vinna í fjarskiptaherbergi .....	28
2.4.1 Kaup á borðstöndum fyrir tölvuskjái .....	28
2.4.2 Kaup á aflgjafa fyrir Icom IC-7300 .....	29
2.4.3 Kaup á APRS búnaði .....	30
2.5 VHF/UHF loftnet hækkað .....	30
2.6 New-tronics Hustler 4-BTV loftnet sett upp .....	31
2.7 Innkaup á loftnetum og búnaði fyrir félagsstöðina .....	32
2.8 Flugradar viðtaka sett upp í fjarskiptaherbergi .....	33
2.9 Snyrt til við inngang í Skeljanesi .....	34
<b>3. VETRARDAGSKRÁ; ERINDI Í SKELJANESI OG JÓLAKAFFI</b> .....	35
3.1 Yfirlit .....	35
3.1.1 „Kaup á nýrri amatörstöð vorið 2019“ (TF3JB) .....	35
3.1.2 „Búnaður og aðferðir sem henta fyrir SOTA“ (TF3EK) .....	36
3.1.3 „Logger32 dagbókarforritið; auknar vinsældir–nýir möguleikar“ (TF3VS) .....	37
3.1.4 „Radíóamatör í meira en 50 ár; reynslusögur úr áhugamálinu“ (TF3OM) .....	38
3.1.5 „Endurvarpar á VHF og UHF“ (TF1A) .....	39
3.1.6 „DMR fjarskipti“ (TF3EY/OH2LAK) .....	39
3.1.7 „Radíótækni í árdaga“ (TF3DX) .....	40
3.1.8 „DX-leiðangur Seychelles eyja sumarið 2016“ (TF8KY) .....	41

3.1.9	„Loftnetabúskapur TF2LL í Norðtungu í Borgarfirði“ (TF2LL).....	41
3.1.10	„Gervihnattasamskipti radíóamatöra og hjá iðnaðinum“ (TF3NH).....	42
3.1.11	„Ferðasaga: SYLRA mótið í Noregi 2019“ (TF3VA og TF3VD).....	43
3.1.12	„Að minnka truflanir í móttöku í HF fjarskiptum“ (TF3Y).....	44
3.1.13	„Að smíða RF magnara fyrir HF böndin o.fl.“ (TF3VP).....	45
3.1.14	„QRP afl, heimasíði og notkun QRPsenda“ (TF3KX).....	45
3.2.	Jólaþakki ÍRA 2019.....	46
<b>4.</b>	<b>VETRARDAGSKRÁ, AÐRIR VIÐBURÐIR</b> .....	<b>51</b>
4.0	Inngangur.....	51
4.1	Laugardagsopnanir.....	51
4.1.1	Mæling á viðtækjum HF stöðva.....	51
4.1.2	Anan 7000DLE MK II og FlexRadio 6400, kynning.....	51
4.1.3	Icom IC-9700 og Kenwood TS-590SG; afmælisútgáfa, kynning.....	52
4.1.4	Fræðsla um móttöku merkja frá EsHailSat/OSCAR 100 gervitunglinu.....	53
4.1.5	„Opinn laugardagur“ EsHailSat/OSCAR 100 kynning, félagar fara í loftið....	55
4.1.6	„Opinn laugardagur“ EsHailSat/OSCAR 100 kynning, framhald.....	56
4.1.7	„Opinn laugardagur“ EsHailSat/OSCAR 100 kynning, framhald II.....	57
4.2	Sunnudagsopnanir.....	57
4.2.1	Viðurkenningar radíóamatöra.....	57
4.2.2	Hvernig er að vera QRV á FT4?.....	58
4.2.3	HF tíðniplön á amatörböndunum.....	61
4.2.4	Niðurstöður radíótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins (WRC-19).....	62
4.3	Námskeið.....	63
4.3.1	„Fyrstu skerfin - farið í loftið með leiðbeinanda“.....	63
4.3.2	„Arduino örtölvur fyrir byrjendur“, sýnikennsla og verkefni.....	64
4.4	Myndakvöld.....	65
4.4.1	DX-leiðangur til Miðbaugs Gíneu og Annobon, 3C3W og 3CØW.....	65
4.4.2	DX-leiðangur til Suður-Orkneyja, VP8ORK.....	66
<b>5.</b>	<b>NÁMSKEIÐ OG PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS</b> .....	<b>67</b>
5.1	Námskeið ÍRA til amatörprófs, október-desember 2019.....	67
5.1.1	Undirbúningur námskeiðs.....	68
5.1.2	Setning námskeiðs.....	68
5.1.3	Þátttakendur á námskeiði heimsækja Skeljanes.....	68
5.1.4	Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis 14. desember.....	70
5.2	Kveðja frá stjórn ÍRA og þakkir.....	72
<b>6.</b>	<b>TF ÚTILEIKAR, VITAHELGIN, SÉRSTÖK KALLMERKI, KEPPNIR</b> .....	<b>73</b>
6.1	TF útileikarnir 2019.....	73
6.1.1	Keppnisreglur.....	73
6.1.2	Kynning leikanna 1. ágúst.....	75
6.1.3	TF útileikarnir 2019, úrslit.....	75
6.1.4	Afhending viðurkenninga 17. október.....	76
6.2	Alþjóðlega Vita- og vitaskipahelgin 2019.....	76
6.3	Sérstök kallmerki, TF3YOTA.....	78
6.4	Keppnir, TF3IRA og TF3W.....	79
<b>7.</b>	<b>PÁSKALEIKAR OG VHF/UHF LEIKAR</b> .....	<b>81</b>
7.1	Páskaleikar ÍRA 2019.....	81
7.2	VHF/UHF leikar ÍRA 2019.....	84

<b>8. ÚTGÁFUMÁL</b> .....	87
8.1 Yfirlit.....	87
8.1.1 Félagsritið CQ TF .....	87
8.1.2 Heimasíða, www.ira.is .....	88
8.1.3 Facebook síða, Íslenskir radióamatörar.....	90
8.1.4 Facebook síða, flóamarkaður .....	90
8.1.5 Póstlisti, irapostur@groups.is .....	90
8.2 Aðgangur félagsmanna að tímaritum norrænu systrafélaganna .....	90
8.3 Önnur útgáfa félagsins á starfsárinu.....	91
<b>9. SÉRSTAKAR TÍÐNIHEIMILDIR PFS</b> .....	93
9.1 Tíðnimál .....	93
9.1.1 Sérheimild á 4 metrum .....	93
9.1.2 Sérheimild á 160 metrum .....	93
9.1.3 Heimild á 6 metrum .....	94
9.1.4 Heimild á 2 metrum .....	96
9.2 Nýjar tíðniheimildir.....	96
<b>9a ÁKVARÐANIR PFS 2019 NR. 17 OG 24</b> .....	97
9a.1 Bráðabirgðaákvörðun nr. 17/2019 og Ákvörðun nr. 24/2019 .....	97
<b>10. ENDURVARPAR, STAFVARPAR, RADÍÓVITAR</b> .....	101
10.1 Yfirlit.....	101
10. 1.1 Endurvarpar.....	102
10. 1.2 Stafvarpar .....	105
10. 1.3 Radíóvitar.....	106
<b>11. ERLENDIR GESTIR Í SKELJANESI</b> .....	107
<b>12. GJAFIR TIL ÍRA Á STARFSÁRINU</b> .....	113
12.1 Stacco stólar í fundarsal, 6. mars.....	113
12.2 Festing fyrir New-tronics Hustler 4-BTV loftnet, 16. mars.....	113
12.3 Eldingarvarar, 16. júní.....	114
12.4 Radíódót, ýmislegt, 11. júlí.....	114
12.5 Loftnetsturn, 12 metra hár, 27. júlí.....	116
12.6 Veggfesting og loftnetsdiskar, 8. ágúst/1. október.....	117
12.7 Nýtt vinnuborð fyrir gervihnattastöð, 22. ágúst .....	119
12.8 Leðurstólar og bækur, 29. ágúst.....	119
12.9 Yaesu SMB-201 borðfesting fyrir FT-7900, 23. september .....	121
12.10 HP 27“ tölvuborðskjár, 14. október .....	121
12.11 Stóll í fjarskiptaherbergi, 17. október.....	122
12.12 Veggklukka í sal, 19. október.....	122
12.13 LED veggklukka í fjarskiptaherbergi, 31. október.....	123
12.14 Hægindastóll, 9. janúar (2020).....	123
12.15 Uptaka af síðustu sendingu frá Gufunes radíó á morsi á 500 kHz .....	124
<b>VIÐAUKI A FUNDARGERÐIR STJÓRNAR 2019/20</b> .....	125
<b>VIÐAUKI B ÝMIS GÖGN ER VARÐA STARFSÁRIÐ 2019/20</b> .....	157
<b>SÓLARLAG Í SKELJANESI</b> .....	167

# STJÓRN ÍRA STARFSÁRIÐ 2019-2020



*Jónas Bjarnason TF3JB formaður, Heimir Konráðsson TF1EIN varastjórn, Sæmundur E. Þorsteinsson TF3UA varastjórn, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Óskar Sverrisson TF3DC varaformaður, Georg Magnússon TF2LL ritari og Guðmundur Sigurðsson TF3GS meðstjórnandi. Myndin var tekin fyrir utan félagsaðstöðuna í Skeljanesi 11. júní 2019. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.*

# Formáli

## JÓNAS BJARNASON, TF3JB

Starfsemi félagsins Íslenskir radióamatörar gekk vel á starfsárinu 2019/20. Samhent stjórn náði góðum árangri við uppbyggingu félagsins sem hófst á fyrra starfsári (2018/19). Stjórn félagsins hefur jafnt notið góðrar aðstoðar embættismanna og almennra félaga sem hefur skilað sér í fjölbreyttu og lifandi félagsstarfi.



Á þessu síðara starfsári hefur áfram verið unnið að því að treysta sambandið við félagana. Aðferðin er einföld, að líta björtum augum til framtíðar og missa ekki sjónar á því að félagsmennirnir eru dýrmætasta „eign“ hvers félags. Þessi grundvallarstefnumörkun hefur reynst vel.

Á nýliðnu jólakaffi ÍRA sem haldið var þann 19. desember var góð aðsókn og var salurinn í Skeljanesi fullsetinn. Einn af eldri félögum okkar, sem kom á þetta síðasta opnunarkvöld ársins, orðaði jákvæð ummæli sín á þá leið að það hafi ríkt „svo mikil ánægja og gleði í hópnum“. Umsögn sem þessi segir allt sem segja þarf.

Það er ánægjulegt að geta skýrt frá því að fjölgun félagsmanna er staðreynd á þessu starfsári, 2019/20 sem og á því fyrra. Félagar, sem áður höfðu horfið frá félaginu, koma nú til liðs við okkur á ný. Fjölgun félagsmanna er besti mælikvarðinn á vel heppnað starf í einu félagi. Það gerist þegar eftirsóknarvert er að slást í hópinn. Að mínu mati hefur ÍRA á að skipa fólki sem hefur hæfni til að takast á við væntingar þessa hóps og í því ljósi bjóðum við nýja félagsmenn velkomna af heilum hug.

Persónulega, hefur því fylgt góð tilfinning að starfa áfram fyrir félagið þetta síðara félagsár, en undirritaður kom til starfa á ný í embætti formanns á aðalfundi 2018. Þá voru liðin fimm ár frá fyrri formannstíð, eftir að hafa gengt embætti um fjögurra ára skeið, 2009-2013. Þetta er sagt í ljósi þess, að lifandi áhugi félaganna er hvetjandi, hefur góð áhrif og eflir heildina. Þegar við vinnum saman er svo auðvelt að ná árangri.

Hér verður ekki sérstaklega fjallað um einstök störf stjórnar þar sem þeim þætti eru gerð skil í skýrslu þessari. Þó langar mig að nefna örfá atriði úr starfinu á félagsárinu 2019/20.

- **Í fyrsta lagi**, félagsblaðiðið CQ TF sem var endurreist á fyrra starfsári (2018) eftir fimm ára hlé. Það hélt áfram að eflast og kom út fjölbreyttara og stærra í ár, alls fjögur tölublöð. Útgáfustarfið var síðan stutt með skipan ritnefndar. Sérstaklega ber að þakka framlag félagsmanna sem sendu inn efni og vinnu þeirra Sigurbjörns Þórs Bjarnasonar, TF3SB, ritstjóra og Vilhjalms Í. Sigurjónssonar, TF3VS, sem annaðist uppsetningu og frágang. Áframhaldandi fábærar viðtökur félagsmanna hafa ítrekað sýnt, að endurreisn CQ TF var hárrétt ákvörðun.
- **Í öðru lagi**, félagsaðstaðan í Skeljanesi sem ár hvert er eitt af „stóru“ verkefnum félagsins og var jafnt og þétt unnið að endurbótum á aðstöðunni á starfsárinu. Félagsstarfinu var mikill styrkur af stórgjöf sem okkur barst í vor. Það voru 25 vandaðir stórar af Stacco gerð til notkunar í fundarsal. Það var Haukur Þór Haraldsson, TF3NA, sem færði félaginu þessa nytsömu gjöf 6. mars. Þessi húsbúnaður hefur gjörbreytt aðstöðunni til hins betra fyrir félagsmenn og gesti þegar haldnir eru fundir og fyrirlestrar. Þessu til viðbótar, ber að nefna umtalsverðar framkvæmdir sem áttu sér stað í fjarskiptaherbergi félagsstöðvarinnar. Uppsetning sérhæfðar gervihnattastöðvar var mikið verkefni. Heiðurinn af þeirri vinnu á Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Georg Kulp, TF3GZ sem aðstoðaði vel.

- **Í þriðja lagi**, vetraráætlun ÍRA sem er kjarnaþáttur í félagsstarfinu. Þetta metnaðarfulla verkefni, sem var endurvakið eftir fimm ára dvala á fyrra starfsári (2018), var eftt á árinu með fjölgun viðburða. Þess er jafnan gætt að bjóða upp á vandað og fjölbreytt efni og var svo einnig nú. Lætur nærri að 40 viðburðir hafi verið í boði í ár. Erindi í boði voru mjög vel sótt, en tvö þó sérstaklega (að öðrum ólöstuðum). Það voru erindi Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX, þann 4. apríl; „Radiótækni í árdaga“ og erindi Yngva Harðarsonar, TF3Y, 7. nóvember; „Að minnka truflanir í móttöku í HF fjarskiptum“. Báðir fyrirlesarar fylltu fundarsalinn í Skeljanesi.
- **Í fjórða lagi**, ber að geta stuttlega um starfsáætlun stjórnar sem er einskona stefnuyfirlýsing við upphaf hvers starfstímabils. Hún var kynnt í CQ TF sem kom út 30. júní. Þar er tekið á helstu þáttum í rekstri félagsins og sett fram verkáætlun nýrrar stjórnar fyrir komandi starfsár. Samanborið við fyrra ár (2018) var starfsáætlun félagsins ekki síður metnaðarfull í ár. Hún hefur reynst okkur raunhæfur og virkur vegvísir í félagsstarfinu og um leið upplýsandi þáttur fyrir félagsmenn um starfið framundan. Áætlunin er birt í heild í Viðauka-B með skýrslunni.
- **Í fimmta lagi**, er ánægja að fjalla um vel heppnað námskeiði félagsins til amatörprófs sem hófst í október í Háskólanum í Reykjavík og lauk með prófi í desember. Tíu sátu próf Póst- og fjarskiptastofnunar þann 14. desember og náðu átta fullnægjandi árangri til amatöreysis. Þeir hafa allir tekið út kallmerki hjá PFS þegar þetta er skrifað og er þeim óskað innilega til hamingju. Ástæða er jafnframt til að þakka Prófnefnd ÍRA, leiðbeinendum, umsjónarmanni námskeiða félagsins og öðrum sem komu að verkefni, enda liggur mikil vinna að að baki hvers námskeiðs sem er unnin í sjálfboðavinnu eins og allt annað starf fyrir félagið.
- **Í sjötta lagi**. Á starfsárinu hefur félagið fetað sig nær eiginlegu ungmennastarfi. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, sem var skipuð í embætti ungmennafulltrúa ÍRA þann 16. janúar s.l., var mikið á ferðinni frá heimili sínu í Hollandi, en þangað hún fluttist búferlum í ársbyrjun. Hún sótti mót ungra radióamatöra í Finnlandi, Þýskalandi og Búlgaríu og flaug svo heim yfir hátíðarnar og virkjaði TF3YOTA frá Skeljanesi í desember s.l. og hafði yfir 1000 sambönd. Elín hefur brátt verið eitt ár í embætti og væntir félagið mikils af framlagi hennar á þessum vettvangi sem lofar góðu.

Fleira áhugavert mætti telja upp, en þar sem starfsemi eru gerð góð skil í árskýrslu þessari, er vísað á þá umfjöllun. Skýrslan er hvorutveggja lögð fram á prentuðu formi á aðalfundi 2020 og birt á PDF formi á heimasíðu ÍRA á netinu eftir fundinn. Þegar ég gegndi fyrst embætti formanns (2009-2013) hóf ég útgáfu á ítarlegri skýrslu formanns um starfsemi félagsins en áður hafði sést. Áfram var haldið á þeirri braut í fyrra (2018) og er svo einnig að þessu sinni fyrir starfsárið 2019/20. Skýrslan í ár er þó líklega viðamest þeirra allra.

Stjórn ÍRA og embættismenn átta samskipti og samstarf við fjölmarga á starfsárinu. Eðlilega eru okkar eigin félagsmenn fjölmennastir í þeim hópi, en ástæða er til að nefna farsæl samskipti við starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar, aðra opinbera aðila, stofnanir og samtök hér á landi og erlendis, að ógleymdum forsvarsmönnum aðila sem félagið deilir með húsnæði í Skeljanesi. Hér með er komið á framfæri þakklæti og hlýjum kveðjum fyrir okkar hönd til þessa hóps.

Að lokum vil ég sérstaklega þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn ÍRA, hverjum og einum, frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkyrningu í öllum samskiptum er varða málefni félagsins.

Reykjavík 15. febrúar 2020,

Jónas Bjarnason, TF3JB,  
formaður stjórnar ÍRA.



# 1. Stjórn, embættismenn og fundir

## AÐALFUNDUR, STJÓRN, EMBÆTTISMENN OG FUNDIR

### 1.1 AÐALFUNDUR OG STJÓRN

Aðalfundur ÍRA 2019 var haldinn laugardaginn 16. febrúar í fundarsal Radisson Blu Hótel Sögu í Reykjavík. Embættismenn fundarins voru kjörnir þeir Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, fundarstjóri og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, fundarritari. Alls sóttu 33 félagsmenn fundinn. Fundurinn var settur kl. 13:10 og slitið kl. 14:30.




*Frá setningu aðalfundar ÍRA árið 2019 þann 16. febrúar. Jónas Bjarnason TF3JB, formaður félagsins, flutti skýrslu um starfsemina 2018-2019, sem jafnframt var lögð var fram á prentuðu formi. Hann þakkaði stjórnar- og embættismönnum félagsins sem og félagsmönnum frábært samstarf og stuðning á starfsárinu. Ljósmyndir: Kristján Benediktsson TF3KB.*



Í samræmi við 22. gr. félagslaga<sup>1</sup> fór fram kjör í stjórn fyrir starfsárið 2019-2020. Einn var í kjöri til formanns, Jónas Bjarnason, TF3JB og var hann endurkjörinn með lófaklappi. Guðmundur Sigurðsson TF3GS og Jón Björnsson, TF3PW voru kjörnir til setu í stjórn til 2 ára. Varamenn til 1 árs voru kjörnir þeir Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA (endurkjörinn) og Heimir Konráðsson, TF1EIN; allir með lófaklappi.

Fyrir sitja í stjórn þeir Óskar Sverrisson, TF3DC og Georg Magnússon, TF2LL, sem sitja sitt síðara ár. Félagsgjald var samþykkt óbreytt fyrir 2019/20, 6.500 krónur.



Gögn sem lögð voru fram á aðalfundi ÍRA 2019 á prentuðu formi: (1) Dagskrá fundarins; (2) sérprentun á lögum félagsins; (3) Skýrsla formanns um starfsemi ÍRA 2018/19 (136 bladsíður að stærð); Ársreikningur fyrir almanaksárið 2018 og skýrsla prófnefndar til aðalfundar. Að auki fylgdu með í möppu aðalfundargesta, bílrúðulímiðar með félagsmerki ÍRA. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Ný stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum sem haldinn var í Skeljanesi 26. febrúar. Eftir skiptingu embætta var stjórn skipuð eftirfarandi starfsárið 2019/20: Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður; Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður; Georg Magnússon, TF2LL, ritari; Jón Björnsson, TF3PW, gjaldkeri, Guðmundur Sigurðsson meðstjórnandi og Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA og Heimir Konráðsson, TF1EIN, varastjórn.<sup>2</sup> Formaður og varastjórnarmenn eru kjörnir til eins árs á aðalfundi. Fundargerð aðalfundar og önnur fundargögn voru birt í 2. tbl. CQ TF, 2019.



Mynd af nýjum stjórnarmönnum sem var tekin eftir aðalfund 2019. Jónas Bjarnason TF3JB formaður, Óskar Sverrisson varaformaður, Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri, Guðmundur Sigurðsson TF3GS meðstjórnandi, Georg Magnússon TF2LL ritari, Heimir Konráðsson TF1EIN varamaður og Sæmundur Þorsteinsson TF3UA varamaður. Ljósmynd: TF3KB.

<sup>1</sup> 22. grein. Fyrst skal kjósa formann til eins árs í senn. Næst skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Þá skal kjósa til eins árs í stað aðalmanna sem forfallast. Loks skal kjósa tvo varamenn.

<sup>2</sup> 9. grein (fyri hluti greinarinnar). Stjórnina skipa: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Stjórnin hefur umboð aðalfundar til að stýra félaginu og sjá um samskipti við yfirvöld og önnur samtök. Stjórnin skiptir með sér verkum og setur aðstoðarmenn með skriflegri tilskipun. Þessu skal lokið svo fljótt sem auðið er og tilkynnt félagsmönnum. Einnig skal tilkynna skipun stjórnar til Póst- og fjarskiptastofnunar, IARU og NRAU.

## 1.2 STJÓRNARFUNDIR

Stjórn ÍRA hélt alls 8 formlega fundi á starfsárinu 2019/20, auk stjórnarskiptafundar. Fyrsti fundur (fundur 1) var haldinn 26. febrúar 2019 og síðasti fundurinn (fundur 8) 3. febrúar 2020. Allir fundir voru haldnir í Skeljanesi.

Auk formlegra stjórnarfunda sem eru taldir upp í meðfylgjandi töflu, voru haldnir óformlegir fundir stjórnarmanna sín á milli og/eða með embættismönnum, eftir þörfum.

Í samræmi við ákvæði í 9. gr. félagslaga<sup>3</sup> voru samþykktar fundargerðir stjórnar hengdar upp jafn óðum í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.<sup>4</sup> Að auki, voru fundargerðir stjórnarfunda birtar í CQ TF. Þá eru fundargerðir starfsársins birtar í Viðauka-A með skýrslu þessari, sem er lögð fram á prentuðu formi á aðalfundi 2020. Að liðnum aðalfundi er skýrslan aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu félagsins.

*Yfirlit yfir fundi stjórnar ÍRA á starfsárinu 2019/20.*

STJÓRNARFUNDIR	DAGSETNING	FUNDARSTAÐUR
Stjórnarskiptafundur	26. febrúar	Skeljanes
Fundur 1/2019	26. febrúar	Skeljanes
Fundur 2/2019	26. mars	Skeljanes
Fundur 3/2019	11. júní	Skeljanes
Fundur 4/2019	8. júlí	Skeljanes
Fundur 5/2019	30. september	Skeljanes
Fundur 6/2019	5. nóvember	Skeljanes
Fundur 7/2019	11. desember	Skeljanes
Fundur 8/2020	3. febrúar	Skeljanes

## 1.3 EMBÆTTISMENN

Trúnaðarmenn félagsins starfsárið 2019/20 voru alls 41 talsins. Á aðalfundi 2019 var kosið í 10 embætti og stjórn skipaði (eða endurskipaði) í 31 embætti, sbr. töflu (aftar í þessum kafla).

Í samræmi við 19. gr. laga, fór fram kjör á skoðunarmönnum reikninga á aðalfundi fyrir starfsárið 2019/20. Þessir hlutu kjör: Yngvi Harðarson, TF3Y, Haukur Konráðsson, TF3HK og Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson, TF3VS, til vara. Allir hlutu endurkjör frá fyrra ári.

Stjórn ÍRA skipaði síðan (eða endurskipaði) í önnur embætti innan félagsins vegna nýs starfsárs á stjórnarfundi nr. 1/2019 (26. febrúar) og á fundi nr. 3/2019 (11. júní).

Mismunandi er hversu lengi embættismenn sinna trúnaðarstörfum fyrir félagið í tilteknum embættum eða nefndum, enda áhugi og tími aflögu til að sinna félagsmálum mismunandi eftir aðstæðum hvers og eins. Það er stefna stjórnar ÍRA að mikilvægt sé að hafa festu í störfum félagsins og hrófla ekki við embættisskipan ef félagsmaður er ánægður í embætti og stjórn félagsins álitur að störf hans í nafni félagsins séu vel úr hendi leyst.

Embætti sem eiga sér stoð í lögum félagsins með tilheyrandi sérákvæðum, eru Prófnefnd, EMC nefnd, QSL stjóri, ritstjóri CQ TF og vefstjóri.

<sup>3</sup> 9. grein (hluti greinarinnar sem m.a. varðar fundargerðir). Ritari sér til þess að bréflög erindi fái afgreiðslu, sinnir fundargerðum og heldur gögnum til haga. Skrifri aðrir í nafni félagsins er þeim skylt að láta ritara í té eintak. Ritari sér til þess að afrit af fundargerðum og erindum sem varða marga liggi jafnóðum fyrir í félagsheimili.

<sup>4</sup> Samþykktar fundargerðir voru jafnframt settar til á þar til gert vefsvæði á heimasíðu félagsins, ira@ira.is.

**Prófnefnd.** Nefndin er skipuð fimm mönnum. Sérákvæði er um leyfisbréf og útskiptingu, sbr. 24. gr.<sup>5</sup> Líkt og fram kemur í greininni velur nefndin sér sjálf formann.

**EMC nefnd.** Nefndin er skipuð 3 mönnum. Sérákvæði er um útskiptingu, sbr. 25. gr.<sup>6</sup> Líkt og fram kemur í greininni velur nefndin sér sjálf formann.

**QSL stjóri.** Sérákvæði er um fjármál, sbr. 26. gr.<sup>7</sup>

**Ritstjóri CQ TF.** Sérákvæði er um umsjón með söfnum blaðanna, sbr. 27. gr.<sup>8</sup>

**Vefstjóri.** Sérákvæði er um uppfærslur vefsins, sbr. 28. gr.<sup>9</sup>

Ný embætti/nefndir sem stofnað var til og/eða endurskipað var í á starfsárinu 2019/20 eru eftirfarandi: Ritnefnd CQ TF, Keppnisstjóri félagsstöðvar og Neyðarfjarskipti, tengiliður.

#### **Ritnefnd CQ TF.**

Ritnefnd CQ TF skipa, auk ritstjóra, formaður, varaformaður og umbrotsmaður blaðsins. Nefndarmenn eru: Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB; Jónas Bjarnason, TF3JB; Óskar Sverrisson, TF3DC og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS. Hlutverk ritnefndar er að vera ritstjóra til aðstoðar og stuðnings hvað varðar verkefni vegna félagsritsins CQ TF.

#### **Keppnisstjóri félagsstöðvar.**

Keppnisstjóri félagsstöðvar skipuleggur og stjórnar keppnisþátttöku frá TF3W (og öðrum kallmerkjum í keppnum frá Skeljanesi). Óskar Sverrisson, TF3DC, hlaut skipan í embættið og mun taka það að sér til að byrja með. Hugmyndin er, að hann móti embættið (sem ekki hefur verið virkt um langt árabíl). Fyrir liggur sú skoðun stjórnar, að stefna skuli að því að félagsstöðin verði virk á ný í sem flestum alþjóðlegum keppnum, enda er búist við að tækja- og loftnetaeign verði orðin vel frambærileg áður en langt um líður.

#### **Neyðarfjarskipti, tengiliður.**

Tengiliður neyðarfjarskipta annast samskipti við aðila innanlands sem utan í málefnum sem varða embættið, m.a. Ríkislögreglustjórn, almannavarnadeild, IARU Svæði 1 og aðra þá aðila og stofnanir þar sem íslenskir leyfishafar geta komið að liði, sbr. Reglugerð um starfsemi radíóáhugamanna nr. 348/2004 og breytingarreglugerð nr. 1306/2017. Fyrir liggur að ÍRA hefur ekki skipað í embætti neyðarfjarskiptastjóra síðastliðin sex ár, eða frá árinu 2013. Embætti tengiliðar þykir því henta betur hvað varðar aðkomu félagsins að málaflokknum nú um stundir. Jónas Bjarnason, TF3JB, hlaut skipan í embættið.

<sup>5</sup> 24. grein. Hlutverk prófnefndar félagsins: (1) Halda próf sem ÍRA er falin umsjón með. (2) Veita upplýsingar um prófkröfur og námsefni. Í prófnefnd sitja 5 menn, G-leyfishafar að meirihluta, skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

<sup>6</sup> 25. grein. Hlutverk EMC-nefndar félagsins (*e. Electro Magnetic Compatibility*): (1) Vera félagsmönnum til aðstoðar um EMC málefni, þ.á.m. truflanir. (2) Fjalla um EMC mál fyrir hönd félagsins sem geta komið frá Póst- og fjarskiptastofnun, IARU eða öðrum. (3) Starfa með stjórnvöldum að úrlausn EMC mála sem tengjast radíóamatörum, óski þau slíks samstarfs. (4) Stuðla að fræðslu félagsmanna um EMC. Í EMC nefnd sitja þrjú menn skipaðir af stjórn. Til að stuðla að festu í störfum nefndarinnar skal skipta út einum manni á ári hið mesta. Nefndin velur sér formann.

<sup>7</sup> 26. grein. Reka skal QSL þjónustu fyrir félagsmenn. QSL stjóri er skipaður af stjórn og fer með fjármál þjónustunnar. Reksturinn skal kostaður af hóflegu gjaldi á útsend kort.

<sup>8</sup> 27. grein. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum, en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.

<sup>9</sup> 28. grein. Félagið skal halda úti vefsíðu með heitinu „ira.is“. Stjórn skipar vefstjóra. Hann sér til þess að efni vefsins sé uppfært eftir þörfum og aðgengilegt félagsmönnum á hverjum tíma.

Stjórn og embættismenn ÍRA starfsárið 2019/20.

EMBÆTTI	NAFN	KALLMERKI	LEYFISBRÉF
<b>Kjörnir á aðalfundi</b>			
Formaður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Varaformaður	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
Ritari	Georg Magnússon	TF2LL	309
Gjaldkeri	Jón Björnsson	TF3PW	451
Meðstjórnandi	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
Varastjórn	Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	90
Varastjórn	Heimir Konráðsson	TF1EIN	177
Skoðunarmaður reikninga	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Skoðunarmaður reikninga	Haukur Konráðsson	TF3HK	215
Skoðunarmaður reikninga, til vara	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
<b>Skipaðir af stjórn</b>			
Prófnefnd, formaður	Vilhjálmur Þór Kjartansson	TF3DX	44
- prófnefnd	Kristinn Andersen	TF3KX	91
- prófnefnd	Þór Þórisson (hætti 31.12.2019)	TF1GW	126
- prófnefnd	Einar Kjartansson	TF3EK	308
- prófnefnd	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
EMC nefnd, formaður	Sæmundur E. Þorsteinsson	TF3UA	90
- EMC nefnd	Gísli Gissur Ófeigsson	TF3G	105
- EMC nefnd	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Ritstjóri CQ TF	Sigurbjörn Þór Bjarnason	TF3SB	69
- ritnefnd	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
- ritnefnd	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
- ritnefnd	Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson	TF3VS	235
Vefstjóri	Ölvir Styrr Sveinsson	TF3WZ	438
Viðurkenningastjóri	Brynjólfur Jónsson	TF5B	125
VHF stjóri	Ari Þórólfur Jóhannesson	TF1A	174
Stöðvarstjóri félagsstöðvar	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Keppnisstjóri félagsstöðvar	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
QSL stjóri TF ÍRA QSL Bureau	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Páskaleikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
VHF leikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
TF útleikar, umsjónarmaður	Einar Kjartansson	TF3EK	308
Umsjónarmaður námskeiða	Jón Björnsson	TF3PW	451
Umsjónarmaður félagsaðstöðu	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Umsjónarmaður endurvarpa	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
- umsjónarmaður endurvarpa	Sigurður Harðarson	TF3WS	218
- umsjónarmaður endurvarpa	Ari Þórólfur Jóhannesson	TF1A	174
PFS tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Neyðarfjarskipti, tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
IARU/NRAU tengiliður	Kristján Benediktsson	TF3KB	41
Ungmennafulltrúi	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ	434
YOTA verkefnisstjóri	Elín Sigurðardóttir	TF3EQ	434
- YOTA aðstoðarverkefnisstjóri	Árni Freyr Rúnarsson	TF8RN	447

## 1.4 STARFSHÓPAR, NEFNDIR OG FUNDIR ERLENDIS

### 1.4.1 Nordic Amateur Radio Union (NRAU).

Jónas Bjarnason, TF3JB og Óskar Sverrisson, TF3DC, hlutu skipan sem í stjórn og varastjórn *Nordic Amateur Radio Union, NRAU* þann 21. janúar 2019. Skipan fulltrúa ÍRA í þessi embætti hjá NRAU fylgisti að við skipan stjórnar ÍRA og er því óbreytt fyrir starfsárið 2019/20. Skýrt var frá þessu fyrirkomulagi munnlega á 1. fundi nýrrar stjórnar 2019/20, þann 26. febrúar. NRAU fundir eru haldnir eftir þörfum til skiptis á Norðurlöndunum. Ekki hefur verið haldinn formlegur fundur frá skipan þeirra TF3JB og TF3DC. Kristján Benediktsson, TF3KB, er IARU og NRAU tengiliður ÍRA.

### 1.4.2 IARU Svæði 1, fastanefnd um neyðarfjarskipti.

Jónas Bjarnason, TF3JB, hlaut skipan sem fulltrúi ÍRA í fastanefnd IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti þann 19. mars 2019. Fulltrúar 47 landsfélaga í IARU Svæði 1 eiga fulltrúa í nefndinni. Skýrt var frá þessari skipan munnlega á 3. fundi stjórnar þann 26. mars. Nefndin heldur formlegan fund a.m.k. einu sinni á ári í tengslum við Ham Radio sýninguna í Friedrichshafen. TF3JB sótti fund fastanefndar 2019 sbr. frásögn aftar í þessum kafla.

## 1.5 FUNDIR/VIÐBURÐIR ERLENDIS

Fjórir embættismenn félagsins sóttu fundi erlendis á starfsárinu 2019/20, þau Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi; Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU/ NRAU tengiliður; Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður og Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri.

### 1.5.1 NOTA; Nordics On The Air í Salo í Finnlandi.

Fyrsta árlegt Norðurlandamót ungra radióamatöra (e. *Nordic Subregional YOTA Camp*) var haldið páskahefina 19.-22. apríl 2019 í Salo í Finnlandi. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA sótti mótið.

Þátttakendur voru um 40 talsins frá öllum Norðurlöndunum, auk gesta frá öðrum Evrópulöndum. Dagskrá SRAL (finnska landsfélagsins) var vönduð og vel að öllu staðið, bæði í gistingu og mat. Elín var m.a. með erindi á dagskrá mótsins um ÍRA og Ísland.



Þátttakendur í YOTA viðburðinum NOTA Finnland; „Nordics On The Air“ 19.-22. apríl 2019. Elín Sigurðardóttir TF2EQ er í röð tvö, hægra megin við miðju. Ljósmynd: SARL.

### 1.5.2 YOTA viðburðir á Ham Radio í Friedrichshafen í Þýskalandi.

Ungmennafulltrúar landsfélaga í IARU Svæði 1 komu saman til fundar samhliða Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen í Þýskalandi 21.-23. júní 2019. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA var á staðnum og sótti viðburðina.

YOTA verkefnið var jafnframt í fyrsta sinn með sérstakan sýningarbás á sýningunni; hvorutveggja til að kynna og vekja athygli á YOTA (*Youngsters On The Air*) verkefninu í Svæði 1.



Þátttakendur á YOTA fundi ungmennafulltrúa landsfélaga radióamatöra í IARU Svæði 1 21.-23. júní 2019. Elín Sigurðardóttir TF2EQ er í næstneðstu röð. Ljósmynd: IARU Svæði 1.

### 1.5.3. Sumarbúðir YOTA í Búlgaríu.

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, sótti 9. sumarbúðamót YOTA í Búlgaríu 11.-17. ágúst 2019. Mótið var haldið í Bankya, nærri Sófíu. Þátttakendur voru um 80 talsins frá 27 þjóðlöndum, öðrum Norðurlöndum, sem og víðsvegar að úr Evrópu.

Landsfélag radióamatöra í Búlgaríu, BFRA, stóð fyrir mótinu og var dagskrá Búlgaranna vönduð og vel að öllu staðið, bæði í gistingu og mat sem var í boði BFRA.

Fánaborgin á móti YOTA í Búlgaríu 2019. Takið eftir íslenska fánanum. Ljósmynd: Markus Groß DL8GM.



Elín var m.a. með kynningu um ÍRA og Ísland. Kynning hennar var vel sótt og fékk hún margar fyrirspurnir.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ á flugvöllinum í Sófiu. BFRA sótti þátttakendur á flugvöllinn. Elín sagði að það hafi verið afar þægilegt þótt hún hafi komið úr tiltölulega stuttu flugi frá Hollandi. Ljósmynd: Markus Großer DL8GM.



#### 1.5.4 Milliráðstefna IARU Svæðis 1 í Austurríki 2019.

Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU/NRAU tengiliður ÍRA, sótti milliráðstefnu IARU Svæðis 1 í Austurríki 26.-28. apríl 2019. Alls sóttu 60 fulltrúar landsfélaga radióamatöra í Svæði 1 fundinn.



Mynd frá fundi í vinnuhóp C4 um HF málefni. TF3KB er aftarlega til vinstri á myndinni. Ljósmyndir: IARU R-1.



Mynd frá fundi í vinnuhóp C5 um VHF/UHF/MW málefni.

Svokölluð „milliráðstefna“ (e. *interim meeting*) er haldin það ár sem ekki eru haldnar eiginlegar ráðstefnur í Svæði-1 (sem er þriðja hvert ár). Fundurinn er ávallt haldinn í Vín í Austurríki og var svo einnig að þessu sinni, undir forsæti framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 og formanna vinnuhópanna C4/HF, C5/VHF/UHF/MW og C7/EMC um rafsegulsamhæfi. Sjá nánar grein TF3KB í 3. tbl. CQ TF 2019 (bls. 28-34).



Mynd frá fundi í vinnuhópi C7 um rafsegulsamhæfi.



### 1.5.5 IARU viðburðir/fundir á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen 2019.

Kristján Benediktsson, TF3KB, sótti móttöku formanns DARC, Steffen Schöppe, DL7ATE, fyrir fulltrúa landsfélaga IARU Svæðis 1, sem haldin var í Friedrichshafen að kvöldi 21. júní. Kristján flutti Steffen kveðju frá Íslenskum radióamatörum.

Kristján sótti einnig almenna móttöku DARC sem haldin var fyrir sýningargesti síðdegis 21. júní í aðalsal sýningarhallarinnar (Messe) á sýningarsvæðinu í útjaðri Friedrichshafen.

Kristján sótti ennfremur (ásamt TF3JB) fund í fastanefnd IARU Svæðis 1 um neyðarfjarskipti. Fundurinn, sem haldinn var að deginum til, 21. júní, var áhuga-verður og voru m.a. haldin sex erindi, sem neyðarfjarskiptastjórar landsfélaga radióamatöra í Austurríki, Bretlandi, Danmörku, Ítalíu, Ísrael og Þýskalandi fluttu.



Móttaka formanns DARC var haldin í viðhafnarsal SEEhotel í Friedrichshafen.



Frá fundi í fastanefnd IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen um neyðarfjarskipti 21. júní. Fremst á myndinni er TF3KB. Auk ÍRA, eiga fulltrúar 46 landsfélaga radióamatöra í Svæði 1 fulltrúa í nefndinni. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Kristján sótti ennfremur (ásamt TF3JB) fund fulltrúa landsfélaga radióamatöra í IARU Svæði 1 með framkvæmdastjórn, sem haldinn var 21. júní. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúa ÍRA sat ennfremur fundinn.

*Don Beattie G3BJ, formaður framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1, (með hljóðnema) og Hans Blondeel Timmerman PB2T, ritari framkvæmdastjórnar (sitjandi). Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.*





Frá fundi framkvæmdanefndar IARU Svæðis 1 í Friedrichshafen 2019. Framarlega til vinstri má sjá Jónas Bjarnason TF3JB, formann ÍRA. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

Fundurinn var áhugaverður og umræður fóru m.a. fram um tíðniákvörðunarráðstefnu ITU, World Radiocommunicaiton Conference (WRC-19), haldin 28. október til 22. nóvember, sem og næstu WRC ráðstefnu, sem haldin verður árið 2023.

Farið var yfir tillögur IARU fyrir ráðstefnuna 2019, sem að þessu sinni fjölluðu m.a. um að fá samþykkt samræmt 50 MHz band, 50-54 MHz, helst um allan heim. Töluverður tími fór í umfjöllun um truflanir inn á tíðnisvið radióamatöra, m.a. frá þráðlausri hleðslu rafbíla og helstu aðrar hættur sem steðja að tíðnisviðum radióamatöra um þessar mundir.

Þá var fjallað um næstu ráðstefnu IARU Svæðis 1 sem verður haldin í október 2020 í Novi Sad í Serbíu, um viðgang og vöxt áhugamálsins og um félagslega stöðu í aðildarfélaganna, sem og um framtíðarmálefni áhugamálsins.

### 1.5.6 Fundur AMSAT-DL um Es'Hail-2/P4A/ Oscar 100 gervitunglið.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri ÍRA, sótti kynningarfund um Es'hail 2 / Oscar 100, fyrsta amatörgervitunglið á staðbraut (*e. geostationary*) sem þýðir að það þarf engan stýribúnað því stefnan er alltaf sú sama, sem einfaldar mjög uppsetningu búnaðar. Að sama skapi eru móttöku- og senditíðnir alltaf þær sömu. Að sögn Ara var fundurinn fróðlegur og mjög lærdómsríkur.



Fundurinn um OSCAR 100 gervitunglið þann 22. júní var afar fjölsóttur, enda um fátt rætt eins mikið á meðal radióamatöra þessi misserin en nýja tunglið. Ljósmynd: DARC.

### 1.5.7 Aðrir fundir á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen 2019.



Á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen 21. júní. Frá vinstri: Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA, David G. Sumner K1ZZ, ritari IARU og Timothy St. John Ellam VE6SH, formaður IARU. Ljósmynd: Rod Stafford W6ROD.

Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður ÍRA, átti óformlegan fund með formanni IARU og ritara, Timothy St. John Ellam, VE6SH og David G. Sumner, K1ZZ. Degi síðar, 22. júní, átti hann óformlegan fund með Greg Mossop, G0DUB, neyðarfjarskiptastjóra IARU Svæðis 1. Báðir fundir voru áhugasamir, fróðlegir og nýtsamir.



Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA og Greg Mossop G0DUB neyðarfjarskiptastjóri IARU Svæðis 1. Ljósmynd: G7NEH.

### 1.5.8 Kostnaður félagssjóðs vegna ferða á fundi erlendis.

Ástæða er til að geta þess, að allar ferðir á vegum ÍRA á fundi erlendis á starfsárinu 2019/20 voru farnar í sjálfboðavinnu. Allur ferðakostnaður stjórnar- og embættismanna var greiddur af þeim sjálfum, án aðkomu félagssjóðs. Eina undantekningin er styrkur félagssjóðs til Elínar Sigurðardóttur, TF2EQ, ungmennafulltrúa félagsins að fjárhæð 45 þúsund krónur til að sækja *Nordics On The Air*, NOTA viðburðurinn í Finnlandi, 19.-22. apríl 2019.

### SVIPMYNDIR ÚR FÉLAGSSTARFINU.



Skeljanesi 18.10.2018. Ólvir Styrr Sveinsson TF3WZ, Óskar Sverrisson TF3DC, Þórður Adolfsson TF3DT, Elín Sigurðardóttir TF2EQ og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS (með bak í myndavél). Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Skeljanesi 24. okóber 2019. Guðrún Hannesdóttir TF3GD, Anna Henriksdóttir TF3VB og Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

## 2. Félagsaðstaðan í Skeljanesi

### FUNDARSALUR, FJARSKIPTAHERBERGI, KORTASTOFA OG SMÍÐAÐSTADA

Aðsókn að félagsaðstöðunni í Skeljanesi hefur aukist jafnt og þétt frá því ný stjórn tók við eftir aðalfundinn 2018. Og var svo áfram á yfirstandandi starfsári, 2019/20, enda hefur verið lagt kapp á að bæta aðstöðuna enn frekar, samhliða auknu framboði á vönduðum viðburðum á vetrardagskrám félagsins, vor og haust.

Í þessum kafla er farið yfir það helsta sem varðar félagsaðstöðuna, svo sem húsnæði og fjarskiptaaðstöðu, þ.m.t. loftnet. Umfjöllunin skiptist í framkvæmdir í fundarsal, framkvæmdir í fjarskiptaherbergi, gervihnattastöð, nýjungar í fjarskiptaherbergi og verkefni utanhúss. Umfjöllun er í tímarröð þar sem því er við komið.

#### 2.1 FRAMKVÆMDIR Í FUNDARSAL

Félaginu bárust að gjöf, 25 stólar til notkunar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi á árinu. Það var Haukur Þór Haraldsson TF3NA sem færði félaginu þessa nytsömu gjöf þann 6. mars.

Stólarnir eru af Stacco gerð, á krómaðri stálgrind og bólstraðir í baki og setu. Þeim fylgir sérhannaður geymsluvagn á hjólum, sem sjá má á meðfylgjandi ljósmynd. Þeir eru notaðir, en afar vel með farnir.

Eftir endurhönnun og enduruppröðun í fundarsal vantaði félagið einmitt fleiri stóla. Þessi höfðinglega gjöf kom sér því vel og kom á góðum tíma. Að viðbættum þeim stólakosti sem var fyrir, rúmar salur félagsins nú þægilega um 40 manns í sæti.

Vert er að rifja upp, að eldri aðstaða (þar sem myndvarpi var áður) var bæði þröng og óhentug og bauð aðeins upp á rými fyrir 12-15 manns, auk þess sem loftræstingu var ábótavant. Þar var mynd kastað á næsta vegg frá myndvarpa, enda ekkert sýningartjald. Að endurskipuleggja salinn var því eitt af stórum verkefnum síðustu stjórnar og fór sú vinna fram 25. nóvember til 6. desember (2018) með aðkomu og aðstoð fjölmargra félaga.

Tilkoma gjafar Hauks Þórs gerir aðstöðu í fundarsal ÍRA eins þægilega og aðstæður leyfa og voru nýju stólarnir teknir í notkun þegar daginn eftir, fimmtudaginn 7. mars.



Haukur Þór Haraldsson TF3NA færði ÍRA 25 vandaða fundarstóla að gjöf 6. mars. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Félagið fékk til afnota vandað sófasett og sófaborð í fundarsal á 1. hæð í Skeljanesi þann 30. júní. Eldra sófasettið hafði í raun verið til geymslu um 9 mánaða skeið í salnum þegar það var sótt, skömmu eftir páska. Nýja settið (sem er notað) er ekki síðra en það fyrra og í raun vandaðra og afar vel farið. Staðan í salnum er því á ný komin í „eðlilegt“ horf, samanber meðfylgjandi ljósmynd.



Myndin sýnir nýja sófasettið og nýja sófaborðið; hvorutveggja er staðsett á sama stað og það eldra var. Ljósmynd: TF3JB.

ÍRA fékk að gjöf vandaða leðurstóla til notkunar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi 29. ágúst. Það var Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, sem færði félaginu þessa nytsömu gjöf. Stólarnir komu í góðar þarfir og var fundinn staður í fundarsal á 1. hæð.



Leðurstólunum sem Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A færði félaginu að gjöf 29. ágúst var valinn staður í salnum í fundarsal félagsins. Þá daga sem hann notast undir fyrirlestra eru þeir færðir til að rýma fyrir fundarstólum. Ljósmynd: TF3JB.

Félaginu barst að gjöf veggklukka í salinn í Skeljanesi, þann 19. október. Forveri hennar á sama stað hafði hætt að ganga nokkru áður og við það mátti ekki búa. Félagi sem ekki vill láta nafns síns getið færði félaginu þessa klukku (nýja í pakningunni) og það þess að hún yrði sett upp í salnum. Nýja klukkan er mun stærri en sú sem fyrir var og má glögglega sjá á hana víðar að úr salnum. Bestu þakkir til viðkomandi fyrir hugulsemina.



Stór og ný veggklukka félagsins komin á sinn stað í salnum í Skeljanesi. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

## 2.2 FRAMKVÆMDIR Í FJARSKIPTAHERBERGI

Umtalsverðar framkvæmdir áttu sér stað í fjarskiptaherbergi TF3IRA (einkum) á tímabilinu frá 8. ágúst til 16. október, í tengslum við og vegna uppsetningar Kenwood TS-2000 stöðvarinnar fyrir fjarskipti um Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið.

Þessi vinna var m.a. innt af hendi vegna uppsetningar á þessum búnaði:

- 8. ágúst. Uppsetning veggfestingar, fyrir 85cm diskloftnet, frágangur á fæðilínum og stillingar.
- 20. ágúst. Uppsetning stöðvar og búnaðar innanhúss.
- 22. ágúst. Sett upp nýtt vinnuborð fyrir TS-2000 gervihnattastöð félagsins og búnað.
- 23. ágúst. Útskipting á fæðilínum fyrir aðrar tapsminni og stillingar.
- 28. september. Uppsetning á fjarskiptatölvu, SDR viðtæki og tenging á 17" borðskjá.
- 1. október. Útskipting á 85cm áldisk fyrir 120cm glertrefjadisk.
- 5. október. Frágangur á tengingum á fæðilínum við 120cm diskinn.
- 5. október. Tengdur 27" borðskrár við TS-2000 gervihnattastöðina (og skipt út skjáorti).
- 16. október. Gengið frá tækjahillu á nýtt vinnuborð fyrir gervihnattastöð og búnað.
- 17. október. Þriðji fjarskiptastóllinn af gerðinni Marcus fluttur að gervihnattaborði TF3IRA.

Líkt og sjá má af þessari upptalningu var töluvert framkvæmt hvað varðar búnað TF3IRA í ágúst, september og október. Þeir sem báru hitann og þungann af þessum verkefnum voru einkum Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins og Georg Kulp, TF3GZ. Aðrir sem komu að þessum verkefnum voru Jónas Bjarnason, TF3JB og Óskar Sverrisson, TF3DC. Ljósmyndir fylgja hér á eftir.



Georg Kulp TF3GZ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A ganga frá festingu, disk og köplum 8. ágúst. Ljósmynd: TF3JB.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A gengur frá uppsetningu stöðvar og búnaðar 20. ágúst. Ljósmynd: TF3JB.



Þótt ekki hafi endanlega verið búið að koma fyrir Kenwood TS-2000 stöðinni og búnaði til fjarskipta um OSCAR 100 gervitunglið er myndin birt, til að sýna nýtt vinnuborð sem félagið fékk að gjöf fimmtudaginn 22. ágúst og þeir Njáll H. Hilmarsson TF3NH, Baldvin Þórarinsson TF3-033 og Gunnar B. Helgason TF3-017 gerðu klárt með samsetningu þá um kvöldið. Þar með eru öll fjarskiptaborðin þrjú í fjarskiptaerbergi TF3IRA sömu stærðar, 150 x 75 cm. Ljósmynd: TF3JB



23. ágúst. Nýja fæðillínan kominn inn í fjarskiptaerbergið. Georg Kulp TF3GZ festir niður og gengur frá kaplinum. Ljósmynd: TF3JB



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A undirbýr framkvæmdir laugardaginn 23. ágúst. Ljósmynd: TF3JB.





28. september. Uppsetning á fjarskiptatölvum fyrir HF stöðvar og gervihnattastöð. Ljósmynd: TF3JB.

28. september. Uppsetning á búnaði við gervihnattastöð TF3IRA, m.a. SDR viðtæki og 17" borðskjá. Ljósmynd: TF3JB.



1. október. Nýr 120cm diskur kominn á veggfestinguna og unnið að stillingum. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Georg Kulp TF3GZ. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.



16. október. Georg Kulp TF3GZ vinnur við frágang hillunnar á nýja vinnuborðið fyrir Kenwood TS-2000 stöðina sem notast fyrir gervihnattafjarskipti TF3IRA. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



16. október. Hillan frágengin og búið að raða tækjum og aukahlutum á vinnuborðið. Glæsileg vinnuástaða. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.



17. október. Nýr stóll kominn í fjarskiptaherbergið. Allar vinnustöðvar þrjár eru nú búnar góðum og þægilegum stólum. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Félaginu barst að gjöf skrifstofustóll af gerðinni Markus frá IKEA þann 17. október. Á myndinni má sjá, að hann hefur verið staðsettur við nýja vinnuborðið fyrir gervihnattastöð félagsins. Fyrir voru í fjarskiptaherbergi félagsins tveir samskonar stólar sem félagssjóður festi kaup á 19. ágúst 2010. Stólarirnir eru þægilegir og hafa líkað mjög vel.

Vörulýsing IKEA er eftirfarandi: Hentugur fyrir skrifstofuna, þægilegur að sitja í á löngum vinnudögum. Stilltu hæðina til að sitja þægilega. Festanlegar stillingar til að auka stöðugleikann og til þess að stýra setstöðunni. Með bakstuðningi; léttir á og styður við bakið. Með hálsþúða; auka stuðningur við höfuð og háls. Möskvarnir á bakinu hleypa lofti í gegn um sig og að bakinu á þér þegar þú situr lengi. Stóllinn er að hluta til úr gervileðri og bakáklæði er úr pólýester, en áklæði á slitflötum er úr gegnumlituðu nautaleðri.

## 2.3 GJAFIR TIL TF3IRA

Auk gjafa til félagsins og félagsstöðvarinnar sem sagt er frá framar í kaflanum, ber að geta um eftirtaldir gjafir:

Góð gjöf var móttækin fyrir hönd ÍRA laugardaginn 27. júlí. Um er að ræða 12 metra háan þristrendan loftnetsturn sem er samsettur úr 4 einingum. Turninn, sem er úr áli, er afar meðfærilegur. Hann hafði verið í geymslu utandyra í nokkurn tíma (eins og sjá má á myndinni), en auðvelt er að spúla einingarnar og þá lítur hann út eins og nýr. Boltar fylgja með fyrir samsetningu og varahlutir, gerist þörf á slíku í framtíðinni. Það er félagsmaður okkar, Jón E. Guðmundsson, TF8-Ø2Ø, sem gefur félaginu turninn sem mun koma í góð not fyrir TF3IRA.



Jón E. Guðmundsson TF8-Ø2Ø setur aukahluti (varahluti) sem fylgja tuginum um borð í kerruna. Aftast grillir í Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33, sem gengur frá og raðar einingunum. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Félagið tók á móti gjöf til félagsstöðvarinnar TF3IRA þann 23. september. Það var YAESU SMB-201, sem er sérhönnuð borðfesting með innbyggðri viftu fyrir YAESU FT-7900E, VHF/UHF stöð félagsins.

SMB-201 þarf ekki að skrúfa niður í borðplötuna því hún er búin sérstökum gúmmífótum, sem gerir stöð og festingu mjög stöðuga. Þá er kæliviftan í borðfestingunni mun stærri heldur en innbyggða viftan í stöðinni, þannig að vart heyrir í henni þegar hún fer í gang samanborið við þá minni. Gjöfin var strax tekin í notkun í fjarskiptaherberginu.



YAESU FT-7900E stöðin og SMB-201 borðfestingin eftir að búið var að ganga frá samsetningu. Umrædd kælivifta og gúmmífætur sjást vel á myndinni. Þess má geta, að SMB-201 fylgir sérstakur aflagji.

Til hægri má sjá APRS búnað TF3IRA-1Ø, sem er ICOM IC-208H VHF/UHF stöð ásamt GW-1000 APRS Total Solution frá CG-Antenna. Ljósmynd: TF3JB.

## 2.4 VINNA Í FJARSKIPTAHERBERGI; TÖLVUR, FORRIT OG FLEIRA

Dagana 26. september, 28. september, 5. október og 2. nóvember vann Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins, að tengingu á tölvum og stöðvum í fjarskipta-herbergi TF3IRA. Icom IC-7300, IC-7610 og Kenwood TS-2000 stöðvarnar eru nú allar tengdar við tölvur og fjarskipta-forritið Ham Radio Deluxe HRD.

Félagssjóður festi kaup á HRD forritinu í byrjun október, en fram til þess tíma höfðu hin ýmsu dagbókarforrit verið í notkun fyrir TF3IRA.

Miðað er við að Ham Radio Deluxe verði notað fyrir öll hefðbundin fjarskipti félagsstöðvarinnar, þ.á.m. dagbókarfærslur. Forritið getur jafnframt haldið utan um bókhald fyrir hinar ýmsu viðurkenningar, DXCC, WAZ, WPX og fleiri. Að auki má jafnframt nota það til að stýra sendibúnaði á morsi, stafrænum tegundum útgeislunar o.fl. Fyrir mors og talkeppnir er fyrirhugað að nota Win-Test forritið, en önnur forrit koma til greina fyrir RTTY.



*Dell Optiplex 7010 tölvurnar sem voru afhentar félaginu 13. nóvember (2018) uppsettar og yfirfarnar af Ólvi Styrir Sveinssyni, TF3WZ, hafa verið tengdar.*

### 2.4.1 Standar fyrir tölvuskjái.

Dagana 14. og 21. nóvember voru fest kaup á tveimur hreyfanlegum borðstöndum fyrir tölvuskjái sem voru settir upp sömu daga. Eftir þessa viðbót eru tveir skjáir á stöndum á borði fyrir IC-7300 stöðina og annar skjáanna á borði fyrir IC-7610 stöðina. Ennfremur voru keypt tvö skjákort í tölvur félagsins og sá Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, um frágang.



*Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A gengur frá og tengir nýtt skjákort í tölvuna við vinnuborð fyrir IC-7610. Þórður Adólfsson TF3DT og Vilhjálmur I. Sigurjónsson TF3VS fylgjast með. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.*




Jón Björnsson TF3PW gengur frá festingu og köplum við uppsetningu á tölvustandinum við IC-7610.

Allt saman frágengið og mjög til þæginda að geta lyft skjánum í augnahæð. Óskar Sverrisson TF3DC var ánægður. Ljósmyndir: TF3JB.

#### 2.4.2 Kup á nýjum aflgjafa fyrir IC-7300.

Í ágúst í fyrra (2018) voru keyptir tveir nýir Diamond aflgjafar í fjarskiptaherbergi félagsins af gerðinni GSV3000. Hugmyndin var þá var að notast við eldri aflgjafa sem áður hafði verið tengdur við endurvarpa félagsins við IC-7300 stöðina. Af ýmsum ástæðum var ákveðið hverfa frá þeirri hugmynd og þess í stað, að festa kaup á nýjum aflgjafa fyrir þá stöð og var það samþykkt á stjórnarfundum þann 11. desember. Hann kostaði hann 30 þús. krónur og kom í hús fyrir jól. Eftir þessa breytingu eru samskonar aflgjafar á vinnuborðunum þremur í fjarskiptaherbergi félagsins.



Nýi Diamond GSV3000 aflgjafinn kominn á sinn stað (lengst til vinstri á hillunni). Lengst til hægri má sjá BenQ skjáinn kominn á hreyfanlegan stand sem er mjög til þæginda. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

### 2.4.3 Kaup á APRS búnaði.

Á stjórnarfundum þann 30. september var samþykkt að kaupa búnað fyrir sambyggða stafavarpa- og internetgátt fyrir skilaboða- og ferilvöktunarkerfið (APRS), sem félagið hafði haft að láni frá 15. desember 2018. APRS kallmerkið TF3IRA-1Ø er notað og hefur verið QRV frá Skeljanesi frá þeim tíma. Um er að ræða:

- ICOM IC-208H, VHF/UHF FM stöð. Sendir er 55/15/5W á 2 metrum og 50/15/5W á 70cm.
- APRS búnaður: GW-1000 (APRS Total Solution) frá CG-Antenna.
- MW aflgjafi 13.8VDC / 30A.

Seljandi var Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og kaupverð var 30 þúsund krónur.



### 2.5 VHF/UHF LOFTNET HÆKKIÐ

Laugardaginn 11. maí voru menn árrisulir og var mætt í Skeljanesi í morgunkaffi. Verkefni dagsins var að færa og setja Diamond SX-200N VHF/UHF loftnet TF3IRA á nýja festingu. Veður var eins og best verður á kosið, sól og vart ský á himni en nokkuð napurt eða um 6°C.

Loftnetið hafði fyrst verið sett upp á bráðabirgðafestingu 29. september (2018) og síðan á nýja öflugna veggfestingu 15. desember (2018). Nýja festingin var hins vegar burðarminni þannig að loftnetið lækkaði nokkuð frá því sem áður var. Það hafði m.a. þau áhrif, að ekki náðist að opna endurvarpann Búra á 2 metrum. Þessu var kippt í liðinn þegar Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Georg Kulp TF3GZ og Jónas Bjarnason TF3JB, mættu í félagsaðstöðuna til góðra verka framangreindan laugardagsmorgun.

Skemmst er frá því að segja, að verkefnið heppnaðist vel og Búri kemur nú inn í Skeljanesi ca. S5 á mæli, enda er loftnetið a.m.k. 1 metra hærra en áður. Þórður Adolfsson, TF3DT og Wilhelm Sigurðsson, TF3AWS aðstoðuðu við prófanir á 2 metrum og 70 sentímetrum eftir færslu netsins.

*Diamond SX-200N loftnetið komið upp á nýja veggfestingu. Ákveðið var að eiga gömlu festinguna (til vinstri) til góða í framtíðinni. Hægra megin (sést ekki á mynd) er J-pól loftnetið sem APRS stöð félagsins (TF3IRA-1Ø) notar. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.*



## 2.6 HF LOFTNET SETT UPPIR TF3IRA

Þeir Guðmundur Sigurðsson, TF3GS, Georg Magnússon, TF2LL og Óskar Sverrisson, TF3DC mættu í Skeljanes 2. júlí eftir vinnu og settu upp New-Tronics Hustler 4-BTV stangarloftnet fyrir TF3IRA. Loftnetið vinnur á 10, 15, 20, 40 og 80 metrum.

Gengið var frá uppsetningu á nýja festingu sem TF2LL hannaði og smíðaði, sem og radiólum (en þakið er ryðgað og menn telja tryggara að hafa mótvægið í lagi), auk þess sem netið var vel stagað. 4-BTV kemur í stað SteppIR BigIR stangarloftnets sem féll og skemmdist í óveðri í nóvember (2018). Mögulegt reyndist að nota fæðilínuna frá eldra netinu og kemur loftnetið vel út á öllum böndum.



Loftnetsvinna í 15°C sumari. Frá vinstri: Óskar Sverrisson TF3DC, Georg Magnússon TF2LL og Guðmundur Sigurðsson TF3GS. Ljósmynd: TF3JB.



Kaffipásan var m.a. notuð til að sníða og ganga frá radiólum fyrir loftnetið. Frá vinstri: Guðmundur Sigurðsson TF3GS, Georg Magnússon TF2LL og Óskar Sverrisson TF3DC. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Loftnetsfestingin er sterkbyggð, sandblásin og zinkhúðuð. Auðvelt er að fella loftnetið þegar vinna þarf við það, aðeins að losa einn bolta. Ljósmyndir: Georg Magnússon TF2LL.

## 2.7 INNKAUP Á LOFTNETUM OG AUKAHLUTUM

Sendingar af aukahlutum og loftnetum fyrir félagsstöðina TF3IRA voru teknar upp í Skeljanesi síðdegis þann 2. maí.

Fyrri sendingin var frá Vibroplex í Bandaríkjunum: 2 stk. sambyggð Inrad W1 heyrnartól með hljóðnemasþöng, með tengjum fyrir Icom 7300, ICOM 7610 og Kenwood TS-2000 söðvarnar. Með höfuðtölunum fylgdu tveir Inrad M-FS fótrofar.

Síðari sendingin var frá HyEndCompany í Hollandi; 3 stk. HyEndfed vírloftnet fyrir 160m, 40m og 80m og 30m og 40m böndin. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var vörunum pakkað vandlega upp til að ganga úr skugga um að allt fylgdi með. Heimild fyrir kaupunum var veitt á stjórnarfundi nr. 2/2019. Óskar Sverrisson, TF3DC, annaðist pantanir.



Stjórnarmenn voru ábúðarmiklir við verkið. Frá vinstri Georg Magnússon TF2LL, Jón Björnsson TF3PW og Óskar Sverrisson TF3DC. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Inrad W1 höfuðtólin fá 4,5 í einkunn á eHam.net.



Myndin er af Inrad M-FS fótrofanum.



## 2.8 FLUG RADAR VIÐTAKA SETT UPP Í SKELJANESI

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins og Georg Kulp, TF3GZ, settu upp ADSB loftnet fyrir flug radar og 1 GHz viðtæki í Skeljanesi 15. október. Búnaðurinn nemur merki frá flugvélum. Skoða má á heimasíðu viðtækisins þau svæði sem hann þekur. Vefslóðin er [adsb.utvarp.com](http://adsb.utvarp.com)

Loftnetið var sett upp vestanmegin á húsið, en viðtækið er staðsett í fjarskiptaherbergi TF3IRA, tengt við 24“ borðskjá. Búnaðurinn (sem er félaginu að kostnaðarlausu) kemur vel út að sögn TF1A og var hann ánægður með útkomuna eftir fyrstu prófanir.



Georg Kulp TF3GZ gengur frá festingu fyrir loftnetið.



Flugradar loftnetið komið upp og allt virkar vel. Myndir: TF3JB.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, VHF stjóri ÍRA, skoðar fyrstu flug radar myndir eftir tengingu viðtækisins. Hann sagðist ánægður með útkomuna. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

## 2.9 SNYRT TIL VIÐ SKELJANES

Baldvin Þórarinnsson, TF3-Ø33, mætti í Skeljanes upp úr hádeginu 29. ágúst. Á dagskrá var að hreinsa til og gera snyrtilegt við húsið sjálft og við innganginn. Verkið gekk hratt og fljótt fyrir sig og síðdegis var orðið boðlegt fyrir félagsmenn og gesti að heimsækja staðinn.

Leigumarkaður BYKO í Breidd sá okkur fyrir Honda sláttuorfi með öflugum bensínmótor, en Baldvin kom færandi hendi með stunguskóflu og rakstursáhöld heiman að frá sér.



Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33 beitir sláttuorfinu á óæskilegan gróður. Grasvöxturinn upp við húsið var einnig fjarlægður

Þegar gangstéttarhellurnar voru settar við innganginn í húsið í fyrrahaust (2018) gekk allt vel um hríð. En síðan fór regnvatn að safnast fyrir til hliðar við hellurnar (þar sem Baldi beitir rekunni) og smám saman stíflaðist rásin að niðurfallinu sem er hinum megin við vegginn. Baldi hreinsaði þetta allt burt sem þýðir að á ný verður hægt að ganga í húsið á blankskóm þótt rigni verulega mikið.



Hvílíkur munur! Allt annað og snyrtilegra er nú að nálgast innganginn í Skeljanesi. Sjá má t.d. að illgresið sem áður var upp við húsvegginn er allt farið. Baldvin sagðist nokkuð ánægður en benti á að næst mætti huga að því að mála, a.m.k. trévegginn þar sem TF3IRA skiltið er fest. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

# 3. Vetrardagskrá; erindi í Skeljanesi

## FLUTNINGUR ERINDA OG ÁRLEGT JÓLAKAFFI

### 3.1 YFIRLIT

Vetrardagskrá ÍRA starfsárið 2019/20 var að venju tvískipt. Fyrri hlutinn<sup>10</sup> hófst 21. febrúar og lauk 9. maí. Síðari hlutinn<sup>11</sup> hófst 10. október og lauk 19. desember. Í þessum kafla er birt stutt yfirlit (í tímaröð) yfir þau fjórtán erindi sem flutt voru innan starfsársins, auk jólakaffis félagsins 2019. Um er að ræða eftirtalda viðburði:

- 28. febrúar. „Kaup á nýrri amatörstöð vorið 2019; markaðurinn og ný viðhorf“. (TF3JB).
- 7. mars. „Búnaður og aðferðir sem henta fyrir SOTA“. (TF3EK).
- 14. mars. „Logger32 dagbókarforritið, auknar vinsældir – nýir möguleikar“. (TF3VS).
- 21. mars. „Radíóamatör í 50 ár; reynslusögur úr áhugamálinu frá barnsalddri“. (TF3OM).
- 28. mars. „Endurvarpar á VHF/UHF“. (TF1A).
- 28. mars. „DMR fjarskipti“. (TF3EY/OH2LAK).
- 4. apríl. „Radíótækni í árdaga“. (TF3DX).
- 11. apríl. „DX-leiðangur til Seychelles, S79V; ferðasaga í máli og myndum“. (TFD8KY).
- 2. maí. „Lofnetabúskapur TF2ll í Norðtöngu í Borgarfirði“. (TF2LL).
- 9. maí. „Gervihnattasamskipti í amatörradíói og iðnaði“. (TF3NH).
- 24. október. „SYLRA mótið í Norgi 2019“. (TF3VB og TF3VD).
- 7. nóvember. „Að minnka truflanir í móttöku í HF fjarskiptum“. (TF3Y)..
- 14. nóvember. „Að smíða RF magnara fyrir HF böndin og fl.“. (TF3VP); var frestað.
- 28. nóvember. „QRP afl, heimasíði og notkun QRP senda“. (TF3KX).

**3.1.1 Erindi 28. febrúar.** Jónas Bjarnason, TF3JB, mætti í Skeljanesi og hélt erindi undir heitinu „Kaup á nýrri HF amatörstöð vorið 2019; markaðurinn og ný viðhorf“. Erindið byggði á uppfærðu efni í grein í 1. tbl. CQ TF 2018 um sama efni.



Jónas Bjarnason TF3JB flutti erindi um kaup á nýrri HF amatörstöð vorið 2019 og um markaðinn og ný viðhorf. Mynd: TF3KB.

<sup>10</sup> Vetrardagskrá fyrir tímabilið febrúar-maí var kynnt í 1. tbl. CQ TF 2019 sem kom út 25. janúar.

<sup>11</sup> Vetrardagskrá fyrir tímabilið október-desember var kynnt í 4. tbl. CQ TF 2019 sem kom út 29. september.


Hann ræddi um helstu áhrifaþætti á markaðinn og hvata hjá framleiðendum til að þróa nýjar HF stöðvar með hliðsjón af lágri stöðu sólbletta, auknum vinsældum stafrænna tegunda útgeislunar og m.t.t. þróunar til samþjöppunar í sölukerfi amatörstöðva og búnaðar.

Farið var yfir markaðinn í heild og fram kom m.a. að 13 framleiðendur í 7 þjóðlöndum bjóða alls 46 gerðir HF stöðva sem skiptast á 15 mismundandi tegundir. Þrír þeirra stærstu, Icom, JCV Kenwood og Yaesu, eru með ríkjandi markaðsstöðu eða 52% af framboðinu. Ódýrasta HF stöðin er Minion Mini frá QRPver (í Úkraínu) og kostar 52 þús. krónur og ódýrasta 100W stöðin er DX-SR8 frá Alinco og kostar 83 þús. krónur (m. öllum gjöldum til landsins).

Hann leit að lokum til þróunar markaðarins fram til ársins 2025 og ræddi um væntanlegar breytingar svo sem aukna innkomu framleiðenda frá A-Evrópu og Kína. Ennfremur um stöðu áhugamálsins gagnvart breyttri þjóðfélagskipan, m.a. aukna samkeppni um tíma fólks og tómstundir sem hefur áhrif á endurnýjun í hópí radíóamatöra líkt og annars staðar.

Alls mættu 27 félagar í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld. Mikill áhugi var á umfjöllunar-efninu og stöðu fyrirspurnir og umræður fram yfir kl. 22:30 þegar TF3JB var þakkað fróðlegt og áhugavert erindi með lófaklappi.

**3.1.2 Erindi 7. mars.** Einar Kjartansson, TF3EK, mætti í Skeljanes og hélt erindi undir heitinu: „Búnaður og aðferðir sem henta fyrir SOTA“ (e. *Summits on the Air*).



Einar Kjartansson TF3EK flutti erindi um búnað og aðferðir sem henta fyrir SOTA. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.


Einar fór yfir tilurð SOTA sem var stofnað 2. mars árið 2002. Málið snýst um að fara á fjöll með fjarskiptatæki og búnað og hafa sambönd við aðra leyfishafa á amatörböndunum. Hann útskýrði hvernig sambönd eru höfð og færð inn í gagnagrunn á heimasíðu SOTA. Fjallatindar eru skilgreindir sérstaklega í hverju landi og héraðis eru þeir 908 talsins, þ.e. á Austurlandi 281; Norðurlandi 211; Suðurlandi 216; Snæfellsnesi 66; Suðvesturlandi 43; Vesturlandi 6 og á Vestfjörðum 85.

Um 20 TF kallmerki eru skráð hjá SOTA. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX varð fyrstur til að „virkja“ fjallatind á Íslandi samkvæmt verkefninu, þann 1. september 2016 þegar Ísland gerist aðili. Þeir Egill Íbsen TF3EO, Einar Kjartansson TF3EK og Þórður Ívarsson

TF5PX settu kerfið upp hér á landi.

Margskonar viðurkenningarskjöl og verðlaunagripir eru í boði, svo sem Fjallageitin (*e. Mountain Goat*). Aðspurður, sagðist Einar vera u.þ.b. hálfnaður uns hann getur sótt um „Fjallageitina“. Erindið var vel flutt og Einar svaraði mörgum fyrirspurnum og fékk að lokum gott klapp. Umræður héldu þó áfram eftir að erindinu lauk og sýndi Einar búnað sinn í fundarsalnum. Stöðvarnar eru Yaesu FT-857D og Elecraft KX-2. Loftnet eru heimatilbúin, m.a. dípólar og glertrefjastangir sem hann reisir undir þá á vettvangi. Alls mættu 24 félagsmenn og 2 gestir í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld.

**3.1.3 Erindi 14. mars.** Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, mætti í Skeljanes og flutti erindið “Logger32 dagbókarforritið; auknar vinsældir – nýir möguleikar”.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS flutti erindið “Logger32 dagbókarforritið; auknar vinsældir – nýir möguleikar”. Mynd: TF3DC..

Vilhjálmur kynnti forritið og fór yfir uppsetningu þess. Hann sýndi vel hve einfalt og öflugt það er, jafnframt því að vera aðgengilegt fyrir venjulegan leyfishafa að laga að eigin þörfum, án þess að þurfa að vera sérfræðingur í forritun eða tölvum.

Það er almennt mál manna að Logger32 sé í raun meira en sérhæft dagbókarforrit, þar sem m.a. er hægt að stýra fjarskiptum beint frá forritinu, auk þess sem það býður upp á fjölda möguleika í mismunandi útfærslum (sem eru valkvæðar). Vilhjálmur sýndi m.a. með dæmum, hvernig hann notar forritið sjálfur og tengdist heimastöð sinni yfir netið í því skyni úr fundarsalnum, sem var mjög fróðlegt.

Vilhjálmur fór yfir getu Logger32 hvað varðar stafrænar tegundir útgeislunar, en færsla í fjarskiptadagbók er viðstöðulaus og án vandræða sem oft fylgja öðrum forritum. Fyrir marga er jafnframt kostur að Logger32 er á íslensku og er forritið boðið ókeypis á netinu til íslenskra radíóamatöra. Það var Vilhjálmur sem þýddi forritið.

Eftir kaffihlé tók Vilhjálmur við fyrirspurnum frá áhugasömum fundarmönnum og héldu menn áfram að spjalla framundir kl. 22:30. Alls mættu 22 félagsmenn og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld.

**3.1.4 Erindi 21. mars.** Ágúst H. Bjarnason, TF3OM, mætti í Skeljanes fimmtudaginn 21. mars og flutti erindið „Radióamatör í meira en 50 ár, reynslusögur úr áhugamálinu frá barnsaldri...“.



Ágúst H. Bjarnason flutti erindi um 55 ár í amatör radiói. Á meðfylgjandi glæru má lesa að þegar hann var 14 ára fann hann spennubreyti úr vibratoraflgjafa á víðavangi, tók til við að mæla spennuna en gleymdi sér og fékk gríðarmikinn straum. Þegar hann hafði jafnað sig mældi hann aftur (þá með vinstri hönd í vasanum) sýndi mælirinn 620 volt AC

Ágústi tókst mjög vel upp og sagði skemmtilega frá áhugamálinu sem hófst þegar á unga aldri. Hann lýsir fyrstu kynnum sínum eftirfarandi: „Fyrstu minningarnar frá því ég sá rafmagn í fyrsta skipti, eru þegar ég skreið að vegg tengli í borðstofunni sem var tengdur við brauðrist. Ég var með stóran gosflösku upptakara í hendi og setti hann milli pinnanna sem glitti í. Bang! Svakalegur bláhvítur blossi, enda öryggið 16 amper eða kannski rúmlega það, því á þessum tíma voru sprungin öryggi lagfærð heima. Flestir kunnu það. Sjálfsagt hef ég rekið upp öskur, en þetta vakti áhuga minn á rafmagni sem lét mig ekki í friði næstu áratugin. Síðan er skarð í upptakanum þar sem hann komst í námunda við rafmagnið!“.

Hann fékk leyfisbréfið 8. ágúst 1964 og fékk þar með morsleyfi, talleyfi og smíðaleyfi frá Póst- og síma málastofnun, undirritað af Jóni Skúlasyni Póst- og símamálastjóra. Upp frá því varð hann virkur í ÍRA, tók m.a. þátt í refaveiðum, gerðist ritstjóri CQ TF og fleira.

Fyrsta QSO'íð var við TF3KB á morsi á 40 metrum þann 11.8.1964 kl. 19:45, en Ágúst sýndi mynd úr upphaflegu fjarskiptadagbókinni frá þeim tíma (sem hann á reyndar allar enn). Síðan fylgdu sambönd m.a. við TF5TP, TF3CJ, TF3DX, TF3IC og fleiri íslenska leyfishafa og að sjálfsögðu DX-sambönd. Ágúst keypti notaða Heathkit HW-32A stöð þegar hann flutti til Svíþjóðar og var við framhaldsnám 1969-1971 og var þá frjálst með að tala til Íslands, eftir því sem skilyrði leyfðu.

Margir taka sér hlé frá áhugamálinu og hann er einn þeirra. Ágúst sagði, að þegar vinnan væri á svipuðum nótum og áhugamálið þá gengi það aldrei til lengdar. Hann tók aftur til til við amatör radió fyrir 2 árum og segist afar ánægður með það í dag.

Mikil ánægja var með erindi Ágústs. Að sögn eins viðstaddra „...hefði mátt heyra saumnál detta ...“ slíkur var áhugi og athygli fundarmanna. Um kl. 22:30 var Ágústi þakkað með veglegu lófaklappi fyrir vel undirbúið og vel flutt erindi. Líflugar umræður héldu þó áfram og fram yfir kl. 23. Mæting var góð í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld, var 25 félagar og 1 gestur.

**3.1.5/3.1.6 Erindi 28. mars.** Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Erik Finskas, TF3EY/ (OH2LAK) mættu í Skeljanes 28. mars og fluttu erindi um endurvarpa og DMR stöðvar.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A flutti erindi um endurvarpa. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Erik Finskas TF3EY (OH2LAK) flutti erindi um DMR fjarskipti. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

Ari hefur góða þekkingu á umfjöllunarefninu og veitti okkur áhugaverða innsýn í þennan tækniheim sem gerir okkur kleift að nota VHF/UHF stöðvar til sambanda yfir langar vegalengdir innanlands.

Hann útskýrði vel hvernig samtenging endurvarpa á VHF og UHF gerir leyfishöfum kleift að hafa „krossband“ sambönd sem eykur mjög notagildi og útbreiðslu, t.d. þegar notaðar eru handstöðvar (jafnvel) búnar mjög litlu afl. Ari kynnti þá 5 VHF endurvarpa og 2 UHF

endurvarpa sem eru í rekstri héraendis. Þeir eru allir fyrir FM mótun, nema einn sem notar stafræna tegund útgeislunar (D-STAR).

Eftir kaffihlé tók Erik Finskas, TF3EY (OH2LAK) við og flutti áhugavert erindi um DMR (*e. Digital Mobile Radio*), sem rutt hefur sér til rúms síðustu ár, en radióamatórar hafa þegar sett upp yfir 3000 DMR endurvarpa í meir en 50 þjóðlöndum. Erindi Eriks má skoða í heild á vefslóðinni: <http://dy.fi/vof> Þrátt fyrir snjófjúk og vindasamt veður, mættu 27 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld.

**3.1.7 Erindi 4. apríl.** Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, mætti í Skeljanes 4. apríl og flutti erindið „Radiótækni í árdaga“.



Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX flutti erindi um „Radiótækni í árdaga“. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

Vilhjálmur fór yfir söguna (með dæmum) um hvernig frumherjarnir smíðuðu senda og viðtæki áður en lampar og transistorar voru fundnir upp. Upphaflegu radiótækin voru nefnilega vélræn (mekanísk) í grunninn, fremur en byggð á rafeindatækni á tímum þegar neistasendar voru alls ráðandi.

Erindið var vandað, forvitnilegt, skemmtilegt og afar vel flutt. Villi sló á léttu strengi á milli þess sem hann skýrði frá tækninni, dreifði á meðal viðstaddra tæknibókum og sýnishornum af ýmsu tagi. Rúsínan í pylsuendanum var síðan þegar hann ræsti raunverulegan neistasendi og leyfði viðstöddum að sjá neistann og síðar, að hlusta á neistann í viðtæki. Það var góð



mæting í Skeljanes þetta fallega síðvetrarkvöld, eða alls 36 manns. Vilhjálmur uppskar verðskuldað klapp að lokum.

TF3DX útskýrir hvers vegna neistasendar hafa verið bannaðir áratugum saman. Einnig í mynd: Sigurður Harðarson TF3WS. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.



**3.1.8 Erindi 11. apríl.** Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, mætti í Skeljanes og sagði ferðasögu frá DX-leiðangri til Seychelles eyja sumarið 2016.



*Hrafnkell Sigurðsson TF8KY sagði ferðasögu frá S79V leiðangrinum. Aðrir á mynd frá vinstri: Benedikt Sveinsson TF3T, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS. Bak í myndavél: Höskuldur Eliasson TF3RF, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN og Óskar Sverrisson TF3DC. Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.*

Keli sagðist hafa verið tiltölulega reynslulítill í DX og keppnum þegar honum var boðið að taka þátt í S79V leiðangrinum 1.-10. júlí 2016. Hann sýndi myndir og myndbönd úr ferðinni og lýsti m.a. undirbúningi og uppsetningu einsbands VDA loftneta og skýrði smíði þeirra og virkni. Hann sagði ferðina vel heppnaða og lærdómsríka, en höfð voru yfir 20 þúsund QSO. Ferðafélagar voru þeir Paul, A65DR; Joel, A65BX; Martin, A65DC; Gerald, A65CB og Obaid, A61DJ.

Erindi Kela var áhugavert og vel flutt. Hann svaraði spurningum greiðlega í líflegum umræðum. Að lokum fékk Hrafnkell verðskuldað klapp og þakkir viðstaddra. Menn ræddu málin síðan áfram allt fram undir kl. 23. Alls mættu 19 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta ágæta fimmtudagskvöld.

**3.1.9 Erindi 2. maí.** Georg Magnússon, TF2LL, mætti í Skeljanes 2. maí og flutti erindið „Loftnetabúskapur TF2LL í Norðtungu í Borgarfirði“. Loftnetsaðstaða TF2LL er ein sú besta hér á landi á meðal radíóamatöra, auk þess sem fjarskiptatæki og annar búnaður stöðvarinnar er í fremstu röð.

Erindi Georgs var vel flutt, áhugavert, fróðlegt og skemmtilegt. Hann opnaði okkur sýn inn í þann heim sem flestir leyfishafar geta aðeins látið sig dreyma um – enda hafa fæstir aðstöðu til að koma upp 30 metra háum turni og stórum og stefnuvirkum loftnetum. Hann lýsti loftnetasögu TF2LL vel, þ.á.m. leyfisferli hjá opinberum aðilum (byggingarfulltrúa o.fl.) sem var langt og kostnaðarsamt, en það var síðan í júní 2010 að verkefnið komst á framkvæmdastig og undirstöður loftnetsturnsins voru steyptar.

Eftir endurbætur í kjölfar veðurtjóna árin 2015 og 2016 eru loftnet hans nú orðin nokkuð örugg gagnvart veðrinu (eins og hann segir sjálfur). Loftnet TF2LL í dag eru frá OptiBeam, þ.e. OB 17-4 (40, 15, 20 og 10m), OB 9-3 (30, 17 og 12m) og OB 5-6 (6m) auk heimasmíðaðra vírneta fyrir 80 og 160m böndin. Erindi Georgs má lesa í heild á heimasíðu félagsins, [www.ira.is](http://www.ira.is)



Georg Magnússon TF2LL flutti erindið „Loftnetabúskapur TF2LL í Norðtungu í Borgarfirði“. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Erindi Georgs var ákaflega fróðlegt og vel flutt og hann svaraði spurningum félagsmanna greiðlega í líflegum umræðum. Á lokum fékk hann verðskuldað klapp og þakkir viðstaddra. Menn ræddu síðan málin allt fram undir kl. 23:30. Alls mættu 27 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta frábæra fimmtudagskvöld.

**3.1.10 Erindi 9. maí.** Njáll Hilmar Hilmarsson, TF3NH, mætti í Skeljanes og fjallaði um gervihnattasamskipti hjá radíóamatörum og iðnaðinum.



Njáll Hilmar Hilmarsson TF3NH flutti erindi um gervihnatti. Á myndinni skoðar hann Iridium gervitunglið. Mynd: TF3JB.

Erindi hans var fróðlegt og áhugavert og veitti innsýn í þennan spennandi „heim“ fjarskiptanna sem radióamatörum stendur til boða og iðnaðurinn notar meira með hverju árinu sem líður. Hann fór yfir sendingar radióamatöra frá geimstöðinni (þ.á.m. SSTV), fjallaði um nýja Es'hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið sem er fyrsta amatörgervitunglið á staðbraut (*e. geostationary*). Hann útskýrði síðan „fótspor“ (*e. footprint*) fjarskiptahnatta, s.s. Intelsat IS907 sem er mjög sterkur yfir landinu.

Hann fór einnig yfir sérhæfð loftnet, þ.e. föst og mótorstýrð (og uppbyggingu þeirra) og sýndi okkur einfalt handloftnet fyrir 2 metra og 70 sentímetra frá fyrirtækinu Arrow Antenna sem nota má til fjarskipta um gervitungl og sem radióamatörar hafa notað með góðum árangri hér á landi um árabil. Hann fjallaði að lokum um geimfjarskipti og útskýrði m.a. töp vegna andrúmsloftsins í geimnum, og seinkun á samskiptum vegna vegalengdar. Njáll svaraði spurningum viðstaddra greiðlega og voru menn mjög ánægðir með greinargott erindi og hlaut hann gott klapp að lokum. Alls mættu 22 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta sólríka fimmtudagskvöld.

**3.1.11 Erindi 24. október.** Anna Henriksdóttir, TF3VB og Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD, mættu í Skeljanes fimmtudaginn 24. október og sögðu ferðasögu þeirra og Elínar Sigurðardóttur, TF2EQ, á SYLRA fundinn í Noregi 6.-8. september s.l.

Þær stöllur sögðu frá ferðinni í máli og myndum og tókst afburða vel upp. Ferðasagan var fróðleg, skemmtileg, krydduð léttum hómur og veitti góða innsýn í heim kvenamatöra. Í ferðinni var m.a. haldið upp á 20 ára afmæli SYLRA, boðið upp á erindisflutning, farið í heimsókn til Morokulien og klúbbstöðin LG5LG virkjuð, farið á sögusafnið á herragarðinum í Eidsvoll (þar sem stjórnarskrá Noregs var samin 1814), farið skoðunarferð til Charlotteborg (í Svíþjóð) og margt fleira. Þær Anna, Vala og Elín voru í hópi 26 YL's frá 9 þjóðlöndum. Næsta SYLRA ráðstefna verður haldin eftir tvö ár (2021) í Finnlandi.

Vel var klappað í lok erindisins. Alls mættu 24 félagar og 1 gestur í Skeljanes þetta vel heppnaða fimmtudagskvöld.



Skeljanesi 24. október. Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD og Anna Henriksdóttir TF3VB, sögðu ferðasöguna frá SYLRA fundinum í Noregi í september 2019. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

**3.1.12 Erindi 7. nóvember.** Yngvi Harðarson, TF3Y, mætti í Skeljanes á vetrardagskrá ÍRA þann 7. nóvember með erindið „Að minnka truflanir í móttöku í HF fjarskiptum“. Hann fjallaði um truflanir á HF; mismunandi tegundir, hvernig þær berast í viðtækið og kynnti aðferðir til að minnka þær. Hann upplýsti um helstu uppsprettur og dreifileiðir og sýndi m.a. áhugaverð sýnishorn af truflanavöldum á 40 metrunum frá NK7Z.



Yngvi Harðarson TF3Y kynnrir erindið "Að minnka truflanir í móttöku í HF fjarskiptum". Ljósmynd: TF3SB.

Yngvi kynnti og fór yfir sjö leiðir til að fást við vandann: (1) Fjarlæga uppsprettuna (alltaf best); (2) Færa viðtæki frá truflun; (3) Nota stefnuvirkt loftnet (s.s. magnetíska lúppu); (4) Nota fösun merkja; (5) SDR tækni, þ.e. 2 x RX með einum sveifluka; (6) DSP tækni; og (7) Aðferðir 3-6 saman.

Síðari hluti erindisins var verklegur. Eftirfarandi búnaður var notaður: NCC-1 (e. *Receive Antenna Variable Phasing Controller fyrir 0.3-30 MHz*) frá DxEngineering, RSPDuo SDR viðtæki frá SDRPlay (fyrir 1 kHz til 2 GHz) og Elecraft KX2 sendi-/viðtæki (fyrir 3.5-29.7 MHz), auk MFJ-1025 (e. *Noise cancel/signal enhancer*).

Kóaxkaplar höfðu verið lagðir frá fjarskiptaherbergi í fundarsalinn og var m.a. til afnota 4 staka YAGI loftnet TF3IRA fyrir 20M og sambyggt stangarloftnet stöðvarinnar fyrir 10, 15, 20, 40 og 80M böndin.



Myndin var tekin í fundarhléi þegar Yngvi stillir inn tíðni í móttöku á magnetíska lúppu. Wilhelm Sigurðsson TF3AWS heldur á lúppunni og aðstoðar við að leita eftir besta merki. Hrafnkell Sigurðsson TF8KY fylgist með. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Yngvi tengdi þennan búnað og var afar áhrifaríkt að sjá og heyra hann virka. Hann svaraði mörgum spurningum fundarmanna og sökum áhuga dróst til kl. 22:30 að taka kaffihlé. Niðurstaða: Það er sumsé hægt að sigrast í truflunum!

Alls mættu 41 félagsmaður og 2 gestir í Skeljanes þetta kyrrláta snemmetrarkvöld í Vesturbænum. Bestu þakkir til Yngva fyrir áhugavert, fróðlegt, skemmtilegt og vel flutt erindi. Vefslóð á glærur frá erindi Yngva á heimasíðu félagsins: <http://bit.ly/2PYZFPH>

**3.1.13 Erindi 14. nóvember.** Erindi Valgeirs Péturssonar, TF3VP, frestaðist fram á næsta starfsár (2020/21). Í þess stað var í boði opið hús í Skeljanesi fimmtudaginn 14. nóvember.

**3.1.14 Erindi 28. nóvember.** Kristinn Andersen, TF3KX, mætti í Skeljanes á vetrardagskrá 14. nóvember með erindið „QRP afl, heimasíði og notkun QRP senda“.



Kristinn Andersen TF3KX flutti erindi í félagsaðstöðu ÍRA um "QRP afl, heimasíði og notkun QRP senda. Mynd: TF3JB.

Kristinn fór fyrst yfir QRP skilgreiningarnar, en QRP afl miðast við mest 5W á morsi (10W á SSB) og QRPP við mest 1W. Hann útskýrði hversu vel QRP afl skilar sér í raun. Því til sönnunar lék hann upptöku af sendingu á morsi frá radióvita 4U1UN/B í New York á 14.100 MHz. Fyrst var sent stutt merki á 100W, síðan á 10W, þá á 1W og loks á 0,1W. Sérlega áhugavert var að heyra hversu læsilegt merkið var í öllum afldæmunum, meira að segja á 0,1W.



Eftir erindið sýndi Kristinn QRP stöðvar og búnað, m.a. 20 metra stöð fyrir mors (2W) sem hann setti saman. Frá vinstri: Gunnar Bergþór Pálsson TF3-017, Kristinn TF3KX, Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS.

Kristinn sýndi einnig Elecraft K2 stöð, sem vinnur á 10-80 metra bændunum á morsi og tali (SSB) sem hann setti saman. Hún er búin 15W sendi. Frá vinstri: Gunnar Bergþór Pálsson TF3-017, Kristinn Andersen TF3KX og Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN.



Í fundarhléi vann gjaldkeri félagsins m.a. sín störf, sem að þessu sinni var að taka á móti félagsgjaldi. Frá vinstri: Jón Björnsson TF3PW gjaldkeri ÍRA handleikur seðla, Kristján Benediktsson TF3KB, Ársæll Óskarsson TF3AO, Yngvi Harðarson TF3Y, Óskar Sverrisson TF3DC, Hans Konrad Kristjánsson TF3FG (standandi), Stefán Arndal TF3SA og Þór Þórisson TF1GW.

Kristinn lýsti eigin reynslu af að vinna á QRP aflí og var áhugavert að skoða fjarskiptadagbók hans (sem gekk á milli manna á meðan hann flutti erindið). Hann fjallaði um mikilvægi góðra loftneta, en að sama skapi væri einnig spennandi að nota algeng loftnet eins og t.d. hálfbylgju endafæddan vír (t.d. á 20 metrum) og benti á að þannig væri auðvelt að hafa sambönd yfir þúsundir kílómetra um allan heim.

Hann fór yfir QRP stöðvar og búnað sem er í boði í dag, bæði samsettar og ósamsettar stöðvar. Nefndi í því sambandi eigin QRP stöð (2W á morsi) frá Small Wonder Labs og Elecraft stöð, K2 (0-15W á morsi og SSB) sem voru til sýnis á staðnum, en báðar voru keyptar ósamsettar. Hann úrskýrði einnig, að 2W stöðin væri hluti af búnaði sem hann hefði í tösku sem væri þægilegt að grípa með sér, t.d. í sumarbústað eða jafnvel erlendis (sem hann hefur gert).

Erindi Kristins var afar vel heppnað. Það var vel flutt, skemmtilegt og fróðlegt og veitti góða innsýn í þennan áhugaverða þátt áhugamálsins sem nýtur vaxandi vinsælda með hverju ári sem líður. Held að allir viðstaddir geti tekið undir með TF3OM, sem þakkaði Kristni á Facebook fyrir „stórgóðan fund í gærkvöldi“. Alls mættu 33 félagsmenn í Skeljanes þetta kyrrláta vetrarkvöld í Vesturbænum.

### 3.2 Jólakaffi ÍRA 19. desember.

Jólakaffi ÍRA 2019 var haldið í félagsaðstöðunni fimmtudaginn 19. desember og var það síðasta opnunarkvöld okkar í Skeljanesi á árinu.

Í boði var rjómaterta frá Reyni bakara í Kópavogi, stundum kennd við Hressingarskálann í Reykjavík. Brauðterta með rækjusalati var frá veisluþjónustu Jóa Fel, hátíðarkleinur frá Kökugerð HP á Selfossi, hvít jólaterta og brún jólaterta frá tertugallerí Myllunnar, jólasnákökur með súkkulaðibitum frá Kökum og tertum; 17 sortum, Göteborgs jólapiparkökur, danskar rommkúlur frá Danish Bakery, piperkökuhringur og smáhringir (kleinuhringir) frá Bakarí Sandholt og súkkulaðirúlluterta frá Meyers Bageri í Kaupmanna-

höfn. Jólakaffi ÍRA var (eins og fyrri ár) án kostnaðar fyrir félagsgjöf, þ.e. í boði félagsmanns sem óskar að láta nafns síns ekki getið. Honum eru hér með færðar bestu þakkir.

Kvöldið heppnaðist vel og voru félagar mjög ánægðir samkvæmt fjölmörgum umsögnum á Facebook síðum. Alls mættu 32 félagsmenn og 2 gestir í Skeljanes þetta veðurstillta og fagra vetrarkvöld á aðventunni í vesturbænum í Reykjavík.



Mynd frá jólakaffiborði ÍRA 2019 sem hófst stundvíslega kl. 20:00 þann 19. desember. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.



Alltaf hressir. Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN, Georg Kulp TF3GZ og Mathías Hagvaag TF3MH.



Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB, Höskuldur Eliasson TF3RF og Ágúst H. Bjarnason TF3OM.



Málin rædd. Frá vinstri: Heimir Konráðsson TF1EIN (fjær), Baldvin Þórarinnsson TF3-033, Óskar Sverrisonn TF3DC og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.



Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Benedikt Sveinsson TF3T og Baldur Þorgilsson TF3BP.



*Sigurður Kolbeinsson TF8TN (fremst til vinstri), Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Ársæll Óskarsson TF3AO, Georg Magnússon TF2LL, Bjarni Sverrisson TF3GB, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Benedikt Sveinsson TF3T og Jón Björnsson TF3PW.*



*Björgvin Viglundsson TF3BOI,  
Eiður Kristinn Magnússon TF1EM,  
Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A  
og Jón Björnsson TF3PW.*



*Elín Sigurðardóttir TF2EQ og Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.*





Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Björn Þór Hrafnkelsson TF8TY, Mathías Hagvaag TF3MH, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN og Vilhjálmur Í. Sigurjónson TF3VS.



Bjarni Sverrisson TF3GB, Kristján Benediktsson TF3KB, Baldvin Þórarinnsson TF3-033 og Þorvaldur Bjarnason TF3TB. Kristján TF3KB hafði meðferðis NANO VNA „Vector Network Analyzer“ og sýndi mönnum.

Myndin er af Nano VNA  
Very Tiny Handheld  
Vector Network Analyzer  
fyrir 50 kHz til 900 MHz.  
Ljósmynd: TF3DC.



## ÚR FÉLAGSSTARFINU



10. ágúst á Raufarhöfn. Geog Kulp TF3GZ matar fæðinguna á loftnetinu við postulinseinangrarann á skúrnum sem hýsir KiwiSDR viðtækið. Viðtækið hefur afnot af T-loftneti, sem er lóðréttur vir (topplóðaður) og var fyrir á staðnum. Geog stóð að uppsetningu tækisins ásamt Árna Helgasyni, TF4AH, auk þess sem Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, veitti tæknilega aðstoð. Ljósmynd: Árni Helgason, TF4AH.

## 4. Vetrardagskrá; aðrir viðburðir

### LAUGARDAGS- OG SUNNUDAGSOPNANIR, NÁMSKEIÐ, MYNDAKVÖLD

#### 4.0 INNGANGUR

Í þessum kafla er veitt yfirlit yfir aðra viðburði á vetrardagskrám ÍRA en erindi (sem voru rakin í þriðja kafla). Samhliða er gerð grein fyrir viðburðum sem voru auglýstir sérstaklega. Um er um að ræða opnanir félagsaðstöðu á laugardögum og sunnudögum, námskeið (önnur en til amatörprófs) og myndakvöld.

#### 4.1 LAUGARDAGSOPNANIR.

##### 4.1.1 Mæling á viðtækjum 2. febrúar.

Ari Þórólfur Jónsson, TF1A, mætti í Skeljanes með mælitæki laugardaginn 2. febrúar. Að þessu sinni voru teknar fyrir fimm stöðvar úr Icom fjölskyldunni: IC-7100, IC-7300, IC-7610, IC-9100 og flaggskipið IC-7851.



Fremst til vinstri: Icom SM-50 borðhljóðnemi. Þá Icom IC-7851, IC-9100, IC-7610, IC-7300 og IC-7100. Hátalarinn ofan á IC-9100 stöðinni er Icom SP-20. Til hægri á myndinni (fyrir aftan stöðvarnar) sést í bakhliðina á Diamond GSV3000 aflgjafanum. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

Jón G. Guðmundsson, TF3LM, aðstoðaði við mælingar. Skoðuð var m.a. næmi í viðtöku á HF og á 50 MHz. Stöðvarnar voru staðsettar í salnum þar sem aðgangur var góður að tækjunum og loftnet var leitt niður í sal úr fjarskiptaherberginu. Að sögn Ara, veittu mælingarnar góða vísbendingu um gæði viðtækjanna, sem öll stóðust lágmarkskröfur. Margir félagar voru að sjá flaggskipið ICOM IC-7851 í fyrsta skipti.

##### 4.1.2 Anan og FlexRadio kynning 2. mars.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, mættu í Skeljanes laugardaginn 2. mars. Í handraðanum voru Anan 7000 stöð frá Apache Labs og Flex 6400 stöð frá FlexRadio. Ekki er vitað um fleiri eintök í landinu en þessi tvö.



Anan 7000 og FlexRadio 6400 stöðvarnar eru báðar „andlitslausar“ og notast við tölvu. Anan stöðin er í gráa kassanum (bak við fartölvuna vinstra megin) og FlexRadio stöðin er í svarta kassanum (með bláa merkinu) aftarlega á borðinu til hægri. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Stöðvarnar eru báðar SDR stöðvar, vinna á HF+6 metrum og eru búnar 100W sendum. Báðar þurfa utanaðkomandi tölvu sem aukabúnað. Báðar þurfa enn fremur utanaðkomandi aflgjafa sem getur gefið 13.8VDC, allt að 25A. Anan 7000DLE MK-II kostar 433 þús. krónur komin hingað til lands en FlexRadio 6400 kostar 315 þús. krónur (miðað við gengi ísl. krónunnar 1.3.2019).

Það er alltaf spennandi að sjá og snerta stöðvar sem maður hefur ekki séð áður og það á svo sannarlega við um þessar. Tilfinningin að stilla viðtöku þeirra beggja var góð og möguleikarnir til að vinna úr merkjum á böndunum margir. Þeir Ari og Vilhjálmur héldu stutta tölu þar sem þeir ræddu hvora stöð fyrir sig og svöruðu spurningum. Báðir hafa mikla reynslu og hafa átt (og eiga) fleiri stöðvar og báðir eru ánægðir með nýju stöðvarnar

#### 4.1.3 Icom IC-9700 og Kenwood TS-590SG kynning 4. maí.

Kaffisþjall á laugardegi var í boði í félagsaðstöðu ÍRA þann 4. maí. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, mætti á staðinn með nýju Icom IC-9700 stöðina, nýjan FeelElec FY-6800 „signal generator“ og loftnet og mælitæki til móttöku merkja frá Oscar 100 gervitunglinu. Daggeir Pálsson, TF7DHP, mætti einnig á staðinn með nýja Kenwood TS-590SG HF stöð, afmælisútgáfu, þ.e. „Special Edition 70th Anniversary“.

Sérstakt 40cm diskloftnet var sett á þrífót í salnum (við gluggann) og því beint í austurátt. Og viti menn, ótrúlega gott merki náðist fljótlega frá nýja Oscar 100 gervitunglinu. Viðstaddir fluttu sig næst upp í fjarskiptaherbergið á efri hæð og þar var nýja Icom IC-9700 stöðin tengd. Hafi einhver verið í vafa um gæðin, þá var svo ekki eftir að búið var að kveikja á tækinu og hafa sambönd. Hér vinnur saman, vel heppnuð hönnun á stjórnborði og glæsileg bandsjá, ótrúlega þægileg aflestrar. Höfð voru sambönd á FM og SSB á 2 metrum og 70 cm við þá TF3AK, TF2MSN og TF8YY. Viðtaka var góð viðmælendur gáfu umsögn þess efnis að mótun væri skýr og greinileg frá stöðinni. Þakki til Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A. Jafnframt eru þakki til Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML, fyrir lán á nýju Icom IC-9700 stöðinni og síðast en ekki síst, þakki til Daggeirs Pálssonar, TF7DHP, fyrir innlitið með nýju TS-590SG afmælisútgáfuna (en ekki er vitað um annað eintak á landinu).



Daggeir TF7DHP sýndi okkur nýju Kenwood TS-590SG; 70 ára afmælisútgáfuna. Á borðinu er einnig nýja Icom IC-9700 VHF/UHF stöðin. Frá vinstri (fremst): Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Jón E. Guðmundsson TF8-Ø2Ø, Mathias Hagaag TF3MH, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Daggeir Pálsson TF7DHP. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Myndin er af nýju Icom IC-9700 stöðinni. Til skýringar skal þess getið að skjámyndin sem sést á stöðinni er aðeins ein af mörgum sem er í boði. Bandsjáin er t.d. ekki sýnd á þessari mynd. Ljósmynd: TF3JB.



40cm disknetið á þrífæti við austurgluggann í salnum. Merki frá Oscar 100 komu ótrúlega vel inn. Ljósmynd: TF3JB.

#### 4.1.4 Fræðsla um móttöku merkja frá OSCAR 100 gervitunglinu 25. maí.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, mætti í Skeljanes laugardaginn 25. maí og sýndi viðstöddum hve auðvelt er að taka á móti merkjum frá nýja EsHailSat/OSCAR 100 gervihnettinum sem mikið er rætt um á meðal radióamatöra um allan heim um þessar mundir.

Móttökustyrkur var góður á 85cm disk, og jafnvel betri heldur en frá SDR netviðtæki á heimasíðu tunglsins sem haft var til samanburðar. Ódýrasta fáanlega viðtækið (RTL SDR) var tengt og voru menn sammála um að merki væru jafnvel skýrari heldur en á netviðtækinu. Notað var „SDR Console“ forritið sem radióamatörum býðst að hlaða niður frítt á netinu og getur jafnframt notast sem sendiforrit (með aukabúnaði).

Ari sýndi hvernig viðmiðunarmerki frá radióvitanum er „læst“ við SDR viðtækið með því að nota forrit frá Simon Brown, HB9DRV. Ari sýndi jafnframt SDR PLUTO sem er nýtt sendiviðtæki sem nær frá 60-6000 MHz tekur allar tegundir útgeislunar. Þegar það er notað þarf ekki „transverter“ sem aukabúnað.



Kynning á viðtöku merkja frá nýja EsHailSat/OSCAR 100 gervihnettinum. Frá vinstri (innst): Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Gísli Gissur Ófeigsson TF3G, Mathias Hagvaag TF3MH, Þorvaldur Bjarnason TF3TB, Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Yngvi Harðarson TF3Y, Þórður Adólfsson TF3DT og Sigurður Benediktsson TF5SLN. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Sigurður Benediktsson TF5SLN skoðar búnaðinn hjá Ara, en hann hefur mestar áhyggjur af háum fjöllum heima á Siglufirði hvað varðar sambönd upp í Oscar 100 gervi tunglið. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Til gamans (í kaffihléi), var gerð tilraun á staðnum með að losa LNB frá disknum, halda á því og beina ca. að tunglinu, sem virkaði...þótt merki væru dauf. Menn sjá t.d. fyrir sér að

Íslenskir leyfishafar geti í framtíðinni verið með „local“ tíðni gegnum tunglið (af öllu landinu) sem er spennandi möguleiki eftir því sem fleiri TF kallmerki verða QRV um tunglið.

#### 4.1.5 „Opinn laugardagur“; kynning á OSCAR 100 fjarskiptum 19. október.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, mætti í Skeljanes laugardaginn 19. október og kynnti búnað, tækni og tól til fjarskipta um OSCAR 100 gervitunglið, auk þess sem hann aðstoðaði félagsmenn við að fara í loftið frá félagsstöðinni TF3IRA í gegnum tunglið.

Í boði var fyrsti svokallaður „opinn laugardagur“ á vetrardagskrá félagsins, sem þýðir að félagsaðstaðan er höfð opin allan daginn frá kl. 10-16 til að gefa sem flestum tækifæri til að nýta viðburðinn. Þetta fyrirkomulag heppnaðist vel og var mikil ánægja með það.

Á meðal gesta var Stefán Arndal, TF3SA, sem fór í loftið og varð þar með fyrstur leyfishafa til að hafa samband um OSCAR 100 á morsi frá Íslandi. Sambandið var við DL4ZAB, OM Bernd, í Kassel í Þýskalandi.



Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A útskýrir sérstöðu gervihnatta-búnaðarins fyrir Stefáni Arndal TF3SA. Ljósmynd: TF3JB.



Stefán Arndal TF3SA tekur fyrsta sambandið frá Íslandi á morsi í gegnum Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið. QSO við DL4ZAB. Jón Björnsson TF3PW fylgist með. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Flestir (sem fóru í loftið) prófuðu þó hljóðnemann og voru menn sammála um, að þessi upplifun væri mjög sérstök; sterk merki, engar truflanir og góður DX.



Ari er QRV um OSCAR 100 heimanað frá sér í Reykjavík. Á ferðalögum notar hann hins vegar þennan búnað /P. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Óskar Sverrisson TF3DC fylgdi í fótspor Stefáns TF3SA og hafði sambönd um OSCAR 100 á morsi. Ljósmynd: TF3JB.



Erling Guðnason TF3EE hafði sín fyrstu sambönd á SSB um OSCAR 100. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Wilhelm Sigurðsson TF3AWS prófaði búnaðinn og hafði sín fyrstu sambönd á SSB um gervitunglið. Ljósmynd: TF3JB.

#### 4.1.6 „Opinn laugardagur – framhald“ 26. október.

Laugardaginn 26. október var opnun í Skeljanesi endurtekin fyrir þá sem ekki höfðu getað mætt í vikunni fyrr. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, mætti í Skeljanes kl. 10 árdegis og hugmyndin var að hafa opið til kl. 14 – en tíminn leið hratt og fóru þeir síðustu ekki úr húsi fyrr en um kl. 16:30. Hluti morgunsins fór í kynningu, en síðan aðstoðaði Ari menn við að fara í loftið frá TF3IRA um Es'Hail-2/P4A/Oscar 100 gervitunglið. Flestir (sem fóru í loftið) prófuðu hljóðnemann, en ekki var notað mors eða stafrænar tegundir útgeislunar að þessu sinni. Umsagnir eins og „spennandi“, „skemmtilegt“ og „hvenær hittumst við næst“ heyrðust á ganginum þegar húsinu var lokað.



Jón G. Guðmundsson TF3LM var áhugasamur og tók sín fyrstu sambönd um tunglið. Ljósmynd: TF3JB.

Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN var einnig að taka sín fyrstu sambönd um OSCAR 100. „Þetta er skemmtilegt...“ sagði Sigurður. Ljósmynd: TF3JB.





#### 4.1.7 Laugardagsopnun 2. nóvember.

Þriðja laugardagsopnunin (í röð), var síðan haldin 2. nóvember. Skeljanes var opnað kl. 10 árdegis og fóru síðustu menn úr húsi laust fyrir kl. 15.

Flestir sem þá mættu, höfðu ekki átt heimangengt í fyrri tvö skiptin. Líkt og fyrri tvo laugardagsmorgna, voru menn fræddir um OSCAR 100 gervitunglið og nokkrir fóru í loftið á tali.

#### 4.2 SUNNUDAGSOPNANIR.

##### 4.2.1 Sunnudagsopnun 17. nóvember.

Fyrsta sunnudagsopnun á vetrardagskrá félagsins (í október-desember) var í boði 17. nóvember. Jónas Bjarnason, TF3JB, mætti í Skeljanes og fjallaði um viðurkenningar radíóamatöra.

Fram kom m.a. að viðurkenningar hafa verið í boði til radíóamatöra í a.m.k. 96 ár og að þær eru vinsæll þáttur hjá mörgum sem hluti af áhugamálinu. Fram kom einnig, að margar viðurkenningar eru „erfiðar“ eða jafnvel mjög erfiðar að ná og að það getur tekið mörg ár eða jafnvel áratugi að uppfylla kröfurnar.



Frá vinstri: Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Wilhelm Sigrúðsson TF3AWS, Ársæll Óskarsson TF3AO, Vilhjálmur Í. Sigrúnsson TF3VS, Jónas Bjarnason TF3JB og Mathías Hagvaag TF3MH (snýr baki í myndavél). Í guggunum má sjá raðað sex af þrettán DXCC viðurkenningum TF3JB. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

Þær þekktustu eru DXCC, WAZ, WAC, WAS, IOTA, WAE og EUROPA DIPLOM. Þær eiga það allar sammerkt að það liggur töluverð vinna á bak við þær. Sá leyfishafi sem á flestar viðurkenningar hér á landi nálgast 2000 og er enn jafn áhugasamur og hann var daginn sem hann byrjaði. Það er Brynjólfur Jónsson, TF5B, viðurkenningastjóri ÍRA.

Á staðnum voru til sýnis 30 innrammaðar viðurkenningar sem TF3JB hefur safnað í gegnum árin, m.a. 5BDXCC, DXCC CHALLENGE og DXCC „Mixed“, „CW“, „Phone“ og „Digital“, auk einsbands DXCC viðurkenninga á 10M, 12M, 15M, 20M, 30M, 40M og 80M.

WAZ „Mixed“, „CW“, „SSB“ og einsbands WAZ viðurkenningar á 17 og 20M. WPX „Mixed“, „CW“, „SSB“ og „Digital“, auk uppfærslna (*e. endorsements*) fyrir 1,8, 3,5, 7, 10, 14, 18, 21, 28, og 50 MHz bönd og uppfærslur fyrir meginlöndin (*e. continental endorsements*), þ.e. Norður-Ameríku, Suður-Ameríku, Evrópu, Afríku og Asíu, bæði „mixed“ og á „CW“.

WAS „Mixed“, „CW“, „Phone“ og „Digital“, auk einsbands WAS viðurkenninga á 10M, 12M, 17M og 20M („Mixed“) og á 10M, 12M, 17M og 20M („Digital“).

Einnig voru sýndar WAJA viðurkenningin, VUCC og fleiri. VUCC er sú eina sem ARRL hefur gefið út á TF kallmerki á 50 MHz.

Alls mættu 11 félagar og 1 gestur í Skeljanes þennan ágæta sunnudagsmorgun. Vefslóð á glærur á heimasíðu félagsins: <http://bit.ly/345WdY1>



Hluti af viðurkenningum sem voru til sýnis í Skeljanesi. Frá vinstri sést í VUCC sem er skammstöfun fyrir "VHF/UHF Century Club Award" og er hliðstæð DXCC viðurkenningum á HF. Þetta er eina VUCC viðurkenningin sem hefur verið gefin út til TF á 50 MHz. Fyrir miðju er WAJA (Worked All Japan Prefectures Award). TF3JB upplýsti að það hafi tekið hann 38 ár að safna upp í kröfur japanska landsfélagsins þegar hann fékk hana loks í febrúar 2015. Aðrar viðurkenningar sem sjást (eða sést í) eru WAZ (Worked All Zones) og WAS (Worked all States Award). Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

#### 4.2.2 Sunnudagsopnun 24. nóvember.


Önnur sunnudagsopnun á vetrardagskrá ÍRA var í boði sunnudaginn 24. nóvember. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, mætti í Skeljanes og fjallaði um „Hvernig er að vera QRV á FT4?“

Fram kom m.a. að FT4 sem er samskiptaháttur, hefur verið kynntur sem tilraun sem beint er sérstaklega að keppnum. Hann lagði áherslu á að FT4 er ekki mótunaraðferð heldur samskiptareglur undir MFSK mótun. Sendir eru 4 tónar í tíðnihliðrunarlyklun og er heildarbandbreidd sendingarinnar 90Hz. Til samanburðar er FT8 8 tónar og heildarbandbreiddin 50Hz. Samskiptahátturinn er nauðalíkur FT8 að mörgu leyti, bæði í innri uppbyggingu og í notendaskilum:

- Sendingarnar standa alltaf yfir í fastsettan ákveðinn tíma.
- Fyrirfram er ákveðið að miklu leyti hvað fram fer í sendingunni.
- Afar öflug villuleiðrétting á sér stað í móttökunni.
- Hver sendilota er aðeins 6 sekúndur, FT4 er því 2,5x hraðvirkara en FT8.
- FT4 er því að jafnaði á sama hraða og RTTY ... en
- FT4 getur unnið með merki sem er 10dB veikara en RTTY ræður við.
- FT4 notar bara brot af bandbreidd RTTY fyrir hverja sendingu.

Þetta er hægt m.a. með síunartækni þar sem kassabylgjuformið er rúnnað af til að eyða smellum, rétt eins og í morsi (sjá meðfylgjandi mynd).

Allt FT4 utanumhaldið fer fram í forritinu sem mótar/afmótar en nokkur forrit eru í boði, t.d. WSJT-X, JTDX og MSHV eru þekktust. FT4 hefur sérstakt tíðniplan, oft aðeins ofar í tíðni en FT8 en þó ekki alltaf. Í JTDX forritunum má hlaða öllu tíðniplaninu inn með einum smelli í uppsetningarhætti forritsins. Undantekning frá því getur verið þegar stórir/eftirsóttir DX leiðangrar eru virkir, þá er móttakan iðulega höfð annarsstaðar. Dæmi 1A0C sendi á venjulegu 14,080 en hlustaði á 14,090, en næstum allir á 14,090 voru þá að kalla á þá. Að lokum



sýndi Vilhjálmur hvernig QSO í FT4 fara fram og notaði hann til þess Logger32 forritið með JTDX uppsettu sem undirforriti í því, en þannig loggast öll sambönd jafnóðum beint í loggforritið sem hann notar að jafnaði auk þess sem það sést jafnóðum hvaða sambönd hafa verið átt við stöðvarnar sem kalla, hver sem móttunin hefur verið fyrir.



Skeljanesi 24. nóvember. Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS úrskýrir FT4 samskiptamátann í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Aðrir á mynd (frá hægri til vinstri): Óskar Sverrisson TF3DC og Þórður Adolfsson TF3DT (snúa baki í myndavél), Mathias Hagvaag TF3MH, Kristján Benediktsson TF3KB, Guðmundur Ingi Hjalmtýsson TF3IG og Vilhjálmur TF3VS. Þar sem viðburðurinn var "sófasunnudagur" voru málin bæði rædd á neðri hæð í leðursófasettinu – áður en farið var upp í fjarskiptaherbergi og eftir – yfir kaffi og meðlæti. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Að lokum var farið í loftið á FT4 úr fjarskiptaherbergi TF3IRA og „runnu“ samböndin afar lipurt í gegn. Flestir viðstaddir voru á því að áhugavert væri að prófa FT4, en að sögn Vilhjálms er þó nokkur fjöldi TF-stöðva þegar virkur á FT4.

Alls mættu 10 félagar og 1 gestur í Skeljanes þennan frostkalda sunnudagsmorgun í vetrarsól og lognblíðu í vesturbænum í Reykjavík.



Frá vinstri: Þórður Adolffsson TF3DT, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS og Óskar Sverrisson TF3DC (næst myndavél).



Óskar Sverrisson TF3DC og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS skoða FT4 merki á skjánum. Öllum viðkomandi bauðst að prófa að fara í loftið á FT4 með leiðsögn. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.

### 4.2.3 Sunnudagsopnun 8. desember.

Þriðja sunnudagsopnun á vetrardagskrá ÍRA var í boði sunnudaginn 8. desember kl. 11 árdegis. Kristján Benediktsson, TF3KB, mætti í Skeljanes og fjallaði um tíðniplön á HF amatörböndunum.



Skeljanesi 8. desember. Frá vinstri: Wilhelm Sigurðsson TF3AWS, Mathias Hagvaag TF3MH (snýr baki í myndavél), Kristján Benediktsson TF3KB, Jón Björnsson TF3PW og Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson TF3VS. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Kristján greindi frá sögulegum þáttum þessara „umferðarreglna“ radióamatöra og skýrði m.a., að þetta væru reglur sem við settum okkur sjálfir innan ríkjandi tíðniheimilda stjórnvalda. Hann fór vel yfir tíðniplanið fyrir okkar svæði, IARU Svæði 1 og nefndi helstan mun á milli svæðanna þriggja (I, II og III) í heiminum.

Fram kom, að stóru landsfélögin, m.a. ARRL, DARC og RSGB, hafi látið útbúna meðfæri-leg plaköt sem hafa má á vegg í fjarskiptaherbergi, þar sem sjá má á augnabliki skipulag fyrir hvert band. Slíkt væri mjög til þæginda. Kristján gat þess jafnframt, að ríkjandi tíðniplan væri uppfært eftir þörfum, en þess sé að væta að gefið verði út nýtt skjal á næsta ári (2020).

Útprintað eintak af tíðniplaninu verður til afhendingar til félagsmanna í Skeljanesi frá og með næstu fimmtudagsopnun.


Vefslóð: [https://iaru-r1.org/images/IARU\\_REGION\\_1\\_HF\\_BAND\\_PLAN\\_\\_2016\\_v2.pdf](https://iaru-r1.org/images/IARU_REGION_1_HF_BAND_PLAN__2016_v2.pdf)

Alls mættu 10 félagsmenn og 1 gestur í Skeljanes þennan kyrra og fallega vetrarmorgun í vesturbænum.

10m Band:			
28000 - 28070	200	CW,	28055 kHz – QRS Centre of Activity 28060 kHz – QRP Centre of Activity
28070 - 28120	500	Narrow band modes – digimodes	
28120 - 28150	500	Narrow band modes – digimodes, automatically controlled data stations (unattended)	
28150 - 28190	500	Narrow band modes	
28190 - 28199		IBP, regional time shared beacons	
28199 - 28201		IBP, worldwide time shared beacons	
28201 - 28225		IBP, continuous duty beacons	
28225 - 28300	2700	All modes – beacons	
28300 - 28320	2700	All modes – digimodes, automatically controlled data stations (unattended)	
28320 - 29000	2700	All modes,	28330 kHz – Digital Voice Centre of Activity 28360 kHz – SSB QRP Centre of Activity 28680 kHz – Image Centre of Activity
29000 - 29100	6000	All modes	
29100 - 29200	6000	All modes – FM simplex – 10 kHz channels	
29200 - 29300	6000	All modes – digimodes, automatically controlled data stations (unattended)	
29300 - 29510	6000	Satellite Links	
29510 - 29520		Guard channel	
29520 - 29590	6000	All modes – FM repeater input (RH1 – RH8)	
29600	6000	All modes – FM calling channel	
29610	6000	All modes – FM simplex repeater (parrot - input and output)	
29620 - 29700	6000	All modes – FM repeater outputs (RH1 – RH8)	

#### 4.2.4 Sunnudagsopnun 15. desember.

Fjórdða og síðasta sunnudagsopnun á vetrardagskrá félagsins var í boði sunnudaginn 15. desember. Jónas Bjarnason, TF3JB, mætti í Skeljanes og fjallaði um helstu niðurstöður radiótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins ITU, WRC-19, sem lauk 22. nóvember.



Bráðabirgðaskýrsla ITU um niðurstöður WRC-19 ráðstefnunnar er mikil að vöxtum, alls 568 blaðsíður.



Myndin sýnir tíðnisviðið 50.153.06 MHz á ICOM IC-7300 stöð. Bandsjáin er tvískipt, annars vegar eru ferlar SSB merkjanna sýndir upp á við og hins vegar sýnir fossinn (e. waterfall) niður á við.

Farið var sérstaklega yfir samþykkt ráðstefnunnar um 50 MHz bandið. Hún er stigskipt (eins og við var búist), þ.e. 44 þjóðríki á Svæði 1 munu veita leyfishöfum ríkjandi aðgang á 500 kHz (á 50-54 MHz) og 26 ríki munu veita ríkjandi aðgang að öllu sviðinu. Öll þjóðríki í Svæði 1 hafa samþykkt að veita radióamatörum víkjandi aðgang að 50-52 MHz.

Aðrar þjónustur sem fyrir voru með úthlutun í Svæði 1 og Svæði 3 munu halda fyrri heimildum. Núverandi ríkjandi aðgangur radióamatöra að 50-54 MHz í Svæðum 2 og 3 helst óbreyttur.

Nánari útfærsla á 50 MHz tíðnisviðinu fer nú fram hjá hverju aðildarríkja ITU (þ.á.m. hér á landi) á næstu misserum.

Jónas fór enn fremur yfir önnur tíðnisvið, m.a. 5 GHz og 47 GHz og undirbúning næstu radiótíðniráðstefnu (WRC-23) með tilliti til 1240-1300 MHz tíðnisviðsins, sem kann að verða í hættu þá. Hann skýrði jafnframt frá þeim rástöfunum sem IARU hefur þegar hafið undirbúning á til að verja tíðnisviðið.

Enn fremur var fjallað um WPT heimildir (e. *Wireless Power Transmission*) sem geta haft áhrif á fjarskipti radióamatöra á HF böndunum (og á tíðnisviðum þar fyrir neðan).

Alls mættu 9 félagsmenn og 1 gestur í Skeljanes þennan frostfagra og sólríka sunnudag.

### 4.3. NÁMSKEIÐ.

#### 4.3.1 Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda

Námskeiðið „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ var haldið tvisvar sinnum á starfsárinu, annarsvegar 16. og 23 mars og hinsvegar, 7. og 14. nóvember. Námskeiðið er í tveimur hlutum.



Þátttakendur á námskeiðinu „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ í Skeljanesi 16. mars. Frá vinstri: Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Óskar Sverrisson TF3DC, Mathías Hagvaag TF3MH (gestur), Reynir Björnsson TF3JL og Haukur Þór Haraldsson TF3NA. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Eftir undirbúning í salnum færðu menn sig upp á efri hæðina í fjarskiptaherbergi félagsins. Frá vinstri: Jón Svavarsson TF3JON, Mathías Hagvaag TF3MH (gestur), Óskar Sverrisson TF3DC, Haukur Þór Haraldsson TF3NA og Reynir Björnsson TF3JL. Á myndina vantar Sigurð Óskar Óskarsson TF2WIN. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Óskar Sverrisson, TF3DC, var leiðbeinandi, og sagði hann námskeiðið hugsað til að hjálpa leyfishöfum sem eru með nýtt eða nýlegt leyfisbréf til að byrja í loftinu. Hugmyndin er að

skapa afslappað andrúmsloft þar sem menn geta spurt allra spurninga og prófað sig áfram með reyndum leiðbeinanda og öðlast öryggi til að fara í loftið. Hann sagði að fjórir væru þægilegur fjöldi til að menn fái sem mest út úr námskeiðinu, en reiknað er með fimm að hámarki. Fyrirkomulag var þannig, að fyrst fá menn sér kaffi í fundarsal á meðan leiðbeinandi fer yfir grundvallaratriði, s.s. reglugerðina og viðauka hennar, uppsetningu stöðvar og loftnets,



Þátttakendur á námskeiðinu „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ í Skeljanesi 7. nóvember. Frá vinstri: Sigurður Óskar Óskarsson TF2WIN, Óskar Sverrisson TF3DC leiðbeinandi og Gunnar Bergþór Pálsson TF3-Ø17. Fullbókað var á námskeiðið (sem miðast við fjóra), en tveir þurftu að hætta við vegna vinnu. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

tæknileg öryggisatriði, mikilvægi þess að hlusta, skráningu í fjarskiptadagbók o.m.fl. U.þ.b. hálf tíma síðar færa menn sig upp í fjarskiptaherbergi á 2. hæð, stilla á böndin og fara yfir helstu stillingar stöðvar á morsi, tali, RTTY og FT8. Rækilega var farið yfir virkan sendisins og tekin sambönd frá félagsstöðinni.

Í síðari hluta námskeiðsins ráða nemendur ríkjum og þá er farið dýpra í fjarskiptin sjálf og spurningum um fjarskiptavenjur svarað og m.a. farið yfir „tíðniplön“ IARU. Ennfremur eru kynnt helstu dagbókarforrit. Þeir sem taka með sér eigin fjarskiptastöð, tengja hana og stilla út með aðstoð (ef þarf) og hafa sambönd.

#### 4.3.2 Arduino grunnnámskeið

ÍRA gekkst fyrir nýjung í félagsstarfinu í Skeljanesi laugardaginn 6. apríl. Um er að ræða grunnnámskeið um Arduino örtölvur í formi sýnikennslu og verkefna fyrir byrjendur. Leiðbeinandi var Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS.

Fullbókað var á námskeiðið, miðað við mest sex þátttakendur en átta voru mættir. Mikil ánægja var með námskeiðið, sbr. umsögn Yngva Harðarsonar, TF3Y, á Facebook: „Fræðandi og skemmtilegt. Vel heppnað hjá Villa. Mæli eindregið með þessu námskeiði! Sparkar vel í gang“.

Námskeiðið var í rúmlega fjórar klukkustundir; hófst kl. 10 árdegis og var lokið skömmu eftir kl. 14.





Skeljanesi 6. apríl. Frá vinstri: Kristján Benediktsson TF3KB, Yngvi Harðarson TF3Y, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, Ársæll Óskarsson TF3AO, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Mathias Hagvaag TF3MH. Bak í myndavél: Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Reynir Björnsson TF3JL og Jón Björnsson TF3PW. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Frá hægri: Jón Björnsson TF3PW, Reynir Björnsson TF3RL, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Mathias Hagvaag TF3MH og Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS. Bak í myndavél: Ársæll Óskarsson TF3AO, Guðmundur Ingi Hjálmtýsson TF3IG, Yngvi Harðarson TF3Y og Kristján Benediktsson TF3KB. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

#### 4.4. MYNDAKVÖLD.

##### 4.4.1 DX-leiðangur til Miðbaugs Gíneu og Annobon eyju.

Fyrra myndakvöldið var haldin 21. febrúar og var mikið efni í boði. Fyrst var sýnd DVD mynd frá DX-leiðangri til Miðbaugs Gíneu og Annobon eyju undan vesturströnd Afríku. Í myndbandinu var áhugaverð frásögn frá DX-leiðangri leyfishafa frá Lettlandi, YL1ZF,

YL2GM og YL2KL. Kallmerki voru 3C3W og 3CØW. Þeir voru QRV 28. febrúar til 9. mars annarsvegar og 10.-24 mars 2018, hinsvegar.

Þeir félagar höfðu alls 86 þúsund QSO, þ.á.m. við marga íslenska leyfishafa. Myndasýningin var í boði Óskars Sverrissonar, TF3DC.



Óskar sýndi einnig úr mynd frá síðasta DX-leiðangri sem farinn var til Peter 1

*Skeljanesi 21. febrúar. Óskar Sverrisson TF3DC bauð upp á DVD myndir þar sem efnið var DX-leiðangrar til fjarlæggra staða. Ljósmynd: TF3JB.*

eyju á Suðurheimsskaautslandinu. Myndin veitti góða innsýn í erfiðar aðstæður leiðangursins sem farinn var árið 2006. Alls voru höfð 87 þúsund QSO. Myndin er í eigu félagsins og var gefin af Brynjólfi Jónssyni, TF5B. Að lokum var sýnt úr mynd frá frægum DX-leiðangri til Malpelo eyju sem í raun er stór klettur í austur-Kyrrahafi, um 500 km vestur af Kólumbíu. Afar fróðleg mynd, en á 6 vikum höfðu þátttakendur yfir 190 þúsund QSO. Þeir settu upp búðir efst á klettinum, sem ekki er nema 1600 m á lengd og 700 m á breidd.

#### 4.4.2 DX-leiðangur til Suður-Orkneyja.

Síðara myndakvöld félagsins var haldið 10. október í Skeljanesi með sýningu DVD heimildarmyndar frá DX-leiðangri til VP8ORK á Suðurskautsskaganum. Myndin var tekin af James Brooks, 9V1YC, sem hefur gert margar vel heppnaðar myndir af þessu tagi.

Óskar Sverrisson, TF3DC, kynnti myndina sem farinn var til Suður-Orkneyja 27. janúar til 8. febrúar 2011. Margar TF stöðvar náðu sambandi við leiðangurinn (fjarlægð er um 14 þúsund kílómetrar frá Íslandi), en eyjurnar eru staðsettar á vestanverðum Suðurskautsskaganum. VP8ORK hafði alls 63.433 QSO.



*Myndin er af hópnum sem setti VP8ORK í loftið: K9ZO, ND2T, 9V1YC, K0IR, N1DG, N0AX, W3WL, N6MZ, I8NHJ, N4GRN, WB9Z, W7EW og VE3EJ. Ljósmynd: 9V1YC.*

# 5. Námskeið og próf til amatörleyfis

## NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS – PRÓF TIL AMATÖRLEYFIS

### 5.1 NÁMSKEIÐ TIL AMATÖRPRÓFS.

Námskeið ÍRA til amatörprófs árið 2019 hófst 18. október og lauk 11. desember. Það stóð yfir í um 8 vikur. Að þessu sinni var kennt ýmist 2 eða 3 daga í viku, á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum, kl. 18:30-21:30. Félaginu bauðst til afnota kennslustofa tækni- og verkfræðideildar í Háskólanum í Reykjavík. Aðstaða í HR er fyrsta flokks, bæði fyrir kennara og nemendur. Skráðir þátttakendur voru 19 talsins.



Háskólinn í Reykjavík er staðsettur við Menntaveg í Öskjuhlíð skammt frá Reykjavíkflugvelli.

Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX, formaður prófnefndar, setti upp og vann skipulag námskeiðsins og Jón Björnsson, TF3PW, annaðist framkvæmd og umsjón námskeiðsins fyrir hönd félagsins. Að þessu sinni voru leiðbeinendur tíu talsins (í stafrófsröð): Andrés Þórarinnsson, TF3AM; Ágúst Úlfar Sigurðsson, TF3AU; Haukur Konráðsson, TF3HK; Henry Arnar Hálfánarson, TF3HRY; Hörður Mar Tómasson, TF3HM; Kristinn Andersen, TF3KX; Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA; Vilhjálmur Þór Kjartansson, TF3DX; Þór Þórisson, TF3GW og Jón Björnsson, TF3PW.



Vilhjálmur TF3DX



Andrés TF3AM



Hörður Mar TF3HM



Henry TF3HRY



Kristinn TF3KX



Sæmundur TF3UA



Ágúst TF3AU



Haukur TF3HK



Þór TF1GW



Jón TF3PW

Skipulag námskeiðsins í heild er birt í Viðauka-B með skýrslu þessari.

Námskeiðsgjald var 20 þúsund krónur en miðað er við að gjaldið standi undir framleiðslu námsefnis hverju sinni. Námsefni var endurskoðað og uppfært, m.a. ritið „Merki og mótun til radióamatörprófs“, 3. útgáfa, eftir Vilhjálm Þór Kjartansson, TF3DX.

### 5.1.1 Undirbúningur námskeiðs.

Í samræmi við starfsáætlun stjórnar og að höfðu samráði við prófnefnd og umsjónarmann námskeiða, var ákveðið að kanna áhuga á þátttöku í námskeiði til amatørprófs haustið 2019. Formleg tilkynning, þar sem auglýst var eftir þátttöku, var síðan sett á heimasíðu félagsins og FB síður 13. september.

Nokkru síðar, eða 29. september, kom 4. tbl. CQ TF út og voru birtar upplýsingar í blaðinu um að námskeið væri fyrirhugað. Á svipuðum tíma voru hengdar upp tilkynningar í háskólunum á Reykjavíkursvæðinu, sem og hjá Ferðaklúbbnum 4X4 og fleiri aðilum.

Tilkynningum um fyrirhugað námskeið á netmiðlum félagsins var síðan fylgt eftir með fleiri innsetningum í september og október, eða til þess tíma sem lokað var á móttöku umsókna 15. október.

### 5.1.2 Setning námskeiðsins.

Námskeið ÍRA til amatørprófs 2019 var sett í Háskólanum í Reykjavík föstudaginn 18. október. Jón Björnsson, TF3PW, umsjónarmaður, setti námskeiðið að viðstöddum Vilhjálmi Þór Kjartanssyni, TF3DX, formanni prófnefndar. Alls voru 19 skráðir að þessu sinni.



Frá setningu námskeiðs ÍRA til amatørprófs í Háskólanum í Reykjavík 18. október. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

### 5.1.3 Þátttakendur heimsækja Skeljanes.

Þátttakendum á námskeiði ÍRA til amatørprófs bauðst að heimsækja félagsaðstöðuna í Skeljanesi laugardaginn 30. nóvember. Jón Björnsson, TF3PW, umsjónarmaður námskeiða félagsins, skipulagði daginn sem heppnaðist mjög vel

Dagurinn hófst kl. 10 árdegis með stuttu ávarpi formanns. TF3JB lýsti aðstöðu félagsins og helstu starfspáttum sem standa félagsmönnum til boða. Að því loknu tók varaformaður við. TF3DC fór með hópinn út í portið við austurhlið hússins og lýsti loftnetakosti TF3IRA, þ.e. 4 staka YAGI loftneti á 20M og stangarloftneti á 10, 15, 20, 40 og 80M. VHF stjóri félagsins

fylgdi hópnum líka og lýsti TF1A m.a. loftnetum sem notast við gervihnattastöð TF3IRA á 2,4 og 10 GHz.



*Bátttakendur fá kynningu á loftnetum TF3IRA. Frá vinstri: Kynning á fjarskiptabúnaði TF3IRA. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, Björgvin Víglundsson, TF1A og Óskar Sverrisson TF3DC. Ljósmynd: TF3JB. Eiður Kristinn Magnússon TF3-071, Gunnar Bergþór Pálsson TF3-017 og Óskar Sverrisson TF3DC. Á myndina vantar þá Sigurð Kolbeinsson TF3-066 og Svein Aðalsteinsson. Ljósmynd: TF3JB.*


Þegar inn var komið á ný, bættu menn á sig kaffi og á meðan fjallaði QSL stjóri félagsins um kortamál. TF3MH lýsti mikilvægi kortastofunnar og kynnti samvinnu hennar við aðrar í landsfélögum radióamatöra um heiminn. Þegar menn færðu sig upp á efri hæðina sýndi hann jafnframt aðstöðu kortastofunnar, þar sem hver leyfishafi hefur eigið hólf.

Loks færðu menn sig yfir í fjarskiptaherbergi TF3IRA þar sem þeir TF3DC og TF1A tóku við á ný og var búnaður TF3IRA kynntur. TF3DC kynnti þau tvö fjarskiptaborð sem eru til afnota fyrir HF tíðnir og TF1A kynnti þriðja borðið, sem er fyrir sambönd um Es'hail/Oscar 100 gervitunglið. Skemmtilegar umræður fylgdu, enda kynntu þeir félagar marga forvitni-lega og spennandi þætti fjarskiptanna og tilheyrandi búnað.



*Ari Þórólfur Jóhannesson VHF stjóri ÍRA kynnir gervihnattastöð TF3IRA sem er fyrir sambönd um Es'hail/Oscar 100 gervitunglið. Frá vinstri: Eiður Kristinn Magnússon TF3-071, Gunnar Bergþór Pálsson TF3-017, Sveinn Aðalsteinsson, Björgvin Víglundsson, Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Mathías Hagvaag QSL stjóri ÍRA. Ljósmynd: TF3DC.*

Þeir nemendur á námskeiði félagsins sem áttu heimangengt í Skeljanes þennan ágæta laugardag voru þeir Björgvin Víglundsson, Eiður Kristinn Magnússon TF3-071, Gunnar Bergþór Pálsson TF3-017, Sigurður Kolbeinsson TF3-066 og Sveinn Aðalsteinsson.



Lesefni sem lá frammi: DXCC heildarstaða TF stöðva m.v. 17. nóvember 2019; Vetrardagskrá ÍRA okt.-des. 2019, Ávarpsbréf til nýrra félagsmanna og sýnishorn félagsblaðsins CQ TF, 1. tbl. 2018. Efri röð: Greinar eftir Ara Þórólf Jóhannes-son TF1A: „Endurvarpar, stafvarpar, radióvitar“ (úr 2. tbl. CQ TF 2019); „Spennandi: QRV um nýja gervitunglið“ (úr 4. tbl. CQ TF 2019) og „Es’hail-2/P4A – OSCAR 100“ (sérprentun úr 3. tbl. CQ TF 2019). Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

#### 5.1.4 Próf til amatörleyfis 14. desember.

Alls voru tólf skráðir til prófs Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis, sem haldið var laugardaginn 14. desember í Háskólanum í Reykjavík. Þar af sátu tíu próf í raffræði og radiótækni og níu próf í reglum og viðskiptum. Fyrirkomulag var sem hér segir:

10:00-12:00 Raffræði og radiótækni  
 13:00-15:00 Reglur og viðskipti  
 15:30 Prófsýning

Allir átta náðu fullnægjandi árangri til G-leyfis í tækninni. Upptökupróf í reglum og viðskiptum var haldið 28. desember í Skeljanesi.



Myndin var tekin þegar próf PFS til amatörleyfis var að hefjast 14. desember kl. 10:05 í stofu V109 í Háskólanum í Reykjavík. Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX, formaður prófnefndar stendur fyrir stafni. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Nöfn og kallmerki þátttakenda sem náðu prófi:

Árni Helgason, TF4AH, Patreksfirði.  
Björgvin Víglundsson, TF3BOI, Reykjavík.  
Eiður K. Magnússon, TF1EM, Reykjavík.  
Gunnar B. Pálsson, TF2BE, Reykjavík.  
Pétur Ólafur Einarsson, TF3POE, Reykjavík.  
Sigurður Kolbeinsson, TF8TN, Reykjavík.  
Sveinn Aðalsteinsson, TF1SA, Reykjavík.  
Þorsteinn Björnsson, TF4TB, Kópavogi.

Stjórn ÍRA óskar viðkomandi til hamingju og býður þá velkomna í loftið.



Myndin var tekin þegar próf í reglum og viðskiptum var að hefjast. Þór Þórisson TF1GW fulltrúi PFS lagði prófið fyrir.



Próf í reglum og viðskiptum tók skemmri tíma en reiknað var með. Prófsýningu var því flýtt til kl. 14:30. Á mynd (séð frá hægri) : Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, prófnefnd; Kristinn Andersen TF3KX, prófnefnd og Jón Björnsson TF3PW, umsjónarmaður námskeiða ÍRA. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.



Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX fór gaumgæfilega yfir rétt svör við spurningum í raffræði og tækni í samráði við þátttakendur. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

## 5.2 KVEDJA FRÁ STJÓRN ÍRA OG ÞAKKIR

Stjórn ÍRA sendi eftirfarandi tilkynningu inn á heimasíðu félagsins og Facebook síður þann 13. desember:

Stjórn ÍRA óskar þátttakendum í prófi Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis, sem fram fer laugardaginn 14. desember í Háskólanum í Reykjavík góðs gengis.

Jafnframt er starfsmönnum Póst- og fjarskiptastofnunar, prófnefnd ÍRA, leiðbeinendum á námskeiði ásamt umsjónarmanni og öðrum þeim sem að verkefninu komu, færðar þakkir fyrir gott framlag. Þá vill félagið ennfremur þakka stuðning forráðamanna Háskólans í Reykjavík fyrir þann velvilja sem félaginu er sýndur með aðgangi að kennslurými skólans.

## ÚR FÉLAGSSTARFINU.



Hrafnkell Sigurðsson TF8KY/M í VHF/UHF leikunum 2019. Ljósmynd: Björn Þór Hrafnkelsson TF8TY.



## 6. TF útileikar, vitahelgin, keppnir

### TF ÚTILEIKAR, VITAHELGIN, SÉRSTÖK KALLMERKI, KEPPNIR

#### 6.1 TF ÚTILEIKARNIR 2019, KYNNING OG AFHENDING VIÐURKENNINGA

TF útileikarnir 2019 fóru fram um verslunarmannahelgina, 3.-5. ágúst. Þátttaka var ágæt, eða alls 14 stöðvar sem voru í loftinu, samanborið við 15 í fyrra (2018), en dagbókum var skilað fyrir 10 stöðvar í ár. Að þessu sinni var haldið var upp á 40 ára afmæli útileikanna, en þeir voru fyrst haldnir um verslunarmannahelgina 1979.



Einar Kjartansson TF3EK umsjónarmaður TF útileikanna kynnir helstu reglur og úrslitin 2019. Ljósmynd: TF3JB.

Þátttakendur voru ágætlega dreifðir um landið, m.a. í Borgarfirði, Keflavík, Vogum, Garðskaga, Grímsnesi, Hveragerði, Stokkseyri, undir Eyjafjöllum og á Barðaströnd, auk stöðva á höfuðborgarsvæðinu. Skráður fjöldi sambanda var alls 124 og heildarfjöldi QSO stiga var alls 360.

#### 6.1.1 Keppnisreglur

Reglur TF útileikanna voru síðast uppfærðar fyrir leikana árið 2017. Markmið þeirra frá upphafi, hefur verið að auka færni radióamatöra í fjarskiptum innanlands og þekkingu á útbreiðslu í MF og HF tíðnisviðunum. Í útileikunum er lögð áhersla á að nota lægri böndin, 160m, 80m, 60m og 40m, en sambönd á hærri HF tíðnum teljast einnig til stiga, eins og um væri að ræða sambönd á 40m. Heimilt er að hafa sambönd hvenær sem er þessa tvo sólarhringa, en til að „þétta“ virknina eru fjögur tímabil gefin upp: Kl. 17-19 á laugardag, 9-12 á sunnudag, 21-24 á sunnudag og 8-10 á mánudag. Samband við sömu stöð, á sama bandi, telst gilt svo fremi sem a.m.k. 8 klst. séu liðnar frá fyrra sambandi.

Þótt hafa megi samband hvenær sem er þessa þrjá daga má heildarþátttökutími hvernar stöðvar ekki fara yfir 9 klukkustundir miðað við höfð QSO. Ef haft er samband, telst tíminn minnst 30 mínútur, jafnvel þótt aðeins sé um eitt samband að ræða. Hver byrjaður hálfúti til

viðbótar reiknast 30 mínútur. Þrjú sambönd er hámarksfjöldi sambanda sem er heimilaður við sömu stöð á sama bandi.

Lágmarksupplýsingar sem skipst er á eru QSO raðnúmer (001 o.s.frv.) og QTH. Viðbótarstig fæst ef einnig er skipst á RS(T) og afli. RS(T) táknar læsileika, styrk og tón merkis. Miðað er við afl í wöttum frá sendi í loftnet. QTH má gefa upp sem 4 eða 6 stafa hnit/staðarreiði (e. *Maidenhead locator*) t.d. HP94bc (sjá t.d. <http://www.arrl.org/grid-squares>) eða breidd og lengd, í gráðum, t.d. 6421.



Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA, afhenti Hrafnkeli Sigurðssyni TF8KY glæsilegan verðlaunabikar og verðlaunaskjal fyrir bestan árangur í TF útileikunum 2019. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.



Óskar Sverrisson TF3DC tekur við viðurkenningarskjali Georgs Magnússonar TF2LL fyrir 2. sætið í leikunum 2019.



Jónas Bjarnason TF3JB tekur við viðurkenningarskjali fyrir 3. sætið í leikunum. Ljósmyndir: Jón Svavarsson TF3JON.



Einar Kjartansson TF3EK tekur við viðurkenningarskjali fyrir 4. sætið í leikunum 2019. Ljósmyndir: TF3JON.



Jónas Bjarnason TF3JB og Wilhelm Sigurðsson TF3AWS taka á móti viðurkenningarskjali fyrir TF3IRA fyrir 5. sætið (en báðir komu að starfrækslu félagsstöðvarinnar).

Stigafjöldi fyrir hvert samband fer eftir staðsetningu í reitum sem skilgreindir eru með 4 stafa hnit/staðarreit, t.d. HP94. Eitt eða tvö stig fást fyrir sambönd innan sama reits. Fyrir sambönd milli reita bætist við samanlagður mismunur á númerum reita norður og austur. Þannig gefur fullt samband milli HP83 og HP94 4 stig en samband milli HP94 og IP04 gefur

3 stig. Einn margfaldari, sem fer eftir fjölda reita sem sent er frá, er notaður til að reikna endanlegan stigafjölda. Margfaldarinn er 3 ef öll sambönd eru frá sama reit, ef sent er frá fleiri reitum bætist 1 við fyrir hvern reit; margfaldari verður þó ekki hærri en 6.

### 6.1.2 Kynning leikanna 2019

TF útileikarnir voru kynntir í 3. tbl. CQ TF sem kom út 30. júní. Þeir voru jafnframt kynntir í Skeljanesi á sérstökum kynningarfundum þann 1. ágúst sem var vel sóttur. Þá voru viðburðurinn, kynningarfundur og leikarnir sjálfir vel kynntir á heimasíðu félagsins.



Glæsilegur verðlaunabikar var í 1. verðlaun í TF útileikunum 2019. Ennfremur viðurkenningar fyrir bestan árangur í fyrstu fimm sætum. Verðlaunabikarinn er frá fyrirtækinu Marko-Merki ehf., en viðurkenningarskjölin voru útbúin af Brynjólfi Jónssyni TF5B viðurkenningastjóra ÍRA. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

### 6.1.3 TF útileikarnir 2019; úrslit

Alls voru 14 íslensk kallmerki QRV um skemmri eða lengri tíma í útileikunum 2019: TF1A, TF1EIN, TF1JI, TF1GW, TF1OL, TF2LL, TF3DX, TF3EK, TF3IRA, TF3JB, TF3VS, TF3Y, TF8KY, TF8YY. Keppnisdagbókum var skilað inn fyrir eftirtalin kallmerki:

KALLMERKI	QSO	QSO STIG	MARGFALDARI	HEILDARSTIG
TF8KY	23	85	5	425
TF2LL	33	84	3	252
TF3JB	16	41	3	123
TF3EK	10	26	4	104
TF3IRA	11	32	3	96
TF1EIN	11	27	3	81
TF1JI	6	24	3	72
TF3DX	5	16	4	64
TF3Y	7	15	3	45
TF1A	5	10	3	30

Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, var sigurvegari TF útileikanna 2019. Hann var með alls 425 heildarstig. Í öðru sæti varð Georg Magnússon, TF2LL, með 252 heildarstig og í þriðja sæti

Jónas Bjarnason, TF3JB, með 123 heildarstig. Í fjórða sæti varð Einar Kjartansson, TF3EK, með 104 stig og í fimmta sæti, TF3IRA með 96 stig.

#### 6.1.4 Afhending viðurkenninga

Viðurkenningar fyrir útileikana 2019 voru afhentar í Skeljanesi 17. október og var viðburðurinn annað atriði á vetrardagskrá félagsins á tímabilinu október til desember. Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður félagsins bauð viðstadda velkomna. Þá fór Einar Kjartansson, TF3EK, umsjónarmaður útileikanna, yfir úrslit og síðan fór fram afhending verðlauna og viðurkenninga. Að lokum var viðstöddum boðið að þiggja kaffiveitingar.




Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX og XYL Guðrún Hannesdóttir TF3GD fylgdust með verðlaunaafhendingunni. Þess má geta, að Vilhjálmur er líklega sá leyfishafi sem hefur tekið þátt í flestum TF útleikum frá upphafi (í 40 ár) og sagðist hann líklega bara hafa misst af tveimur útleikum frá upphafi. Hann tók að sjálfsgöðu þátt í útleikunum 2019. Ljósmynd: Jón Svavarsson TF3JON.

#### 6.2 ALÞJÓÐLEGA VITA- OG VITASKIPAHELGIN 2019

Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin fór fram 17. og 18. ágúst. Þetta er tveggja sólarhringa viðburður og er miðað við, að flestir sem koma til dvalar í vita, á vitaskipi eða í nágrenni vita hafi komið sér fyrir upp úr hádegi á laugardag.

Þetta árið var einn íslenskur viti skráður til þátttöku á heimasíðu [www.illw.net/](http://www.illw.net/) Knarrarósviti (ÍS-0001), sem er í um 5 km fjarlægð frá Stokkseyri. Kallmerkið TF1IRA var notað.

QSL kortið sem hefur verið notað frá upphafi fyrir sambönd TF1IRA á Vita- og vitaskipahelgum frá Knarrarósvita. Það var hannað og sett upp af Vilhjálmi í. Sigurjónssyni TF3VS.



Þeir TF1GW, TF3AB, TF3AO, TF3GB, TF3IG, TF3PPN og TF8HP starfræktu stöð við vitann á Knarrarósi laugardaginn 17. ágúst. Veður var ágætt og sólríkt en ekki sérstök skilyrði á HF. Nokkur fjöldi leyfishafa sótti þá félaga heim og þáði kaffiveitingar. Að jafnaði eru yfir 500 tilgreind kallmerki starfrækt þessa helgi frá um 40 þjóðlöndum. TF1IRA tók þátt strax fyrsta árið frá vitanum (1998). TF kallmerki hafa verið virkjuð árlega öll árin, oftast frá Knarrarósi.



Í fyrsta skipti var TF stöð QRV á Vita- og vitaskipahelginni 2019 um Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið. Það var Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, sem tók færanlegan búnað með sér austur að Knarrarósvita og hafði sambönd /LH.

*Knarrarósviti stendur austan við Stokkseyri. Hann er 26,2 metrar á hæð og var hannaður af Axel Sveinssyni verkfræðingi eftir hugmyndum Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins árin 1938-1939 og var fyrsti viti hér á landi byggður úr steinsteypu.*

Þrátt fyrir norðan golu, tókst að hafa sambönd um tunglið. Ari hafði reyndar prófað búnaðinn áður með ágætum árangri, um verslunarmannahelgina 2019, þegar þau hjón voru í frú á Akureyri.



*Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A/LH við Knarrarósvita 17. ágúst. Úlpan kom í góðar þarfir enda nokkur næðingur við ströndina að sögn Ara, þrátt fyrir sólríkt veður. Ljósmynd: Svanur Hjálmarsson, TF3AB.*

*Alþjóðlega vita- og vitaskipakeppnin; þátttaka frá Íslandi 1998-2019 eftir vitum og kallmerkjum.*

Viti	Kallmerki	Ár
Akranes	TF3DT	2016
Garðskagi	TF8IRA	2010, 2011, 2012, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017
Garðskagi	TF8RX	2001, 2003
Garðskagi	TF7ØIRA	2016
Knarrarós	TF1IRA	1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2007, 2008, 2009, 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019
Knarrarós	TF6ØIRA	2006
Mararrið	TF3DT	2018
Malarrið	TF3JA	2018
Reykjanes	TF8RX	2000
Vatnsnes	TF8GX	2004

*Heimild: Ayr Amateur Radio Group.*


### 6.3 SÉRSTÖK KALLMERKI, TF3YOTA

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, setti TF3YOTA í loftið frá fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi 19. desember og var stöðin í loftinu til 30. desember. Hún byrjaði jafnan á 14 MHz og þegar skilyrði hurfu á því bandi, skipti hún yfir á gervihnattastöð félagsins til fjarskipta um Es'hail/Oscar 100 gervitunglið. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins, aðstoðaði Elínu og birti skemmtileg myndskleið af fjarskiptunum á Facebook.



Elín Sigurðardóttir TF2EQ við hljóðnemann á TF3YOTA 29. desember í sambandi á 14 MHz SSB. Ljósmynd: TF3JB.




YOTA verkefnið hófst 2018. Starfsemi ÍRA er hluti af verkefni IARU Svæðis 1 um „Youngsters on the air“, skammastafað YOTA. Viðburðurinn er rekinn í desembermánuði ár hvert og var árið 2018 fyrsta árið sem verkefnið var sett í gang. Í dag eru öll landsfélög radióamatöra innan svæðisins þátttakendur, auk flestra landsfélaga á Svæðum 2 og 3. Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, er ungmennafulltrúi félagsins og YOTA verkefnisstjóri, ásamt Árna Frey Rúnarssyni, TF8RN.



## TF3YOTA fjarskiptadagbók 2019

Elín Sigurðardóttir, TF2EQ og Árni Frey Rúnarsson TF8RN Stöð ICOM IC-7810 Loftnet Optibeam OB4-20-GWA-4 út monobander Húster vertical fyrir 10-80 metra

Dags.	Tími (GMT)	Stöð	Band	Mótun	RS(T) tx	RS(T) rx	Nafn, QTH, kallmerki, op
1							
2							
3							
4							
5							
6							
7							
8							
9							
10							
11							
12							
13							
14							
15							
16							
17							
18							
19							
20							

Sérstök fjarskiptadagbók var gerð til notkunar í Skeljanesi í tilefni TF3YOTA 2019. Ljósmynd: TF3JB.

#### 6.4 KEPPNIR, TF3IRA OG TF3W

Félagsstöðin TF3IRA var virk í TF útleikunum 3.-5. ágúst ásamt um öðrum TF kallmerkjum. Ágæt dreifing var á stöðvunum þetta árið. Sjá nánar umfjöllun framar í þessum kafla.



Wilhelm Sigurðsson TF3AWS við hljóðnemann á TF3IRA í útleikunum sunnudaginn 4. ágúst. Ljósmynd: TF3JB.



Jónas Bjarnason TF3JB við hljóðnemann í TF útleikunum 2019. Ljósmynd: TF3AWS.

Að venju voru TF útleikarnir haldnir um verslunarmannahelgi og renndu margir félagsmenn við í Skeljanesi og fylgdust með fjarskiptunum, enda heitt á könnunni.

Félagsstöðin TF3W var virkjuð til þátttöku í fjórum alþjóðlegum keppnum á starfsárinu 2019/20. Það var í morshluta *CQ World Wide DX* keppinnar 2019 (23.-24. nóvember), í *SKCC Weekend Sprintaton* keppnunum á morsi (9.-10. ágúst og 8.-9. nóvember) og í *Worked All Europe (WAE)* keppninni á morsi (11. ágúst).



Sigurður R. Jakobsson TF3CW virkjaði TF3W í WAE keppninni 2019 á morsi 11. ágúst. Ljósmynd: TF3JB.



Óskar Sverrisson TF3DC keppnisstjóri ÍRA, virkjaði TF3W í morshluta CQ World Wide DX keppinnar 2019, helgina 23.-24. nóvember og í SKCC Weekend Sprintaton keppnunum á morsi, 9.-10. ágúst og 8.-9. nóvember. Ljósmynd: TF3JB.



# 7. Páskaleikar og VHF/UHF leikar

## TÍÐNISVIÐ, TEGUND ÚTGEISLUNAR, LENGSTAR FJARSKIPTAVEGALENGDIR

### 7.1 PÁSKALEIKAR ÍRA 2019

Páskaleikarnir 2019 fóru fram 20.-21. apríl. Þátttaka var góð og skiluðu alls 17 þátttakendur inn gögnum af 20 sem skráðir voru til leiks. Samanborið við fyrra ár, var þátttaka heldur minni en þá skiluðu 23 leyfishafar inn gögnum, auk 1 hlustara. Þetta voru 2. páskaleikar félagsins, en fyrstu leikarnir voru haldnir árið 2018.




Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, umsjónarmaður páskaleikanna, kynnti úrslit og niðurstöður í Skeljanesi 9. maí. Ljósmynd: TF3JB.

Þátttakendur voru ágætlega dreifðir um landið, m.a. á Akranesi, Vogum, Garði, Grímsnesi, Hvolsvelli, Borgarfirði og Skagaströnd, þótt flestir væru dreifðir um Reykjavíkursvæðið. Fjöldi sambanda í gagnagrunni var alls 390 og heildarvegalengd var alls 22.713 kílómetrar. Leikarnir fóru fram á alls sex böndum, þ.e. 2m, 4m, 6m og 80 metrum og á 70 og 23 sentímetrum.

Tafla 1. Lengstu fjarskiptavegalengdir eftir böndum/tíðnisviðum.

Band	QRG, MHz	Vegalengd, km	Kallmerki 1	Kallmerki 2
23 cm	1240	23.3	TF3DT	TF2MSN
70 cm	430	144.7	TF8TY	TF1JI
2 metrar	144	162.4	TF3GZ	TF1JI
4 metrar	70	40.2	TF8KY	TF2MSN
6 metrar	50	72.8	TF3DT	TF2LL
80 metrar	3.6	256.6	TF3VP	TF1JI

Hafa mátti samband hvenær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftast en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda til að fá punkta. Nýtt 2019 var, að tekin var upp staðsetning samkvæmt reitakerfi (e. Maidenhead grid locators). Fyrirkomulag er þannig, að þátttakendur kynna sér í hvaða 6 stafa reit þeir eru staddir hverju sinni og skrá hann við hvert QSO í gagnagrunn. Þetta fyrirkomulag kom mjög vel út og hefur augljósa kosti, m.a. að jafna vægi á milli banda. Ljóst er, að það verður notað áfram.<sup>12</sup> Uppgjör Páskaleikanna 2019 og afhending verðlauna fór fram 9. maí í Skeljanesi og veitti Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður ÍRA, verðlaun Páskaleikanna 2019. Úrslit voru sem hér segir:



Kallsvæðakortið veitir upplýsingar til viðmiðunar um staðsetningu samkvæmt reitakerfinu. Kort: Hrafnkell Sigurðsson TF8KY

1. sæti Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN, 4.655 stig.
2. sæti Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, 3.456 stig.
3. sæti Þórður Adolfsson, TF3DT, 3.249 stig.



Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN varð í 1. sæti í Páskaleikunum 2019 með 4.655 stig. Jónas Bjarnason TF3JB, formaður ÍRA, les upp textann af verðlaunagripnum. Óðinn Þór átti ekki heimangengt og tók Hrafnkell Sigurðsson TF8KY á móti verðlaununum félagsins fyrir hans hönd. Ljósmynd: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

<sup>12</sup> Breytingarnar voru m.a. reifaðar þegar farið var yfir keppnisreglur á kynningarfundum í Skeljanesi þann 11. apríl.



Hrafnkell Sigurðsson TF8KY varð í 2. sæti í Páskaleikunum 2019 með 3.456 stig. TF3JB formaður ÍRA afhenti honum verðlaunagrip félagsins. Ljósmynd: TF3VS.



Þórður Adólfsson TF3DT varð í 3. sæti í Páskaleikunum 2019. TF3JB formaður ÍRA afhenti honum verðlaunagrip félagsins. Ljósmynd: Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.

Tafla 2. Úrslit í Páskaleikum ÍRA 2019.

Nr.	Kallmerki	Nafn	QTH	Heildarstig
1.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	Akranes	4.655
2.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	Vogar (og víðar)	3.456
3.	TF3DT	Þórður Adólfsson	Reykjavík	3.249
4.	TF8TY	Björn Hrafnkelsson	Vogar (og víðar)	1.394
5.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	Hafnarfjörður	1.164
6.	TF3GZ	Georg Kulp	Borgarfjörður	1.162
7.	TF8SM	Sigurður Smári Hreinsson	Garður	966
8.	TF3GB	Bjarni Sverrisson	Reykjavík	840
9.	TF1MT	Magnús Ragnarsson	Hvolsvöllur	828
10.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	Nærri Seljalandsfossi	600
11.	TF2LL	Georg Magnússon	Borgarfjörður	580
12.	TF3VP	Valgeir Pétursson	Skagaströnd	215
13.	TF3AK	Guðmundur Birgir Pálsson	Reykjavík	190
14.	TF3JA	Jón Þ. Jónsson	Grímsnes	65
15.	TF3JB	Jónas Bjarnason	Reykjavík	60
16.	TF3EK	Einar Kjartansson	Reykjavík	30
17.	TF3VG	Valtýr Einarsson	Reykjavík	4



Frá vinstri: Jón Björnsson TF3PW, Sigurður Óskar Óskarsson, TF2WIN, Ágúst H. Bjarnason TF3OM, Þórður Adólfsson TF3DT, Höskuldur Eliasson TF3RF, Sigmundur Karlsson TF3VE, Ólafur Örn Ólafsson TF1OL, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Bjarni Sverrisson TF3GB, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY, Þórarinn Benediktz TF3TZ og Gísli Ófeigsson TF3G.

Undirbúningur Páskaleikanna var í höndum Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY. Honum til aðstoðar voru þeir Ólafur B. Ólafsson, TF3ML og Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN. Sérstakur gagnagrunnur leikanna frá fyrra ári var þróaður áfram ásamt hjálparsíðu, vegna innskráningar sambanda fyrir leikana 2019.



Glæsileg verðlaun voru veitt fyrir fyrstu þrjú sætin í Páskaleikunum 2019. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

## 7.2 VHF/UHF leikar 2019

Leikarnir 2019 fóru fram helgina 20.-21. júlí. Þátttaka var góð og voru alls 18 virkar stöðvar sem höfðu sambönd. Það er næstbesta þátttaka frá upphafi (2012) en 2018 voru 19 virkar stöðvar. QSO voru alls 237 í gagnagrunni og heildarvegalengd var alls 12.304 km.




Skeljanesi 8. ágúst. Hrafnkell Sigurðsson TF8KY umsjónarmaður VHF/UHF leikanna kynnir helstu niðurstöður og úrslit leikanna 2019. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Landfræðileg dreifing var með ágætum að þessu sinni, m.a. frá Borgarfirði, Akranesi, Hveragerði, Stokkseyri, Keflavík, Garðskaga, Vogum, Eyjafjöllum, Skálpanesi (við Brún

Langjökuls), úr Bláfjöllum, fjallinu Búrfelli (í Grímsnesi) og frá fjallinu Þríhyrningi (í nágrenni Hvolsvallar í Rangárvallasýslu), auk stöðva á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Leikarnir fóru fram á 2 metrum, 4 metrum, 6 metrum og á 70, 23 og 13 sentímetrum. Allar tegundir útgeislunar voru heimilar.



Hafa mátti samband hvenær sem var þessa 2 sólarhringa og við sömu stöð oftast en einu sinni, en a.m.k. 6 klukkustundir þurftu að líða á milli sambanda til að fá punkta. Verðlaun voru afhent 8. ágúst og voru úrslit eftirfarandi:

1. verðlaun, Óðinn Þór Hallgrímsson, TF2MSN, 2.480 heildarstig.
2. verðlauni, Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY, 2.160 heildarstig.
3. verðlaun, Ólafur B. Ólafsson, TF3ML, 1.581 heildarstig.



Verðlaunahafar í VHF/UHF leikum ÍRA 2019 ásamt formanni. Frá vinstri: Óðinn Þór Hallgrímsson TF2MSN sem hlaut 1. verðlaun, Hrafnkell Sigurðsson TF8KY sem hlaut 2. verðlaun, Ólafur B. Ólafsson TF3ML sem hlaut 3. verðlaun og Jónas Bjarnason TF3JB formaður ÍRA. Ljósmynd: Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB.

Ólafur B. Ólafsson, TF3ML og Garðar Valberg Sveinsson, TF8YY, settu Íslandsmet á 23cm í leikunum þegar þeir náðu sambandi á FM mótun á 1294.5 MHz. Ólafur var staðsettur í reit IP04bc á fjallinu Búrfelli /M og Garðar var heima í Keflavík í reit HP84ra. Ólafur sagði að styrkur merkisins frá Garðari hafi verið á milli S2-S3. Vegalengd var: 134 km.

Eldra met var 117 km; sett í útileikunum 2018 og var á milli TF3ML sem þá var staddur sunnanmegin á Fróðárheiði (skammt frá Búðum) og TF1A í Reykjavík.



Mynd af glæsilegum verðlaunagripum í VHF/UHF leikunum 2019. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Undirbúningur VHF/UHF leikanna 2019 var einkum í höndum TF8KY, umsjónarmanns þeirra og TF2MSN, auk TF3ML. Hrafnkell annaðist og endurbætti sérstakan gagnagrunn (og hjálparsíðu) fyrir þátttakendur á netinu vegna innsetningar gagna. Óðinn Þór aðstoðaði bæði við kynningu og undirbúning og Ólafur var bakhjarl leikanna.

Úrslit í VHF/UHF leikum ÍRA 2019 samkvæmt heildarstigum.

Nr.	Kallmerki	Nafn	QTH	Heildarstig
1.	TF2MSN	Óðinn Þór Hallgrímsson	Akranes	2.480
2.	TF8KY	Hrafnkell Sigurðsson	Vogar og /M	2.160
3.	TF3ML	Ólafur B. Ólafsson	Grímsnesi og /M	1.581
4.	TF1MT	Magnús Ragnarsson	Hvolsvöllur og /P	1.479
5.	TF8TY	Björn Þór Hrafnkelsson	Vogar og /M	1.476
6.	TF3VE	Sigmundur Karlsson	Hafnarfjörður og /P	803
7.	TF3LM	Jón G. Guðmundsson	Reykjavík og /M	611
8.	TF3JB	Jónas Bjarnason	Reykjavík	508
9.	TF3IRA	Íslenskir radióamatörar (op. TF3JB)	Reykjavík	480
10.	TF1GW	Þór Þórssón	Stokkseyri	184
11.	TF3JA	Jón Þ. Jónsson	Grímsnes	182
12.	TF1JI	Jón Ingvar Óskarsson	Miðbælisbökkum og /M	180
13.	TF2LL	Georg Magnússon	Borgarfjörður	138
14.	TF3VS	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	Grímsnes	72
15.	TF1A	Ari Þóroddur Jóhannesson	Reykjavík	40
16.	TF8YY	Garðar Vilberg Sveinsson	Keflavík	36
17.	TF3Y	Yngvi Harðarson	Reykjavík	15
18.	TF3PW	Jón Björnsson	Reykjavík	0

# 8. Útgáfumál

## CQ TF, HEIMASÍÐA, FÉSBÓKAÐSÍÐA, ÁVARPS- OG KYNNINGARBRÉF

### 8.1 YFIRLIT

Á starfsárinu 2019/20 gaf ÍRA út félagsblaðið CQ TF, hélt úti heimasíðunni [www.ira.is](http://www.ira.is), fésbókarsíðunni Íslenskir radióamatörar og póstlistanum [irapostur@groups.is](mailto:irapostur@groups.is). Á árinu var lokið við uppfærslu ávarpsbréfs til nýrra félaga og unnið að gerð kynningarupplýsinga um amatör radió og félagið.

#### 8.1.1 Félagsritið CQ TF

Á starfsárinu 2019/20 komu út fjögur tölublöð félagsrits ÍRA, CQ TF. Blöðin komu út í mars, júní og september og í janúar 2020. Fjöldi blaðsíðna var alls 182, en engar auglýsingar eru birtar í blaðinu. Á starfsárinu létu 30 félagsmenn efni af hendi rakna til blaðsins.



Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB  
ritstjóri CQ TF

Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri CQ TF annaðist alla vinnu í sambandi við útgáfuna, aðra en umbrot. Umbrotsvinnu annaðist Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS. CQ TF kom út á PDF formi á heimasíðu félagsins í umsjón Ölvis Styrr Sveinssonar, TF3WZ, vefstjóra [www.ira.is](http://www.ira.is). Hvert eintak CQ TF er jafnframt prentað í 25 eintaka upplagi, og hafði Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður félagsins, umsjón með því verkefni.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS  
annaðist umbrot CQ TF

CQ TF er gefið út samkvæmt ákvæði í 27. gr. laga félagsins.<sup>13</sup> Ekki er sérstaklega sagt fyrir um útgáfutíðni og tekur ný stjórn ákvörðun um það hverju sinni í starfsáætlun við upphaf stjórnarárs. Í gegnum tíðina hefur gjarnan verið miðað við að blaðið komi út a.m.k. ársfjórðungslega.

Í lögum félagsins er ennfremur kveðið á um að CQ TF hafi það hlutverk að birta fundargerð aðalfundar. Þá eru ákvæði þess efnis, að birta skuli lög félagsins og sérstakar samþykktir eða ályktanir aðalfunda og félagsfunda. Útgáfa CQ TF féll niður á fimm ára tímabilinu 2013-18.

Yfirlit yfir útgáfu CQ TF á starfsárinu 2019-2020.

TÖLUBLÖÐ 2019/20	FJÖLDI BLS.	ÚTKOMUDAGUR/MÁNUÐUR
2. tbl. 2019	40	31. mars
3. tbl. 2019	44	30. júní
4. tbl. 2019	49	29. september
1. tbl. 2020	49	23. janúar

<sup>13</sup> 27. gr. Félagið skal halda úti blaði með heitinu CQ TF. Minniháttar útgáfu blaðsins má auðkenna sem fréttabréf. Stjórn skipar ritstjóra. Hann sér til þess að haldið sé saman tveimur söfnum blaðanna, annað aðgengilegt félagsmönnum en hitt í vörslu ritstjóra á hverjum tíma.



Að ofan má sjá forsíður þeirra fjögurra tölublaða sem komu út á starfsárinu 2019/20. Frá vinstri: 2. tbl. 2019, 3. tbl. 2019, 4. tbl. 2019 og 1. tbl. 2020.

Stjórn ÍRA skipaði ritnefnd CQ TF þann 11. júní. Um er að ræða nýja nefnd og skipa hana þeir Sigurbjörn Þór Bjarnason, TF3SB, ritstjóri, formaður; Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, sem annast umbrot; Jónas Bjarnason, TF3JB, formaður og Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður. Nefndin hélt 2 formlega fundi (eftir skipan 21. júní); 21. ágúst og 17. desember.



Mynd frá fundi ritnefndar 17. desember 2019. Frá vinstri: Óskar Sverrisson TF3DC, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS, Jónas Bjarnason TF3JB og Sigurbjörn Þór Bjarnason TF3SB. Ljósmynd:

Fjórmenningarnir höfðu hist nokkrum sinnum óformlega frá því snemma árs 2019 og rætt útgáfumál. Í ljósi þess að allir voru ánægðir með það fyrirkomulag (og ekki síst að það virtist gera gagn) var þess farið á leit við stjórn ÍRA að skipa formlega ritnefnd til að tryggja áframhaldandi vinnu á þeim forsendum sem varð úr á 3. stjórnarfundi starfsársins 2019/20.

### 8.1.2 Heimasíða, [www.ira.is](http://www.ira.is)

Félagið heldur út heimasíðunni [www.ira.is](http://www.ira.is) á netinu. Núverandi síða kom fyrir sjónir félagsmanna uppfærð 9. mars 2017. Á sama tíma var skipt úr *Confluence* kerfi yfir í *WordPress* vefumsjónarkerfi.




Yfirfærsla frá eldra kerfi yfir í nýtt var mikið verk og annaðist Ölvir Styrr Sveinsson, TF3WZ, það. Vart þarf að nefna hve gríðarmikil vinna liggur að baki slíkrar yfirfærslu sem heppnaðist mjög vel og á Ölvir skilið lof fyrir verkefni vel úr hendi leyst. Hann segir reyndar sjálfur (í október 2019) að enn eigi eftir að binda nokkra lausa enda. Það er fyrirtækið Sensa, þekkingarhús samskiptalausna, sem hýsir vefsíðuna og hefur gert frá 15. nóvember 2017.



Ölvir Styrr Sveinsson TF3WZ  
vefstjóri [www.ira.is](http://www.ira.is)

Heimasíða landsfélags eins og ÍRA, er í raun „líflína“ tengsla við félagsmenn og um leið almenn upplýsingaveita til kynningar áhugamálsins. Á starfsárinu 2019/20 hefur stjórn félagsins kappkostað að fréttaflokkurinn til félagsmanna á heimasíðunni sé virkur og að nýjar upplýsingar sem varða starfsemi félagsins komi þar til birtingar eins ferskar og frekast er mögulegt. Þetta hefur heppnast og ber fjöldi innsetninga því vitni (sjá töflu).

Vel heppnuð breyting var gerð á opnunarsíðu heimasíðunnar (fréttasíðu) þann 28. mars. Þá setti Ölvir inn dálk til hægri á síðuna, sem skiptist annars vegar í „nýlegar fréttir“ og hins vegar „tenglar“ þar fyrir neðan.



Á stöplanitinu má sjá fjölda innsetninga á fréttasíðu [www.ira.is](http://www.ira.is) eftir mánuðum. Innsetningar reyndust alls 187 talsins á starfsárinu eða 16 að jafnaði á mánuði. Innsetningar voru flestar í mars og ágúst, eða 19 og 20 talsins en færstar í febrúar og júní, eða 7 og 9 talsins.

Undir fyrirsögninni *Nýlegar fréttir* birtast fyrirsagnir fimm nýjustu fréttar á heimasíðunni. Þar má smella á hverja fyrir sig og fá viðkomandi frétt beint á skjáinn. Þetta fyrirkomulag er mjög til þæginda og varð strax vinsælt og mikið notað.

Þegar smellt er á fyrirsögnina (þar fyrir neðan), *Tenglar*, þá býðst að velja annars vegar *Ársskýrsla ÍRA 2018/19* eða *CQ TF*. Þegar smellt er á ársskýrsluna kemur hún beint upp á skjáinn, en þegar CQ TF er valið, færast notandinn inn á sérsíðu fyrir blaðið og þar má velja nýjustu blöðin sem og eldri blöð áður út komin – allt frá árinu 1964.

Nýjustu blöðin eru birt efst og má smella beint á þau og þá kemur viðkomandi tölublað strax upp á skjáinn. Í framhaldi gerði Ölvir smávægilegar breytingar á öðrum hlutum heimasíðunnar til þæginda, þann 11. október. Þegar þetta er skrifað (í ársbyrjun 2020) er enn í gangi vinna við að bæta, „þetta“ og uppfæra upplýsingar sem eru í boði á heimasíðu félagsins.

### 8.1.3 Facebook síða, Íslenskir radióamatörar.

Á starfsárinu 2019/20 voru tvær almennar Facebook síður virkar á netinu fyrir íslenska radióamatöra, þ.e. *Íslenskir radióamatörar* og *Radióamatörar á Íslandi*. Sú fyrirnefnda er undir stjórn félagsins og sú síðarnefnda undir stjórn Ara Þórólfs Jóhannessonar, TF1A og Sigurðar Smára Hreinssonar, TF8SM.

Síðurnar eru báðar mikið notaðar og hefur stærstur hluti félagsmanna aðgang að báðum. Það er skoðun stjórnar ÍRA (líkt og á fyrra starfsári) að það sé nægt rými fyrir báðar. Þrýðilegt samkomulag og samvinna er með aðilum, og eru tilkynningar frá félaginu settar inn á báðar.



### 8.1.4 Facebook síða TF3OM, flóamarkaður.

Facebook síða, sem Ágúst H. Bjarnason, TF3OM, setti upp 12. janúar (2019) og heldur utan um „flóamarkað radióamatöra“, hefur gengið þrýðilega og skráningum hefur jafnt og þétt fjölgað frá stofnun og voru 108 notendur skráðir í janúar 2020. ÍRA hefur veitt verkefninu brautargengi, m.a. með því að kynna síðuna í félagsritinu CQ TF.

Ágúst skrifaði eftirfarandi formála með síðunni:

„Þetta er Flóamarkaður radióamatöra þar sem hægt er að birta auglýsingar er varða áhugamálið. Vinsamlegast eyðið auglýsingum eða merkið með “Selt” eftir að viðskipti hafa



farið fram. Þessi vefur er ekki ætlaður fyrir hljómfletningstæki, sjónvörp og þess háttar. Hann er ekki ætlaður fyrir almennt spjall, til þess eru aðrir vefir. 73 de Ágúst, TF3OM“.

Þessi skemmtilega mynd þrýðir síðuna „Flóamarkaður radióamatöra“ á Facebook.

### 8.1.5 Póstlisti, irapostur@groups.io

Starfsemi Yahoo pósthlisti félagsins var flutt í byrjun apríl 2018 og hefur verið opin síðan á vefslóðinni irapostur@groups.io Nýja slóðin var formlega opnuð 9. apríl 2018. Félagsmenn sem voru skráðir á eldri listann fengu boð um að skrá sig á groups.io og í árslok 2019 voru 99 félagar með skráningu.

Notkun pósthlistans hefur dalað mikið, sérstaklega síðastliðin þrjú ár, þar sem Facebook síður um áhugamálið hafa tekið yfir sem beinn samskiptavettvangur félagsmanna. Umferð um listann hefur því verið lítil á starfsárinu. Forveri núverandi pósthlisti (Yahoo listinn) hafði nýst félaginu vel í nær 17 ár, en hann var upphaflega stofnaður af Brynjólfi Jónssyni, TF5B, 25. október 2001.

## 8.2 Aðgangur félagsmanna að tímaritum norrænu systurfélaganna á heimasíðu.

Landsfélög radióamatöra á Norðurlöndunum, EDR, ÍRA, NRAU, SSA og SRAL, gerðu með sér samkomulag vorið 2017 þess efnis, að opna félagsmönnum hvers landsfélags aðgang að PDF útgáfum félagsblaða hinna félaganna.

Af tæknilegum ástæðum dróst að opna fyrir aðgang félagsmanna ÍRA að þessu efni þar til á fyrra ári (2018) þegar Ölvir Styr Sveinsson, TF3WZ, vefstjóri ÍRA leysti málið. Frá

júlímánuði þess árs hafa skuldlausir félagsmenn ÍRA haft aðgang að öllum norrænu blöðunum, samanber upplýsingar í meðfylgjandi töflu.

*Tímarit norrænu systurfélaganna sem er opin félagsmönnum ÍRA til lestrar á heimasíðu.*

Tímarit	Útgefandi	Tölublöð á ári	Árgangar í boði
OZ	EDR, Eksperimenterende Danske Radioamatører	11-12	2019, 18, 17
Amatørradio	NRRL, Norsk Radio Relæ Liga	6	2019, 18, 17
QTC	SSA, Föreningen Sveriges Sändareamatörer	11-12	2019, 18, 17
Raioamatööri	SRAL, Suomen Radioamatooriliitto	11-12	2019, 18, 17

Vert er að benda á, að útgáfa CQ TF féll niður í fimm ár, þ.e. frá 2013-2018, uns blaðið hóf að koma út á ný í apríl 2018. ÍRA hefur því frá þeim tíma geta boðið félagsmönnum hinna norrænu félagana að lesa okkar félagsblað á sama hátt og okkur býðst að lesa þeirra blöð.<sup>14</sup>



Eldri tölublöð tímarita norrænu landsfélaganna liggja frammi í tímaritasafni félagsins í Skeljanesi til lestrar á opnunartíma á fimmtudagskvöldum. Þar eru einnig í boði tímarit frá landsfélögum radióamatöra, svo sem í Bandaríkjunum Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu og Japan – auk CQ TF.



*Erlend tímarit sem félaginu berast eru auðkennd og aðgengileg í þessum skápum í sal á 1. hæð.*

### 8.3 Önnur útgáfa: Ávarpsbréf.

Vinnu við handrit að ávarpsbréfi til nýrra félaga sem hafði verið notað til bráðabirgða (framan af árinu), var lokið þann 1. nóvember og var það kynnt á stjórnarfundum 5. nóvember 2019.

Ávarpsbréfið er prentað í lit og er 4 blaðsíður að stærð (A3 opna). Það veitir nýjum félögum kynningu á félaginu og helstu þjónustupáttum þess.

Samhliða hefur verið unnið að gerð nýs kynningarefnis um amatör radió og félagið. Ekki náðist að ljúka því verkefni á starfsárinu en stefnt er að því að það verði tilbúið vorið 2020. Við þá vinnu hefur m.a. verið skoðað hvernig landsfélög radióamatöra í nágrennalöndunum vinna verkefni sem þetta. Nýr kynningarbæklingur verður unninn líkt og ávarpsbréfið, þ.e. í lit og 4 blaðsíður í A4 stærð (A3 opna).

Ávarpsbréf til nýrra félagsmanna liggur frammi í Skeljanesi og er haft í bæklingarekka á áberandi stað

<sup>14</sup> Til skýringar: Hér er átt við að félagsmenn norrænu félaganna geta t.d. lesið félagsblaðið CQ TF með aðstoð Google þýðingarforritsins.

á vegg (vinstra megin við inngang við eldhús) í fundarsal í Skeljanesi, sbr. ljósmynd.

Það er haft við hliðina á upplýsingablaði um vetrardagskrá félagsins. Hugmyndin er, að ávarpsbréfið geti jafnframt gagnast sem „kynningarbæklingur“ til bráðabirgða, uns eiginlegur kynningarbæklingur verður tilbúinn til dreifingar.



### Íslenskir radióamatörar, ÍRA



Myndin er af Elinu Sigurðardóttur TF2EO og Ána Frey Rúnarsayri TF8RN í fjarskiptahöfberg TF3IRA í Skeljanesi.

#### Ágesti nýi félagsmaður!

Velkominn(n) í félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA. Við þetta tekiferi viljum við vekja athygli á markmiðum félagsins og þáttum í félagsstarfinu sem félagsmönnum standa til boða.

Markmið félagsins eru skilgreind í 3. gr. félagslaga:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í því vettna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að fermi félagsmanna og góðum venum í radióvöðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradió sem leið til sjálfshjálfnar á teknisviðinu.
- Hvetja til teknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Órva radióþróttir meðal radióamatöra.
- Þróa amatörradióþjónustuna sem verðmeta þjóðarauðind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradiói á meðal ungs fólks.

Þetta eru í sjálfu sér háleitt markmið en lýsa í reynd vel kjarnann í starfsemi félagsins í þá rúmlega sjö áratugi sem það hefur starfað, en ÍRA var stofnað 14. ágúst 1946.

Starfsemin miðast við að umnið sé að þessum markmiðum og má m.a. sjá þess merki í nýjum verkefnum sem félagið reist í hverju sinni, en í heildina séð er rekstur félagsins í röstum skorðum. Í textanum hér á eftir viljum við vekja athygli á nokkrum þáttum í félagsstarfinu sem félagsmönnum standa til boða. Það er von stjórnar félagsins, að þú sem nýr félagsmaður, komir til með að nýta þér þá og taka þátt í starfinu.

1

## ÚR FÉLAGSSTARFINU.



Skeljanesi 25. júlí.

Frá vinstri: Njáll H. Hilmarsson TF3NH,  
Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A,  
Sigurður Smári Hreinsson TF8SM,  
Þórður Alólfsson TF3DT og Jón G.  
Guðmundsson TF3LM. Ari heldur á  
LNB'i fyrir loftnetsdisk. Á borðinu má sjá  
„transverter“ frá PE1CMO.  
Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

# 9. Sérstakar tíðniheimildir PFS

## TÍÐNIHEIMILDIR Á 2M, 4M, 6M, 160M OG FLEIRI BÖNDUM

### 9.1 TÍÐNIMÁL

Stjórn ÍRA átti viðræður við Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) á starfsárinu um tíðniheimildir íslenskra leyfishafa, m.a. utan hefðbundinna heimilda samkvæmt viðauka með reglugerð.



Sérstaklega var rætt við stofnunina til undirbúnings tíðniákvörðunarráðstefnunnar WRC-19, sem fram fór í Egyptalandi 28. október til 22. nóvember 2019. Haldnir voru samráðsfundir í síma og tryggður stuðningur íslenskra stjórnvalda við frumvarp IARU sem lagt var fram á ráðstefnunni.

Ennfremur var rætt um nauðsyn á uppfærslu viðauka gildandi reglugerðar, en m.a. þarf að lagfæra skráðar heimildir okkar á 40 metra bandinu sem enn má lesa á netinu að séu með víkjandi aðgang á 7.000-7.200 MHz í stað ríkjandi aðgangs, sbr. erindi stofnunarinnar til félagsins dags. 29. mars 2009 (samkvæmt ákvörðun WRC-2003).

#### 9.1.1 Sérheimild á 4 metrum; 70.200-70.250 MHz.

Ánægja hefur ríkt með tilraunaheimild Póst- og fjarskiptastofnunar til handa radíóamatörum um afnot af 70 MHz tíðnisviðinu (4 metrum) í þau 10 ár frá því hún var fyrst veitt, 19. febrúar 2010. Tilraunir hafa skilað áhugaverðum niðurstöðum, m.a. samböndum yfir lengri vegalengdir innan- og utanlands. Fram hefur komið hjá stofnuninni, að ekki hafi borist kvartanir vegna starfsemi radíóamatöra þann tíma sem heimildin hefur verið í gildi.

Eftir samráð og samkvæmt beiðni félagsins í október í fyrra (2018) um útvíkkun tíðnisviðsins (úr 70.000-70.200 MHz) bárust félaginu þau ánægjulegu tíðindi í erindi frá PFS 9. október 2018, að íslenskum leyfishöf-um væri veitt heimild til notkunar á tíðnisviðinu 70.000-70.250 MHz. Í annan stað var almenn heimild á 70 MHz framlengd til 31.12.2020.



Þessi viðauki tíðniheimildar á bandinu hefur reynst einkar mikilvægur fyrir þá sem stunda tilraunir á 70 MHz.

*Myndin er af ICOM IC-7100 sendi-/móttökustöð sem m.a. hefur 4 metra bandið.*

Leyfishafar þurfa að sækja um heimild til stofnunarinnar áður heldur en sendingar eru hafnar í tíðnisviðinu. Hafi menn haft heimild til notkunar á tíðnisviðinu þarf engu að síður að sækja sérstaklega um heimild fyrir nýtt leyfistímabil til 31.12.2020.

#### 9.1.2 Sérheimild á 160 metrum; 1850-1900 kHz.

Íslenskir radíóamatörar hafa heimild til að nota tíðnisviðið 1850-1900 kHz á víkjandi grunni í tilraunaskyni í tilgreindum alþjóðlegum keppnum. Heimild til G-leyfishafa til að nota allt að 1kW (fullt afl) var fyrst veitt með erindi Póst- og fjarskiptastofnunar til félagsins, dagsett 6. janúar 2011, en áður höfðu leyfishafar haft heimild til notkunar á tíðnisviðinu í tilgreindum alþjóðlegum keppnum á mest 10W afli.

Líkt og með 70 MHz heimildina, þurfa þeir G-leyfishafar sem hyggja á að þátttöku í tilgreindum alþjóðlegum keppnum á 1850-1900 kHz, að senda erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem tilgreint er QTH og keppni. Hver heimild gildir fyrir almanaksárið og allar tilgreindar keppnir. Hafi menn áður sótt um heimild fyrir sama QTH þarf aðeins að biðja um endurnýjun.

Þegar heimild er fengin, er jákvætt að senda tölvupóst til stofnunarinnar þar sem fram kemur að fyrirhuguð sé þátttaka í tilgreindri keppni. Þetta er gert þar sem Vaktstöð siglinga hefur úthlutaðar nokkrar tíðnir í sviðinu. Sjá töflu yfir tilgreindar alþjóðlegar keppnir sem málið varðar hér á eftir.

Skilyrði Póst- og fjarskiptastofnunar eru eftirfarandi: (a) Heimildin er einvörðungu veitt þann tíma sem tilgreindar alþjóðlegar keppnir radióamatöra standa yfir (sjá meðfylgjandi töflu); (b) G-leyfishafar hafa heimild til að nota fullt afl (þ.e. 1kW). N-leyfishafar njóta sömu tíðniréttinda, en aflheimild þeirra miðast við mest 10W.

*Heimild á 1850-1900 kHz gildir um eftirfarandi tilgreindar alþjóðlegar keppnir á árinu 2020.*

ALÞJÓÐLEG KEPPNI	TEG. ÚTG.	DAG- OG TÍMASETNINGAR	ALLS
CQ World-Wide 160 metra keppnin	CW	24.-26. janúar, kl. 22:00-21:59	48 klst.
ARRL DX keppnin	CW	15.-16. febrúar, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ World-Wide 160 metra keppnin	SSB	21.-23. febrúar, kl. 22:00-21:59	48 klst.
ARRL DX keppnin	SSB	7.-8. mars, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ WPX keppnin	SSB	28.-29. mars, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ WPX keppnin	CW	30.-31. maí, kl. 00:00-23:59	48 klst.
IARU HF World Championship	CW/SSB	11.-12. júlí, kl. 12:00-11:59	24 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	SSB	24.-25. október, kl. 00:00-23:59	48 klst.
CQ World-Wide DX keppnin	CW	28.-29. nóvember, kl. 00:00-23:59	48 klst.
ARRL 160 metra keppnin	CW	4.-6. desember, kl. 22:00-15:59	40 klst.

Þess má geta, að PFS heimilaði íslenskum leyfishöfum að vinna í tíðnisviðinu 1850-1900 kHz í tilgreindum alþjóðlegum keppnum radióamatöra árin 2007, 2008 og 2010 (ekki var sótt um heimild fyrir 2009). Þau ár var aflheimild mest 10W. Frá og með 6. janúar árið 2011 hefur hins vegar verið veitt full aflheimild til G-leyfishafa, þ.e. 1kW. Í erindi til félagsins frá stofnuninni dags. 8. janúar 2020 var sérheimildin á 160 metrum endurnýjuð fyrir yfirstandandi almanaksár.



*Myndin er af ICOM IC-7600 sendi-/móttökustöð og sýnir 160 metra bandið.*

### 9.1.3 Heimild á 6 metrum; 50-52 MHz.

Stjórn ÍRA sendi erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar með beiðni um rýmkaðar aflheimildir í 50-52 MHz tíðnisviðinu þann 5. október í fyrra (2018). Þar var þess farið á leit, að G-leyfishafar fái heimild til að nota fullt afl, þ.e. allt að 1000W. Í annan stað var þess farið á leit, að aflheimild til N-leyfishafa hækki í 100W.

Helstu rök félagsins til stuðnings erindinu voru m.a., að mikilvægt sé fyrir íslenska radióamatöra sem gera tilraunir í tíðnisviðinu, að geta haft aðgang að fullu afli til að standa

jafnfætis leyfishöfum í öðrum löndum. Hér koma m.a. til tilraunir til að hafa sambönd yfir langar vegalengdir (utanlands). EME sambönd (*e. Earth-Moon-Earth*) og MS (*e. Meteor Scatter*).

Ennfremur kemur fram í erindi félagsins, að eftir því sem sjónvarpssendingar eru lagðar niður í sviðinu í fleiri löndum, hafi aflheimildir til radióamatöra verið auknar, sbr. að Nkom (norsk systurstofnun PFS) heimilar nú norskum leyfishöfum fullt afl (allt að 1kW) á 50 MHz (í forgangsflokki-1 í reglugerð sem tók gildi þann 8. ágúst (2018). Þá hafi dönsk stjórnvöld heimilað sínum radióamatörum að nota fullt afl árum saman.


Nokkru eftir að erindi var sent til stofnunarinnar (í byrjun árs 2019) komu þær upplýsingar fram á samráðsfundi, að ekki væri formleg samþykkt að baki 50 MHz bandinu frá tíðniákvörðunarráðstefnu ITU (eins og venjan er). M.ö.o., byggði heimild til íslenskra radióamatöra til notkunar á 50 MHz bandinu á neðanmálgrein í alþjóðareglugerðinni. Stjórn félagsins hafði í raun gefið sér og ályktað, að tíðniupplýsingar með afl- og útgeislunarheimildum væru ekki birtar í viðauka með reglugerðinni, nema að um væri að ræða tíðnisvið með ITU samþykktir að baki.

Þegar leið á árið 2019 og WRC-19 tíðniákvörðunarráðstefna Alþjóðafjarskiptasambandsins ITU var framundan – og frumvarp IARU um 50 MHz bandið formgerðist, kom stjórn ÍRA tillögum IARU á framfæri við Póst- og fjarskiptastofnun. Stuðningur PFS fékkst sem og stuðningur systurstofnana PFS á Norðurlöndum og víðast um heiminn.

Grunntillaga IARU um 6 metra bandið var til umfjöllunar á WRC-19 í Egyptalandi. Góðar fréttir bárust síðan til félagsins 21. nóvember þess efnis, að radiótíðniráðstefna Alþjóða fjarskipta-sambandsins ITU, WRC-19, hafi samþykkt frumvarp IARU um að 50 MHz bandinu verði úthlutað til radióamatörþjónustunnar.

Samþykktin er lagskipt (eins og við var búist), þ.e. 44 þjóðríki á Svæði 1 munu veita leyfishöfum ríkjandi aðgang á 500 kHz (á 50-54 MHz) og 26 ríki munu veita ríkjandi aðgang að öllu sviðinu. Öll þjóðríki í Svæði 1 hafa samþykkt að veita radióamatörum víkjandi aðgang að tíðnisviðinu 50-52 MHz. Aðrar þjónustur sem fyrir voru með úthlutun í Svæði 1 og Svæði 3 munu halda heimildum. Núverandi ríkjandi aðgangur radióamatöra að 50-54 MHz í Svæðum 2 og 3 helst óbreyttur. Stjórn ÍRA sendi þegar erindi sama dag til Póst- og fjarskiptastofnunar og til framkvæmdastjórnar IARU og IARU Svæðis 1 með þökkum fyrir hönd íslenskra radióamatöra.

Á fjórðu og síðustu sunnudagsopnun á vetrardagskrá félagsins þann 15. desember, mætti Jónas Bjarnason, TF3JB, í Skeljanes og fjallaði um helstu niðurstöður radiótíðniráðstefnu Alþjóða fjarskiptasambandsins ITU, WRC-19, sem lauk þann 22. nóvember í ár (2019). Þar kom m.a. fram, að nánari útfærsla á samþykktum WRC-19 er gerð af stjórnvöldum í hverju þjóðríki fyrir sig. Fram kom einnig á fundinum, að þess er að vænta að ákvörðun verði tekin um nýskipan 6 metra bandsins hér á landi líklega fyrir páska 2020.



#### 9.1.4. Heimild á 2 metrum; 144-146 MHz.

Fréttir bárust til Íslands 30. ágúst af fundi í undirbúningsnefnd ITU fyrir tíðniákvörðunar-ráðstefnu ITU, WRC-19 og WRC-23, sem lauk í Tyrklandi þann 29. ágúst. Meðal mála sem varða tíðnisvið radióamatöra, var léttir að fá fréttir þess efnis, að tillaga franskra stjórnvalda um hugsanlegan aðgang flugþjónustunnar að 144-146 MHz bandinu (mál vegna WRC-2023), var felld á fundinum.


Mál þetta var m.a rædd á samráðsfundi framkvæmdastjórnar IARU Svæðis-1 með trúnaðarmönnum landsfélaganna í Friedrichshafen í Þýskalandi í júní (2019). Stjórn ÍRA átti í framhaldi viðræður við Póst- og fjarskiptastofnun. Öll landsfélög í IARU Svæði-I beittu sér gagnvart sínum stjórnvöldum, með stuðningi frá sérfræðingum framkvæmdastjórnar IARU, sem síðan leiddi til jákvæðar niðurstöðu, sbr. framangreindar upplýsingar.

Stjórn ÍRA sendi erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar þann 30. ágúst með þökkum fyrir stuðning við málstað radióamatöra, sem og sama dag erindi til IARU og IARU Svæðis-1 fyrir góðan undirbúning og skeleggan málflutning.

#### 9.2 NÝJAR TÍÐNIHEIMILDIR

Stjórn ÍRA vann á starfsárinu 2019/20 að frekari undirbúningi erinda til Póst- og fjarskiptastofnunar er varða tíðnimál íslenskra leyfishafa.

Fyrir liggur, að sækja þarf um uppfærslu á heimild á 60 metra bandi; 5351,5-5366,5 kHz; hvorutveggja hvað varðar tíðnisvið og aflheimild. Í annan stað er til skoðunar að sækja um heimild fyrir allt að 1,5kW í tilgreindum alþjóðlegum keppnum. Í þriðja lagi, er til skoðunar að sækja um tíðnisvið á 5 MHz og 8 MHz, í takt við heimildir írskra radióamatöra sem nánar verður til kynningar síðar. Fleiri atriði eru til skoðunar sem varða tíðnimál sem verða kynnt síðar á árinu 2020.



Fyrir áhugasama, hefur IRTS birt tíðniplan fyrir 5 og 8 MHz böndin, sem sjá má á þessari vefslóð: [file:///C:/Users/jonas/Desktop/Irish\\_8m\\_5m\\_band\\_plans%20\(4\).pdf](file:///C:/Users/jonas/Desktop/Irish_8m_5m_band_plans%20(4).pdf)

#### ÚR FÉLAGSSTARFINU.



Skeljanesi 18. október 2018. Bjarni Sverrisson TF3GB, Ólvir Styr Sveinsson TF3WZ og Óskar Sverrisson TF3DC. Ljósmynd: TF3JB.



# 9.a Ákvarðanir PFS nr. 17 og 24

## BRÁÐABIRGÐAÁKVÖRDUN NR. 17/2019 OG ÁKVÖRDUN NR. 24/2019

Athygli stjórnarmanna ÍRA var vakin á bráðabirgðaákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2019 er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar þann 22. ágúst. Ákvörðun stofnunarinnar var dagsett 16. júlí 2019.



Í framhaldi ákvað stjórn félagsins, í samráði við EMC nefnd ÍRA, að efna til kynningar- og umræðufundar í Skeljanesi 5. september í tilefni bráðabirgðaákvörðunarinnar.

Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, formaður EMC nefndar hafði framsögu og fór yfir ákvörðunina, sem varðar kvörtun vegna truflana frá radióamatör á sjónvarpsmóttöku og gæðum nettengingar hjá nágranna hans.

Við mælingar tæknideildar PFS á vettvangi var truflunin staðfest. Ekki kemur fram að búnaði leyfishafa sé áfátt, en ýmislegt fannst sem betur mátti fara hjá nágrannanum, sem m.a. varðar VDSL fastlínusamband (tengingar í götuskáp), aðrar tengingar og tækjabúnað hans. Málið er ekki einfalt, því sem dæmi kom m.a. fram, að radióamatörinn var beðin um að vera ekki í loftinu í eina viku (sem hann samþykkti), en á þeim tíma komu áfram fram truflanir hjá nágrannanum. Alls mættu 30 félagsmenn í Skeljanes þetta fimmtudagskvöld.

Þann 29. nóvember 2019 bárust síðan fregnir af birtingu Ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 24/2019 á heimasíðu stofnunarinnar, sem var dagsett 29. október. Samkvæmt ákvörðuninni, var viðkomandi radióamatör gefin fyrirmæli um að hætta útsendingum frá stöð sinni á tíðnisviðunum 3,5-3,8 MHz, 7,0-7,2 MHz og 14,0-14,35 MHz. Fyrirmælin tóku gildi þann 1. desember og verða í gildi þar til nauðsynlegar úrbætur hafa verið gerðar á viðkomandi fjarskiptabúnaði.

Viðkomandi leyfishafi sætti sig ekki við ákvörðun PFS og leitaði til lögfræðinga með málarekstur í huga gegn stofnuninni. Annar félagi ritaði stjórn félagsins erindi 13. nóvember með fyrirspurn „...til að kanna og óska eftir hvort stjórn ÍRA sjái sér fært að hlaupa undir bagga að veita honum fjárhagslegan stuðning ef með þarf“.

Erindið var formlega tekið fyrir á stjórnarfundi þann 11. desember þar sem fjárhagsstuðningi til málareksturs úr félagssjóði var hafnað. Hins vegar segir í niðurlagi bókar sem gerð var: „Hins vegar vill stjórnin eftir mætti stuðla að því að þetta mál leysist. Til þess þarf væntanlega aðgerðir beggja deiluaðila. Stjórnin lýsir sig reiðubúna til þess að félagssjóður borgi endurbætur á tækjum, loftnetum, flutningslínunum eða öðrum búnaði sem gætu leitt til þess að truflunum verði eytt og málið verði þar með úr sögunni. Stjórnin er einnig reiðubúin til þess að kosta hugsanlegar endurbætur á lögnum eða búnaði í húsi nágrannans. Auk þess er stjórnin reiðubúin að beita sér fyrir því að veita NN allan þann tæknilega stuðning sem hægt er að ná fram hjá félagsmönnum til þess að leysa þetta mál, t.d. með mælingum eða vinnu við að prófa aðra tilhögun loftneta eða annars búnaðar“.<sup>15</sup>

Þegar þetta er ritað 26. janúar 2020 er stjórn ÍRA ekki kunnugt um breytingar á núverandi stöðu.

<sup>15</sup> Sjá nánar bókun í Viðauka-A með skýrslu þessari; fundargerð 7. stjórnarfundar starfsárið 2019/20.

**ÁKVÖRÐUN PFS NR. 17/2019**  
(BRÁÐABIRGÐAÁKVÖRÐUN)

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2019 er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar, dagsett 16. júlí 2019, var birt á heimasíðu stofnunarinnar 21. ágúst 2019.

***Reifun, birt á heimasíðu PFS.***

Póst- og fjarskiptastofnun barst kvörtun frá neytanda vegna truflana á fjarskiptum. Í erindinu kom fram að talstöðvarnotkun nágrannans, sem að væri radíóáhugamaður, truflaði sjónvarpsmóttöku og gæði nettengingar kvartanda. Krafa kvartanda laut að því að framkvæmd yrði úttekt og lausn yrði fundin á málinu. Í kjölfar athugunar PFS var það ótvírætt álit stofnunarinnar að radíóútsendingar á tilteknum tíðnisviðum úr sendistöð nágrannans yllu fjarskiptatruflunum á VDSL línu kvartanda. Radíóáhugamaður taldi ekki sýnt fram á að búnaður hans væri bilaður og að útsendingar hans væru innan þeirra tíðnisviða sem að honum væru heimilaðar skv. leyfisbréfi.

Með bráðabirgðaákvörðun þessari takmarkar PFS heimild radíóáhugamanns við útsendingar á tilteknum tíðnisviðum. Stofnunin vísar til þeirrar undirstöðuregla að fjarskiptavirki nýtur forgangs þegar kemur að því að notkun þess og annars tækis eða hlutar er ósamrýmanleg á sama stað á sömu stundu. Undir slíkum kringumstæðum og ef um skaðlega truflun er að ræða ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi hinn hlutinn, þ.e. truflunarvaldinn, þannig að honum sé breytt, hann færður úr stað eða fjarlægður, sbr. 64. gr. fjarskiptalaga.

Radíóáhugamanni var því gert að takmarka útgeislað afl sendistöðvar sinnar á tilteknum tíðnisviðum. Með tilliti til sjónarmiða um meðalhóf þótti stofnuninni rétt að láta þau fyrirmæli gilda tímabundið, svo að hægt væri að nota sendibúnaðinn og radíóáhugamanni gæfist ráðrúm til að gera ráðstafanir sem að leystu truflanavandann.

***Ákvörðunarorð PFS eru eftirfarandi.***

1. Með vísan til 1. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og 4. mgr. reglugerðar nr. 348/2004 tekur PFS bráðabirgðaákvörðun, með stoð í 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst og fjarskiptastofnun, um að [...], til heimilis að [...], takmarki útgeislað afl sendistöðvar sinnar á tíðnisviðinu 3,5-3,8 MHz og 7,0-7,1 MHz við 20 W að hámarki. Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi til 2. mars. 2020.

2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar.

Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Vefslóð á Ákvörðun PFS nr. 17/2019:  
<https://www.pfs.is/urlausnir/akvardanir-pfs/>

## ÁKVÖRÐUN PFS NR. 24/2019

Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 24/2019 er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar, dagsett 29. október 2019, var birt á heimasíðu stofnunarinnar þann 29. nóvember 2019.

### *Reifun, birt á heimasíðu PFS.*

PFS barst kvörtun frá neytanda vegna truflana á fjarskiptum að heimili hans. Í erindi kvartanda kom fram að talstöðvarnotkun nágrannans, sem að væri radióáhugamaður, truflaði sjónvarpsmóttöku og gæði nettengingar. Í kjölfar athugunar PFS var það ótvírætt álit stofnunarinnar að radióútsendingar á tilteknum tíðnisviðum úr sendistöð nágrannans yllu fjarskiptatruflunum að heimili kvartanda. Radióáhugamaður taldi ekki sýnt fram á að búnaður hans væri bilaður og að útsendingar hans væru innan þeirra tíðnisviða sem að honum væru heimilaðar skv. leyfisbréfi. Með bráðabirgðaákvörðun nr. 17/2019 takmarkaði PFS heimild radióáhugamanns við útsendingar á tilteknum tíðnisviðum. Í niðurstöðukafla bráðabirgðaákvörðunar sagði að sú ráðstöfun gæti orðið varanleg lausn á málinu, þ.e.a.s. ef að radióáhugamaður gerði ekki aðrar ráðstafanir til úrbóta á gildistíma ákvörðunarinnar eða þær skiluðu ekki árangri, annars væri óhjákvæmilegt fyrir stofnunina að grípa til frekari aðgerða. Eftir gildistöku bráðabirgðaákvörðunarinnar bárust PFS fleiri tilkynningar frá kvartanda um fjarskiptatruflanir.

Að lokinni vettvangsathugun var það mat PFS að fyrirmæli bráðabirgðaákvörðunarinnar hefðu ekki skilað árangri og truflanirnar væru enn til staðar. Stofnunin leit svo á að um truflanir í skilningi 64. gr. fjarskiptalaga væri að ræða en samkvæmt ákvæðinu, ef um skaðlega truflun er að ræða, ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi truflunarvaldinn. PFS taldi sýnt að fjarskipti að heimili kvartanda yrðu áfram í hættu ef sendingar radióáhugamanns héldu áfram á ákveðnum tíðnisviðum. Að mati stofnunarinnar var því nauðsynlegt að setja takmörkun á heimild radióáhugamanns við útsendingar úr sendistöð sinni. Stofnunin gerði því honum að stöðva útsendingar á tilteknum tíðnisviðum þar til að hann hefði gert varanlegar ráðstafanir á tækjabúnaði sínum. PFS þótti rétt að láta þau fyrirmæli taka gildi nokkru síðar en með því gæfist radióáhugamanni ráðrúm til að gera slíkar ráðstafanir. Úrbæturnar þyrfti að bera undir stofnunina til samþykktar áður en útsendingar mættu hefjast aftur á viðkomandi tíðnisviðum.

### *Ákvörðunarorð PFS eru eftirfarandi.*


1. Með vísan til 1. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og 13. mgr. reglugerðar nr. 348/2004, um starfsemi radióáhugamanna, ber [...], til heimilis að [...], að hætta útsendingum úr sendistöð sinni á tíðnisviðunum 3,5-3,8 MHz, 7,0-7,2 MHz og 14,0-14,35 MHz. Fyrirmæli þessi taka gildi þann 1. desember 2019 og verða í gildi þar til nauðsynlegar úrbætur hafa verið gerðar á viðkomandi fjarskiptabúnaði.

2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferð.

Vefslóð á Ákvörðun PFS nr. 24/2019:

[https://www.pfs.is/library/Skrar/akv.-og-urskurdir/akvardanir-PFS/Akv\\_PFS\\_nr\\_24\\_2019\\_fjarskiptatruflanir.pdf](https://www.pfs.is/library/Skrar/akv.-og-urskurdir/akvardanir-PFS/Akv_PFS_nr_24_2019_fjarskiptatruflanir.pdf)

## ÚR FÉLAGSSTARFINU.



Vilhjálmur Í. Sigurjónsson, TF3VS, kom á framfæri við stjórn félagsins þann 18. apríl (2019), pakka með 54 QSL kortum merktum Sigurði Finnbogasoni, TF3SF (sk). Vilhjálmur sagðist hafa fundið kortin í geymslu á vinnustað sínum í Háskóla Íslands. Tveir fyrrverandi formenn félagsins hafa unnið á sama stað og taldi hann ekki ólíklegt að annarhvor þeirra hafi móttekið þessi kort fyrir hönd félagsins fyrr á árum, en þau hafi af einhverjum ástæðum dagað uppi þar á staðnum.

Um er að ræða 54 QSL kort í pakkningu frá ARRL, sem hafa verið send aftur til landsins eftir skoðun í Bandaríkjunum. Kortin eru fyrir sambönd sem Sigurður heitinn hafði fyrir rúmlega 70 árum, eða á tímabilinu 1948-1951. Þau eru vel varðveitt, voru þökkuð í plast og pakkningin heilleg. Vilhjálmur taldi líklegt að pakkinn hafi lent í bleytu, en frágangur kortanna hafi verndað þau fyrir skemmdum.

Ljóst er að Sigurður heitinn hefur sent kortin vestur um haf á sínum tíma til uppfærslu á DXCC stöðu. Kortin verða varðveitt hjá félaginu. Sjá umfjöllun um kortin og þær upplýsingar sem þau hafa að geyma í grein í 3. tbl. CQ TF 2019, bls. 26.

Að ofan er ljósmynd af pakkningunni frá ARRL, kortabunkanum sjálfum og A4 blaði þar sem QSL kortin fyrir sambönd sem voru höfð fyrir 70 árum eru sett upp í stafrófsröð eftir forskeytum kallmerkja. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Kortin voru til sýnis í Skeljanesi á opnu húsi 23. maí 2019.

# 10. Endurvarpar, stafvarpar, radióvitar

## ENDURVARPAR, STAFVARPAR OG RADÍÓVITAR Á 2M, 4M OG 70 CM

### 10.1 YFIRLIT

Á starfsárinu 2019/20 voru starfræktir sex FM endurvarpar hér á landi í metrabylgjusviðinu (VHF): (1) TF1RPB í Bláfjöllum; (2) TF1RPE á Búrfelli; (3) TF2RPJ á Mýrum; (4) TF3RPA á Skálafelli, (5) TF3RPK á Skálafelli og (6) TF5RPD á Vaðlaheiði.

Tveir endurvarpar voru starfræktir í sentímetrabylgjusviðinu (UHF): TF3RPI í Bláfjöllum, sem er stafrænn endurvarpi fyrir D-STAR fjarskiptakerfið og FM hlekkur í Bláfjöllum sem er tengdur við TF2RPJ.

Fjórir stafvarpar og internetgáttir voru starfræktar í metrabylgjusviðinu (VHF): TF1APA á Búrfelli; TF3APF í Hraunbæ; TF3IRA-1Ø í Skeljanesi og TF8APA á Þorbjarnarfelli við Grindavík.

Á starfsárinu 2019/20 voru tveir radióvitar stafræktir hérlendis. Báðir nota kallmerkin TF1VHF. Þeir vinna á 50 MHz (6 metrum) og 70 MHz (4 metrum). Báðir eru staðsettir á Álftanesi á Mýrum í Borgarfjarðarsýslu.

*Endurvarpar, stafvarpar og radióvitar starfræktir á starfsárinu 2019/20.*

QRG, MHz	QRG inn	Tónn inn	QTH	Kallmerki	Hnit	Eigandi
<b>FM ENDURVARPAR</b>						
145.575	-0,6 MHz	88,5 Hz	Skálafell, 771 m. yfir sjó	TF3RPK	HP94gf	TF3ML
145.600	-0,6 MHz	-	Skálafell, 771 m. yfir sjó	TF3RPA	HP94gf	ÍRA
145.625	-0,6 MHz	-	Vaðlaheiði, 550 m. hæð yfir sjó	TF5RPD	IP05xr	ÍRA
145.650	-0,6 MHz	88,5 Hz	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	TF1RPB	HP93ex	TF3ML
145.700	-0,6 MHz	88,5 Hz	Búrfell, 669 m. yfir sjó	TF1RPE	IP04cb	ÍRA
145.750	-0,6 MHz	88,5 Hz	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF2RPJ	HP84wl	TF3ML
439.950	-5,0 MHz	-	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	TF3RPI <sup>1)</sup>	HP93ex	TF3ML
439.975	-7.0 MHz	88.5 Hz	Bláfjöll, 685 m. yfir sjó	Hlekkur <sup>2)</sup>	HP93ex	TF3ML
<b>STAFVARPAR</b>						
144.800	-	-	Búrfell	TF1APA	IP04cb	TF3SUT
144.800	-	-	Reykjavík (Hraunbær)	TF3APF	HP94bc	TF3JA
144.800	-	-	Reykjavík (Skeljanes)	TF3IRA-1Ø	HP94ad	ÍRA
144.800	-	-	Þorbjarnarfell (Grindavík)	TF8APA		TF3SUT
<b>RADÍÓVITAR</b>						
50.457	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl	TF3ML
70.057	-	-	Mýrar (Borgarfjarðarsýsla)	TF1VHF	HP84wl	TF3ML

1) Stafrænn endurvarpi fyrir D-STAR tegund útgeislunar. Hefur gátt yfir netið út í heim.

2) UHF hlekkur á 439.975 MHz tengdur við TF2RPJ.

### 10.1.1 Endurvarpar.

Líkt og fyrri ár, hefur töluvert verið um viðhalds- og viðgerðarvinnu í tengslum við þá endurvarpa sem standa félagsmönnum til boða. Sú vinna hefur að stærstum hluta lent á Ara Þór Jóhannessyni, TF1A, og ber að þakka honum og þeim sem hann hefur kallað til aðstoðar fyrir þá vinnu í misjöfnum veðrum. Sú vinna er öll unnin í sjálfboðavinnu.

Endurvarpinn TF3RPI í Bláfjöllum, var uppfærður 19. september. Uppfært var úr G2 í G3, þ.e. úr 32 bita kerfi í 64 bita kerfi. Endurvarpinn hefur gátt yfir netið út í heim og hefur uppfærslan í för með sér aukna möguleika og vinnslugetu. TF3RPI styður þar með nýjustu D-STAR uppfærslurnar frá ICOM. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri ÍRA, annaðist verkefnið með aðstoð KA8SCP.

*Tækjaskápur fyrir búnað endurvarpans TF3RPI í stöðvarhúsinu í Bláfjöllum. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.*



Endurvarpinn TF3RPK á Skálafelli varð QRV á ný þann 12. október (2019). Hópurinn sem vann að verkefninu: TF1A, TF3SUT, TF3DT, TF3GZ, TF3ML og Jessica (YL frá Kanada).



*Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Ólafur B. Ólafsson TF3ML við stöðvarhúsið á Skálafelli. Ljósmynd: Georg Kulp TF3GZ.*



*TF3SUT á leið niður úr turninum eftir uppsetningu nýja Diamond SE-300 loftnetsins. Ljósmynd: TF1A.*



TF3GZ og TF3DT setja upp Katherein loftnet fyrir 430 MHz hlekkinn. Mynd: TF1A.

Fengur var að fá TF3RPK í loftið á ný en hann hafði verið úti í nokkur misseri.

Daginn eftir, sunnudaginn 13. október lagði hópurinn á ný á fjallið og var þá gengið frá tengingum á 430 MHz hlekk við endurvarpana í Bláfjöllum og á Mýrum.



Jessica (YL frá Kanada) hjálpaði til með að klifra upp í turninn með TF3SUT. Ljósmynd: TF1A



TF3ML flutti tromluna með með Huber+Suhner 1/2" heliax fæðilinunni á jeppakerru. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.

Baileys konditoritertan frá Jóa Fel bakara fór vel í mannskapinn. Ljósmynd: Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A.





### 10.1.2 Stafvarpar.

APRS stafvarpi var áfram starfræktur í félagastöðu ÍRA á starfsárinu. Kallmerki er TF3IRA-1Ø. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, lánaði búnaðinn framan af. Á stjórnarfund í ÍRA þann 30. september (2019) var samþykkt að kaupa búnaðinn af Ara. Um er að ræða:

ICOM IC-208H, VHF/UHF FM stöð. Sendir er 55/15/5W á 2 metrum og 50/15/5W á 70cm.  
APRS búnaður: GW-1000 (APRS Total Solution) frá CG-Antenna.  
MW aflgjafi 13.8VDC / 30A.

Þann 15. ágúst var gengið frá uppfærslu APRS búnaðar TF8APA á fjallinu Þorbirni við Grindavík. Notuð var ein af Motorola GM-300 VHF stöðvunum sem hópurinn fékk nýlega gefins, ásamt Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og PLXDigí – APRS Digipeater búnaðinum frá Póllandi, en félagssjóður ÍRA fjármagnaði tvö slík sett sumarið 2019.

APRS hópurinn hefur staðið fyrir áframhaldandi uppbyggingu á kerfinu af dugnaði. Guðmundur Sigurðsson, TF3GS; Magnús Ragnarsson, TF1MT; Samúel Þór Guðjónsson, TF3SUT og Árni Þór Ómarsson, TF3CE hafa einkum verið í forsvari.

Að sögn þeirra TF1MT og TF3GS mun uppfærsla búnaðarins á Þorbirni þetta kerfið, auka gæði og notkunarmöguleika. Fyrirhugað er, að næsta verkefni hópsins verði uppsetning APRS I-gate á Akureyri.

Samúel Þór Guðjónsson, TF3SUT, birti ljósmynd á Facebook þann 6. desember af flottum nýjum APRS stafvarpa sem hann er með í smíðum. Í texta sem myndinni sagði hann: „*Fyrsti (næstum því) al-íslenski stafvarpinn fyrir APRS?*“



*Mynd að ofan til vinstri:*

Nýr APRS búnaður kominn á sinn stað og frágenginn á fjallinu Þorbirni við Grindavík. Ljósmynd: Guðmundur Sigurðsson TF3GS.

*Mynd að ofan til hægri:*

Mynd af nýjum APRS stafvarpa sem er í smíðum á vinnuborði TF3SUT. Mynd: Samúel Þór Guðjónsson, TF3SUT.




Microsat WX3in1 Mini APRS Digipeater/I-gate og PLXDigi – APRS Digipeater búnaðinum sem kostaður var af félagssjóði á starfsárinu gerður klár til uppsetningar. Ljósmynd: Magnús Ragnarsson TF1MT.

### 10.1.3 Radíóvitar.

TF1VHF radíóvitararnir hafa verið QRV frá 15. maí (2018). Sama kallmerkið er notað fyrir tvo vita, annars vegar á 50.457 MHz og hins vegar á 70.057 MHz. Búnaður er staðsettur í húsi Neyðarlínunnar í Álftanesi á Mýrum. Vitarnir eru tengdir við sitt hvorn  $\frac{1}{2}\lambda$  tvíþólinn í loftnetsturni á staðnum; 50 MHz loftnetið er lárétt í 26m hæð og 70 MHz netið er lóðrétt í 16m hæð.

Vitarnir eru búnir 25W sendum. Tegund útgeislunar er þrískipt, þ.e. A1A, hefðbundin burðarbylgja og PI4 (Pharus-Ignis-4 digital modulation (MGM) for beacon purposes). Radíóvitararnir voru fjármagnaðir af og eru í eigu Ólafs B. Ólafssonar, TF3ML.

### ÚR FÉLAGSSTARFINU.



Alþjóðadagur radíóamatöra er 18. apríl. Þann mánaðardag árið 1925 voru alþjóðasamtök landsfélaga radíóamatöra – International Amateur Radio Union, IARU – stofnuð, fyrir 94 árum. Aðildarfélög IARU voru í upphafi 25 talsins, en í dag er fjöldinn 160 talsins í jafn mörgum þjóðlöndum heimsins með nær 5 milljónir leyfishafa.

IARU er skipt niður á þrjú svæði: Svæði-1 sem nær yfir Evrópu, Afríku, Miðausturlönd og norður hluta Asíu; Svæði-2 sem þekur Norður- og Suður Ameríku og Svæði-3, sem nær yfir Ástralíu, Nýja Sjáland, Kyrrahafseyjar og stærstan hluta Asíu.

Kjörorðin fyrir árið 2019 má sjá á plakatinu til hliðar: „Celebrating Amateur Radio's Contribution to Society“.

# 11. Erlendir gestir í Skeljanesi

## AUSTURRÍKI, BANDARÍKIN, DANMÖRK, FINNLAND, ÍRLAND OG FLEIRI

Á hverju starfsári heimsækir félagið fjölda erlendra radíóamatöra í Skeljanes. Margt bendir til að það sé þó ekki nema hluti leyfishafa sem ferðast til landsins. Radíóamatörar eru nefnilega eins og annað fólk, stundum hentar það ekki að binda sig tiltekinn vikudag í höfuðborginni til að koma í heimsókn í Skeljanes eða að einhverjar aðrar ástæður ráða, oft samferðafólk.

Félaginu berast jafnt og þétt fyrirspurnir erlendis frá um atriði sem varða áhugamálið, því útlendingar skipuleggja ferðalög sín og frí yfirleitt með góðum fyrirvara og hafa þá tíma til að senda tölvupósta og spyrjast fyrir um hin ýmsu atriði. Oft er t.d. spurt um gististaði sem taka á móti ferðamönnum sem hafa hug á að setja upp loftnet og annan fjarSKIPTABÚNAÐ.

Hér á eftir fylgir stutt samantekt um þá erlenda gesti sem náist að festa á filmu í Skeljanesi á starfsárinu, þ.e. tímabilinu frá febrúar 2019 til janúar 2020.

### 23. febrúar – OZ7AM.

Alex Rosenmejer Hansen, OZ7OM, kom í heimsókn í félagsaðstöðu ÍRA í Skeljanesi laugardaginn 23. febrúar og færði okkur kveðjur frá Elínu Sigurðardóttur, TF2EQ. Óskar Sverrisson, TF3DC, tók á móti Alex og sýndi honum húsnæðisaðstöðu félagsins. Alex er mikill CW maður og tók nokkur QSO frá félagsstöðinni. Þrátt fyrir tiltölulega ungan aldur, er hann þrautreyndur leiðangursfari eins og lesa má um á heimasíðu hans á QRZ.COM.

Hann var ánægður með móttökurarnar, en þeir Óskar ræddu m.a. DX, loftnetamál og tækifæri/ möguleika félagsstöðvarinnar í þeim efnum. Alex hefur verið leyfishafi frá árinu 2004. Á þessum 15 árum hefur hann farið í marga DX-leiðangra, yfirleitt ásamt fleirum (eins og hann segir sjálfur), m.a. til 6Y, 9G, A7, CU, DL, ES, F, HK, JW, LX, OY, OX, S5, SK, VE, VK2, VK9. Þessu til viðbótar hefur hann m.a. tekið þátt í Jamboree-On-The-Air (JOTA) viðburðum í Danmörku og víðar.



Alex Rosenmejer  
Hansen OZ7OM  
heimsótti félagið 23.  
febrúar. Ljósmynd:  
Óskar Sverrisson  
TF3DC.

## 2. MAÍ – SQ9CNN

Rafal Dunal, SQ9CNN, kom í heimsókn í félagsaðstöðuna í Skeljanesi fimmtudagskvöldið 2. maí. Rafal er búsettur í borginni Bêdzin í suður Póllandi, ekki langt frá landamærunum við Þýskaland. Hann er mikill áhugamaður um keppnir, bæði á morsi og tali og er t.d. með eigin keppniskallmerki, SO9C. Rafal er ennfremur hluti af Monteverde keppnishópnum, sem hefur m.a. verið virkur frá Sao Vicente eyju í Cabo Verde eyjaklasanum með kallmerkið D4C.

Rafal var mjög ánægður með heimsóknina í Skeljanes. Óskar Sverrisson, TF3DC, varaformaður félagsins hafði veg og vanda af að taka á móti honum og var Rafal hrifinn af aðstöðu félagsstöðvarinnar. Óskar kynnti m.a. fyrir honum hugmyndir um framtíðaruppbyggingu loftneta og annars búnaðar. Rafal bað fyrir góður kveðjur til félagsmanna ÍRA.



Rafal Dunal SQ9CNN í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

## 9. MAÍ – OH2LAK

Erik Finskas, OH2LAK, heimsótti Skeljanes þann 9. maí í einni af mörgum heimsóknum til landsins á starfsárinu. Eftir að hann fékk íslenskt kallmerki, TF3EY, er hann „hálfpartinn“ orðinn íslenskur (með íslenska unnustu) þótt hann búi erlendis. Á meðfylgandi ljósmynd má sjá Erik taka fyrsta sambandið frá TF3IRA í gegnum nýja Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið.



Erik náði alls 13 samböndum á SSB frá TF3IRA í gegnum gervitunglið þann 9. maí. Fyrsta sambandið var við IT9CJC á Sikiley. Önnur DXCC lönd voru CT1, DL, EA5, F, G, OZ, PA og PY. Ljósmynd: TF3JB.

## 25. JÚLÍ – OE6FEG

Matthew Pullan, OE6FEG, heimsótti Skeljanes 26. júlí. Hann er mikill áhugamaður um SOTA verkefnið og hefur virkjað fjölda tinda í mörgum löndum. Mathew er Breti, sem hefur verið búsettur í Austurríki um árabil. Upphaflegt kallmerki hans í Bretlandi er MØFEU. Hann er ennfremur mikill áhugamaður um samskipti á morsi og m.a. félagi í HSC klúbbnum (*e. High Speed Club*). Einar Kjartansson, TF3EK, sagðist hafa hitt hann sunnudaginn áður inni á hálendinu og saman hafi þeir virkjað TF/SL-050 (Rauðkoll).



Skeljanesi 26. júlí. Matthew Pullan OE6FEG í fjarskiptaherbergi TF3IRA ásamt Einari Kjartanssyni TF3EK. Mynd: TF3JB

## 23. ÁGÚST – US5ETV

Konstantyn Nikitenko, US5ETV, heimsótti ÍRA í Skeljanes, ásamt dóttur sinni, föstudaginn 23. ágúst. Con, sem er búsettur í Úkraínu, ferðast mikið um heiminn og er í loftinu. Hann hefur verið leyfishafi frá 11 ára aldri. Fyrsta kallmerkið var RB5ETV, en frá árinu 2011 hefur hann haft kallmerkið US5ETV. Hann er úr „amatörfjölskyldu“ (eins og hann segir sjálfur) því bróðir hans Misha, er UR7EZ og náði amatörprófi aðeins 10 ára gamall. Faðir þeirra bræðra er Alex, UR5ECV; mikill CW maður.



Konstantyn Nikitenko US5ETV og dóttir heimsóttu Skeljanes þann 23. ágúst. Myndin er af Con á einni af mörgum ferðum hans til framandi landa með stöð og loftnet. Ljósmynd: Misha UR7EZ.

## 29. ÁGÚST – KE1R og N1DSP

Thomas W. Brooks, KE1R og XYL Rosemarie Bagioni, N1DSP frá Connecticut í Bandaríkjunum heimsóttu ÍRA 29. ágúst. Þau búa steinsnar frá aðalstöðvum ARRL og starfar Tom þar m.a. sem sjálfboðaliði og Rosemarie er virk í neyðarfjarskiptum radióamatöra þar um slóðir. Hjónin færðu félaginu góðar gjafir, m.a. handbækur og tímarrit frá ARRL.

Þau voru afar ánægð með ferðina til Íslands og áttu vart nógu sterk orð um fegurð náttúru landsins. Þau voru jafnframt mjög ánægð með að hitta svo marga íslenska leyfishafa, en 24 félagsmenn mættu í Skeljanes þetta síðasta opnunarkvöld ágústmánaðar.



Skeljanesi 29. ágúst. Thomas W. Brooks KE1R í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Skeljanesi 29. ágúst. Rosemarie Bagioni N1DSP átti gott samtal við Elínu Sigurðardóttur TF2EQ. Hún var mjög áhugasöm að heyra um fjölda YL radióamatöra á Íslandi, nýbyrjað ungmennastarf innan ÍRA og að Elín var fyrsta konan sem kjörin var til stjórnarstarfa í félaginu á aðalfundi 2018. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

## 5. SEPTEMBER – DL2GRC

Nina Riehtmüller, DL2GRC, heimsótti Skeljanes 5. september. Hún var í heimsókn hér á landi ásamt OM Holger Riehtmüller DL8SCU og syni. Hún sagði fjölskyldan væri mjög hrifin af íslenskrri náttúru auk þess sem þau hafi verið heppin með að sjá mikla norðurljósavirkni. Hún hefur tekið þátt í kvennastarfi innan amatörhreyfingarinnar og þekkir þær konur sem hafa verið hvað virkastar í því frá Íslandi; TF3VA, TF3VD og TF2EQ.



Nina hafði m.a. sambönd um nýjan búnað TF3IRA til fjarskipta um Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið er varð þar með fyrsti YL radíóamatörinn sem hafði samband um tunglið frá TF.

*Nina Riehtmüller DL2GRC.  
Henni á hægri hönd er Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og á vinstri hönd, Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS.  
Ljósmynd: TF3JB.*

## 28. DESEMBER – EI8JB

Charlie Carolan, EI8JB, heimsótti Skeljanes 28. desember. Hann var í stuttri heimsókn á landinu, m.a. til að kafa í Silfru í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Hann er þeirrar skoðunar, að Silfra sé einn besti köfunarstaður á Íslandi og á heimsæmlikvarða. Ástæðan er mikið skyggni í tæru grunnvatninu og stórfenglegt umhverfi Silfru. Hann sagðist lengi hafði beðið eftir þessu tækifæri.



*Skeljanesi 28. desember. Charlie Carolan EI8JB í fjarskiptaherbergi TF3IRA. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.*

Jónas Bjarnason, TF3JB og Óskar Sverrisson, TF3DC, tóku á móti Charlie í Skeljanesi laugardaginn 28. desember. Hann sagðist m.a. vera virkur á HF böndunum heima á SSB, RTTY og PSK, ásamt fjarskiptum um gervitungl. Hann hefur m.a. komið að starfi innan IRTS (landsfélagi radióamatöra á Írlandi), m.a. skrifað greinar í félagsblaðið Echo Ireland og Echo News ásamt því að annast ritstjórn vikulegra fréttauðsendinga á vegum IRTS (á amatörböndum).

Charlie tók nokkur sambönd á 20M SSB frá TF3IRA og var mjög hrifinn af félagsstöðinni og búnaði hennar, þ.á.m. aðstöðunni fyrir fjarskipti um Es'hail/Oscar 100 gervitunglið. Þetta var fyrsta ferð hans til Íslands en sagðist ætla að heimsækja landið sem fyrst aftur, og þá ásamt eiginkonu. Hann bað fyrir góðar kveðjur til íslenskra radióamatöra.

## 5. JANÚAR – EA/TF3CW

Sigurður Jakobsson, TF3CW, heimsótti Skeljanes sunnudaginn 5. janúar 2020. Sigurður, sem nú er búsettur á Spáni ásamt eiginkonu sinni, var staddur hér á landi yfir hátíðarnar og hittu nokkrir félagar hann í félagsaðstöðunni, skömmu áður en hann hélt af landi brott.



Í góðu yfirlæti í Skeljanesi. Frá vinstri: Sigurður R. Jakobsson TF3CW, Mathías Hagvaag TF3MH, Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33, Óskar Sverrisson TF3DC og Yngvi Harðarson TF3Y. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

Megin umræðuefnið var glæsilegur árangur hans í CQ WW DX keppninni 2019, 23.-24. nóvember s.l., þegar hann tók þátt í morshluta keppinnar frá ED8W. QTH var eyjan La Palma, sem er ein af sjö eyjum Kanaríeyja. Sigggi náði 2. sæti yfir heiminn og 1 sæti yfir Evrópu samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá keppnisnefnd CQ um bráðabirgðaniðurstöður (*e. raw scores*), en hann keppti í einmenningsflokki á 40 metrum, háafli. Heildarfjöldi punkta var 1.521.439 og heildarfjöldi sambanda var 3489.

Sigggi notaði eigin stöð, ICOM IC-7300, og tvö stefnuvirk Yagi loftnet, annars vegar gerð OB17-4 frá Optibeam sem hefur 3 virk element á 7 MHz og hins vegar, gerð 40M2L frá M<sup>2</sup> Antenna Systems, sem er 2 elementa einsbands net á 7 MHz.

Sigggi tók vel í að halda stutta kynningu um reynsluna af að vera QRV frá Kanaríeyjum þegar hann verður næst á landinu.



# 12. Gjafir til ÍRA

## HÚSGÖGN, RADÍÓDÓT, BÆKUR, SMÁHLUTIR, LOFTNET OG FLEIRA

Á hverju starfsári berast félaginu gjafir. Hér á eftir er leitast við að gefa stutt yfirlit yfir gjafir og gefendur á starfsárinu 2019/20. Þar á meðal eru gjafir, þar sem félagsmenn vilja ekki láta nafns síns getið. Stjórn félagsins þakkar velvilja félagsmanna.

### 6. MARS – STÓLAR Í FUNDARSAL FRÁ TF3NA

Haukur Þór Haraldsson, TF3NA, færði félaginu þessa nytsömu gjöf þann 6. mars. Stólarnir 25 eru af Stacco gerð, á krómaðri stálgrind og bólstraðir í baki og setu. Þeim fylgir sérhannaður geymslupallur á hjólum, sem sjá má á meðfylgjandi mynd. Stólarnir eru notaðir en afar vel með farnir.

Eftir endurhönnun og enduruppöðun í fundarsal félagsins sem nú rúmar þægilega 40 manns í sæti, vantaði okkur sárlega fleiri stóla. Gjöfin kom sér því einkar vel.



Skeljanesi 6. mars 2019. Haukur Þór Haraldsson TF3NA færir ÍRA 25 vandaða fundarstóla að gjöf. Ljósmynd: TF3JB.

### 16. MARS – LOFTNETSFESTING FRÁ TF2LL

Georg Magnússon, TF2LL, mætti í Skeljanes þann 16. apríl með sérsníðaða þakfestingu fyrir New-tronics Hustler BTV-4 HF stangarloftnet félagsins og gekk frá og festi á þakið. Loftnetið er gert fyrir 10, 15, 20 og 40 metra, en spóla og toppur (*e. resonator*) fylgdi með fyrir 80 metrana. Loftnetið var síðan reist og stagað þann 2. júlí af þeim Georg Magnússyni, TF2LL; Óskari Sverrissyni, TF3DC og Guðmundi Sigurðssyni, TF3GS.



Loftnetsfestingin er sterkbyggð og sandblásin og zinkhúðuð. Auðvelt er að fella loftnetið þegar vinna þarf við það. Ljósmyndir: Georg Magnússon TF2LL.



Aðeins þarf að losa einn bolta til að fella loftnetið.

## 16. JÚNÍ – ELDINGARVARAR FRÁ TF3G

Gísli G. Ófeigsson, TF3G, færði félaginu kassa af eldingarvörum til innsetningar í fæðilínur loftneta; fyrir N-tengi. Þetta eru nýir og ónotaðir eldingarvarar. Framleiðandi er FlexLine.



Á myndinni má sjá sýnishorn af eldingarvörum (sem allir eru sömu gerðar). Gasöryggið er sett í opna hólfið og þar á eftir er lokið skrúfað á. Ljósmynd: Gísli G. Ófeigsson TF3G.

## 11. JÚLÍ – RADÍÓDÓT FRÁ TF3IC, TF3KJ OG NN

Í gegnum tíðina er algengt að félaginu berist radiódót af einu eða öðru tagi. Ein slík ending barst til félagsins þann 11. júlí. Gefandi er ókunnur (NN).

Margt leyndist í kössunum sem mönnum leist vel á og getur hentaði vel til smíða. Eins og myndirnar bera með sér, má sjá til dæmis sjá hverfipétta, loftspólur og fleiri íhluti, notaðar talstöðvar (bæði hand- og bílstöðvar), kóaxkapall, Heathkit sveiflusjá og Philips viðtæki.

Var þarf að nefna að dótið gekk vel út og gildi reglan „fyrstur kemur, fyrstur fær“.



Margt leyndist í kössunum sem mönnum leist vel á og getur hentað til smíða.



Rúllurnar í plastpokunum voru frá Carl Jóhanni Lilliendahl, TF3KJ.



Þetta Philips viðtæki fylgdi einnig frá NN. Þess má geta að viðtækið hefur síðan verið gert upp og lítur í dag út eins og nýtt. Ljósmyndir: Jónas Bjarnason TF3JB.



Þrjú Westminister VHF stöðvarnar þrjár eru frá Garðari Gíslasyni TF31C. Ljósmynd: TF3JB.



Stöðvarnar frá Garðari eru í sterklegum kössum og hafa ábyggilega kostað sitt. Ljósmynd: TF3JB.

## 27. JÚLÍ – LOFTNETSTURN FRÁ TF8-Ø2Ø

Gjöf var móttækin fyrir hönd félagsins þann 27. júlí. Það var 12 metra hár þristrendur loftnetsturn í fjórum einingum. Turninn, sem er úr áli, er afar meðfærilegur. Boltar fylgja fyrir samsetningu og varahlutir, gerist þörf á slíku í framtíðinni. Það er félagsmaður okkar, Jón E. Guðmundsson, TF8-Ø2Ø, sem gefur félaginu þessa nytsömu gjöf.



Turninn, sem er úr áli, er afar meðfærilegur. Hann hafði verið í geymslu utandyra í nokkurn tíma (eins og sjá má á myndinni, en auðvelt er að spúla einingarar og þá lítur hann út eins og nýr. Boltar fylgja fyrir samsetningu og varahlutir, gerist þörf á slíku í framtíðinni. Það var Baldvin Þórarinnsson TF3-Ø33 sem lagði til bifreið og kerru til flutninga turmeininganna í Skeljanes. Það sér í Bandvín fyrir enda kerrunar ganga frá festingum. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

## 8. ÁGÚST / 1. OKTÓBER - LOFTNETSDISKAR

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins og Georg Kulp, TF3GZ, mættu í Skeljanes fimmtudaginn 8. ágúst eftir vinnu og settu upp loftnetsbúnað fyrir Es'Hail-2/P4A/Oscar 100 gervitunglið til notkunar fyrir TF3IRA. Sett var upp öflug veggfesting og 85cm loftnetsdiskur á austurhlið hússins í Skeljanesi.



TF3GZ setur upp sandblásna og zinkhúðaða veggfestingu á austurvegg hússins. Ljósmynd: TF3JB.



85 cm loftnetsdiskur úr áli frá Svar kominn upp og TF3GZ og TF1A ganga frá köplum og LNB. Ljósmynd TF3JB.

Frágangur loftnetsfestingar, loftnetsdísks og kapla gekk vel þann 8. ágúst. Í framhaldi fylgdu stillingar og önnur vinna sem fylgir uppsetningu af þessu tagi. Þegar á leið var Ari Þórólfur, TF1A, þó ekki ánægður að öllu leyti með loftnetið.

Þegar svo gafst tækifæri á að fá stærri loftnetsdisk (120 cm) fyrir félagsið – og nú úr glertrefjum (fíber), var drifið í því að sækja hann og setja upp. Það gerðist þann 1. október og önnuðust þeir TF1A og TF3GZ verkefnið. Útkoman var 6dB betra merki.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, sem gaf báða diskana og Jónas Bjarnason, TF3JB, veggfestinguna.



Skeljanesi 1. október. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Georg Kulp TF3GZ ganga frá nýja loftnetsdisknum fyrir TF3IRA. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.



Nýi 120cm fíber loftnetsdiskurinn frá Visiosat er óneitanlega glæsilegur kominn upp á austurvegg hússins við Skeljanes. Ljósmynd: Óskar Sverrisson TF3DC.

## 22. ÁGÚST – VINNUBORÐ FYRIR TF3IRA

Félaginu barst að gjöf nýtt vinnuborð í fjarskiptaherbergi TF3IRA þann 22. ágúst. Um er að ræða borð sömu gerðar og stærðar og þau tvö sem fyrir eru og notast fyrir ICOM IC-7300 og IC-7610 stöðvarnar.

Nýja vinnuborðið kom í stað bráðabirgðaborðs og notast fyrir Kenwood TS-2000 stöð félagsins og búnað fyrir gervihnattafjarskipti félagsstöðvarinnar og snýr að austurvegg.

Það kom kom ósamsett, en þeir Njáll H. Hilmarsson, TF3NH; Baldvin Þórarinsson, TF3-033 og Gunnar B. Helgason, TF3-017, gerðu það klárt til notkunar fimmtudagskvöldið 22. ágúst. Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, VHF stjóri félagsins, tók það í notkun sama kvöld. Gefandi er Jónas Bjarnason, TF3JB.



*Ekki var endanlega búið að koma Kenwood TS-2000 stöðinni og búnaði fyrir á nýja vinnuborðinu þegar myndin var tekin, en til stóð að festa sérstaka hillu aftarlega á það; samskonar og er á þeim vinnuborðum sem eru fyrir í herberginu. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.*

## 29. ÁGÚST – LEDURSTÓLAR OG BÆKUR

Félaginu bárust að gjöf tveir vandaðir stólar til notkunar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Það var Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, sem færði félaginu þessa nytsömu gjöf fimmtudaginn 29. ágúst. Stólarnir koma í góðar þarfir og hefur verið fundinn staður í fundarsal á 1. hæð.

Sama dag komu þau Thomas W. Brooks, KE1R og XYL Rosemarie Bagioni, N1DSP í heimsókn í Skeljanes og færðu félaginu að gjöf bækurnar *Guide to HF Data on FT8 & PSK using WSJT-X and Fldigi* eftir Rob Walker, G3ZJQ og *Energy Choices for the Radio Amateur* eftir Bob Bruninga, WB4APR. Báðar eru nýjar á markaði og komu fyrst út á árinu 2019.

Þá færðu þau félaginu enn fremur nýjustu útgáfunar af QEX og NCJ tímaritunum sem eru gefin út af ARRL. Gjafirnar hafa verið merktar gefendum og liggja frammi í félagsaðstöðunni í Skeljanesi.



Leðurstólarnir sem Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A færði félaginu að gjöf þann 29. ágúst var valinn staður í fundarsal í Skeljanesi. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



Bækurnar og tímaritin sem hjónin KE1R og N1DSP færðu félaginu að gjöf liggja frammi í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



### 23. SEPTEMBER – BÚNAÐUR Í FJARSKIPTAHERBEGI TF3IRA

Félagið tók á móti gjöf til félagsstöðvarinnar TF3IRA, þann 23. september. Um er að ræða YAESU SMB-201, sem er sérhönnuð borðfesting með innbyggðri viftu fyrir YAESU FT-7900E VHF/UHF stöð félagsins.

SMB-201 þarf ekki að skrúfa niður í borðplötuna því hún er búin sérstökum gúmmífótum, sem gerir stöð og festingu mjög stöðuga. Þá er kæliviftan í borðfestingunni mun stærri heldur en innbyggða viftan í stöðinni, þannig að vart heyrir í henni þegar hún fer í gang samanborið við þá minni. Gefandi er félagsmaður en óskaði að láta nafns sín ekki getið.



Myndin sýnir YAESU FT-7900E stöðina og SMB-201 borðfestinguna eftir að búið var að ganga frá samsetningu. Umrædd kælivifta og gúmmifætur sjást vel á myndinni. Þess má geta, að SMB-201 fylgir sérstakur aflgjafi. Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A, VHF stjóri ÍRA, forritaði nýlega (í minnisrásir 7900 stöðvarinnar) alla endurvarpa sem nást frá Skeljanesi. Til hægri má sjá APRS búnað TF3IRA-10, sem er ICOM IC-208H VHF/UHF stöð ásamt GW-1000 APRS Total Solution frá CG-Antenna. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

### 14. OKTÓBER – HP BORDSKJÁR

Félagið fékk að gjöf 27“ tölvuborðskjá á standi til notkunar í fjarskiptaherbergi TF3IRA þann 9. október. Um er að ræða HP flatskjá af gerðinni HP ZR2740W. Skjánum hefur verið komið fyrir við KENWOOD TS-2000 stöð félagsins sem notast til gervihnattafjarskipta. Gefandi er Jónas Bjarnason, TF3JB.



Nýja HP ZR2740W skjánum var valinn staður við TS-2000 stöð félagsins sem notast m.a. til fjarskipta um nýja gervitunglið Es'hail-2/P4A / OSCAR 100.

## 17. OKTÓBER – STÓLL Í FJARSKIPTAHERBERGI

Félaginu barst að gjöf skrifstofustóll af gerðinni Markus frá IKEA þann 17. október. Fyrir voru í fjarskiptaherbergi TF3IRA tveir samskonar stólar sem félagssjóður festi kaup á þann 19. ágúst 2010. Stólarnir eru þægilegir og hafa líkað mjög vel.

Vörulýsing IKEA er eftirfarandi: Hentugur fyrir skrifstofuna, þægilegur að sitja í á löngum vinnudögum. Stilltu hæðina til að sitja þægilega. Festanlegar stillingar til að auka stöðugleika og til þess að stýra setstöðunni. Með bakstuðningi; léttir á og styður við bakið. Með hálsþúða; auka stuðningur við höfuð og háls. Möskvar á bakinu hleypa lofti í gegn um sig og að bakinu á þér þegar þú situr lengi. Stóllinn er að hluta til úr gervileðri og bakáklæði er úr pólýester, en áklæði á slitflötum er úr gegnumlituðu nautaleðri. Gefandi var Jónas Bjarnason, TF3JB.



Skeljanesi 17. október. Allar vinnustöðvarnar þrjár í fjarskiptaherbergi TF3IRA eru nú búnar góðum og þægilegum stólum. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

## 19. OKTÓBER – VEGGKLUKKA Í SAL

Félaginu barst að gjöf veggklukka í salinn í Skeljanesi, laugardaginn 19. október. Forveri hennar á sama stað hafði hætt að ganga nokkru áður og við það mátti ekki búa.

Félagi sem ekki vill láta nafns síns getið færði félaginu þessa klukku (nýja í þakningunni) og það þess að hún yrði sett upp í salnum.

Nýja klukkan er mun stærri en sú sem fyrir var og má glögglega sjá á hana víðar úr salnum. Bestu þakkir til viðkomandi fyrir hugul-semina.



Ný veggklukka komin á sinn stað í Skeljanesi. Ljósmynd: TF3JB.

### 31. OKTÓBER – LED KLUKKA Í FJARSKIPTAHERBERGI

Félaginu barst að gjöf stór LED veggklukka í fjarskiptaherbergi TF3IRA 31. október. Klukkan gengur fyrir 230VDC og sýnir til skiptis, tíma, hitastig í herberginu og mánaðardag. Hún var sett upp á austurvegg herbergisins, en önnur hefðbundin klukka er á vesturvegg. Segja má að nýja klukkan henti vinnuborðinu fyrir gervihnattafjarskiptin (enda beint fyrir ofan) en hin vinnuborðunum fyrir HF stöðvarnar. Gefandi er Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.



Nýja veggklukkan skín skirt á veggnum ofan við gervihnattastöðina. Myndin var tekin 31. október og á myndinni eru þeir Ari Þórólfur Jóhannesson TF1A og Erik Finskas TF3EY (OH2LAK). Erik var í sambandi um OSCAR 100 þegar myndin var tekin. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

### 9. JANÚAR - HÆGINDASTÓLL

Félaginu bárust að gjöf, 9. janúar 2020, vandaður hægindastóll til notkunar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi. Stóllinn er úr formuðu birkilímtré í grind sem gefur þægilega fjöðrun. Áklæði er svarbrúnt. Stóllinn kemur í góðar þarfir og var fundinn staður til að byrja með í fundarsal. Gefandi er Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.



Nýi hægindastóllinn kominn í fundarsal félagsins í Skeljanesi. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

## 9. JANÚAR – UPPTAKA AF 500 KHZ

Félaginu barst að gjöf þann 9. janúar 2020, upptaka af síðustu sendingunni sem fram fór á morsi á 500 kHz frá Gufunes radiói þann 1. febrúar 1999 þegar sendingar voru lagðar niður á þeirri tíðni. Það var Ólafur K. Björnsson loftskeytamaður sem sendi skeytið, samanber meðfylgjandi ljósmynd. Það var Sigurður Harðarson, TF3WS, sem gaf félaginu geisladiskinn með upptökunni. Sigurður útbjó einnig upplýsingablaðið með ljósmyndinni af Ólafi.



Mynd af gjöf Sigurðar Harðarsonar TF3WS. Minning sögulegs eðlis frá 1. febrúar 1999. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.

## ÚR FÉLAGSSTARFINU.



TF3HQ er eitt af kallmerkjum ÍRA. Það er notað í IARU HF World Championship keppninni sem haldin er árlega, 2. helgina í júlí. Það var sótt um kallmerkið til PFS 16. febrúar 2010 og TF3HQ var notað í fyrsta skipti í keppninni 10.-11. júlí sama ár.

# VIÐAUKI-A

## Fundargerðir stjórnar ÍRA starfsárið 2019-2020

<b>Stjórnarfundir</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Fundarstaður</b>	<b>Blaðsíða</b>
Stjórnarskiptafundur	26. febrúar	Skeljanes	126
Fundur 1/2019	26. febrúar	Skeljanes	127
Fundur 2/2019	26. mars	Skeljanes	129
Fundur 3/2019	11. júní	Skeljanes	133
Fundur 4/2019	8. júlí	Skeljanes	137
Fundur 5/2019	30. september	Skeljanes	140
Fundur 6/2019	5. nóvember	Skeljanes	145
Fundur 7/2019	11. desember	Skeljanes	149
Fundur 8/2020	3. febrúar	Skeljanes	153

# Íslenskir radióamatörar, starfsárið 2018/19

(8. fundur), stjórnarskiptafundur 2019; haldinn í Skeljanesi 26. febrúar kl. 20:00.

Mættir úr fráfarandi stjórn: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF3EK gjaldkeri og TF2LL ritari. (TF3NE meðstjórnarnanda, TF2EQ varastjórn og TF3UA varastjórn vantaði).

Mættir úr viðtakandi stjórn: TF1EIN, TF3GS og TF3PW.

## 1. Fundarsetning og dagskrá.

Formaður, TF3JB, setti fund kl. 20:10 og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 7. fundar frá 16.1.2019 lögð fram.
3. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.
4. Stjórnarskipti; fráfarandi stjórnarmenn þakka fyrir sig, skila gögnum og húslyklum og yfirgefa fund.
5. Fundarslit.

## 2. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 7. fundar frá 16.1.2019 samþykkt samhljóða.

## 3. Útistandandi mál fráfarandi stjórnar.

- a. Erindi/tillaga TF3EK sem vísað var til nýrrar stjórnar. Varðar prófnefnd, námsefni og uppfærslu þess.
- b. TF3DC og tveir stjórnarmenn vinna að tillögum um heppileg QTH sem ÍRA getur mælt með fyrir erlenda leyfishafa sem til landsins koma. Drög liggja fyrir en málið er í vinnslu.

## 4. Stjórnarskipti.

Fráfarandi gjaldkeri, TF3EK, skilaði tveim möppum og húslyklum. Einar hefur verið 4 ár í stjórn og þakkaði fyrir sig. Formaður þakkaði Einari og aðrir stjórnarmenn tóku undir það.

## 5. Fundarslit.

Fundi slitið kl. 20:30.

Óskar Sverrisson, TF3DC,  
fundarritari.

# Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2019/20

Fundur nr. 1 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi 26. febrúar 2019 kl. 20:30.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi og TF1EIN varastjórn. TF3UA var fjarverandi.

## 1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, setti fund kl. 20:30 og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá (ásamt fundargögnum) sem var samþykkt samhljóða. Jónas bauð viðstadda nýja stjórnarmenn velkomna til starfa, þá Guðmund Sigurðsson, TF3GS; Jón Björnsson, TF3PW og Heimi Konráðsson, TF1EIN.

1. Setning fundar og samþykkt tillögu að dagskrá.

2. Skipun í embætti í nýrri stjórn.

3. Innkomin/útsend erindi.

27.1.2019 Svar við fyrirspurn TF1CB dags. 13.8.2018 frá PFS dags. 8.1.2019.

30.1.2019 Erindi ÍRA til þess sem málið varðar (túlkun ÍRA á 68. gr. fjarskiptalaga í ljósi svars PFS að ofan).

11.2.2019 Erindi ÍRA til PFS vegna truflana á 3566 kHz.

22.2.2019 Erindi PFS til ÍRA vegna framlengingar á heimild á 1850-2000 kHz í alþjóðlegum keppnum 2019.

4. Samskipti stjórnar, þ.m.t. fyrirkomulag verkefna, netsamskipti og fundartími stjórnarfunda.

5. Aðalfundur 2019; uppkast að fundargerð lögð fram.

6. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga.

7. Starfsáætlun 2019/20; umfjöllun/undirbúningur.

8. CQ TF, útgáfuáætlun 2019/20 lögð fram til samþykktar.

9. Önnur mál.

(a) Uppkast að erindi til PFS vegna truflana frá ónotuðum VDSL flutningslínunum.

(b) Umsókn um félagsaðild.

(c) Hugmynd um sölu tækja og búnaðar í eigu félagsins.

10. Næsti fundur stjórnar.

11. Fundarslit.

## 2. Skipun í embætti í nýrri stjórn.

Gengið frá skipan í embætti nýrrar stjórnar starfsárið 2019/20: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi, TF1EIN varastjórn og TF3UA varastjórn.

## 3. Innkomin/útsend erindi.

27.1.2019: Svar við erindi TF1CB til PFS varðandi túlkun á heimildum til að setja upp loftnet.

30.1.2019: Erindi ÍRA um túlkun á 68. gr. fjarskiptalaga.

11.2.2019: Erindi ÍRA til PFS vegna truflana á 3566 kHz.

22.2.2019: Erindi til PFS til ÍRA vegna framlengingar á heimild á 1850-2000 kHz í tilgreindum alþjóðlegum keppnum.

## 4. Samskipti stjórnar, þ.m.t. fyrirkomulag verkefna, netsamskipti og fundartími.

Formaður, TF3JB, gerði tillögu um þriðjudaga sem fundardag fyrir stjórnarfundi, kl. 20:00. Hann skýrði fyrirkomulag þess hluta samskipta stjórnarmanna og upplýsingastreymis sem fara fram á netinu til undirbúnings stjórnarfundum og lagði til óbreytt fyrirkomulag. Ræddi enn fremur æskilega viðveru stjórnarmanna á opnunarkvöldum félagsaðstöðu og að stjórnarmenn skiptist á, þegar svo ber undir. Rætt um lyklamál en fimm sett af húslyklum eru til ráðstöfunar. Þar af eitt í vörslu TF3MH, umsjónarmanns húsnaðis og QSL stjóra.

### **5. Aðalfundur 2019; uppkast að fundargerð lagt fram.**

Formaður, TF3JB, lagði fram uppkast að fundargerð aðalfundar 2019 frá TF3UA, sem var kjörinn var ritari aðalfundar. Formaður vísaði í gögn í fundarmöppu stjórnarmanna sem lögð var fram í byrjun fundarins.

### **6. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga.**

Skipan embættismanna er að stærstum hluta óbreytt, enda hafði formaður, TF3JB, haft samband við flesta þeirra um að halda áfram. Hann lagði til að TF3KB yrði skipaður IARU/NRAU tengiliður félagsins. Umræður urðu um málið en síðan var tillaga formanns samþykkt samhljóða.

### **7. Starfsáætlun 2019/20; umfjöllun/undirbúningur.**

Varaformaður, TF3DC, sýndi stjórnarmönnum og fór yfir áætlun síðasta starfsárs og helstu liði hennar og skýrði. Stefnt er að því að drög að starfsáætlun liggi fyrir sem fyrst, með aðkomu nýrra manna í stjórn með hugmyndir og áherslur. Starfsáætlun og samantekt hennar er á verksviði varaformanns samkvæmt lögum félagsins.

### **8. CQ TF, útgáfuáætlun 2019/20 lögð fram til samþykktar.**

Útgáfuáætlun CQ TF lögð var fram og samþykkt. Miðað er við útgáfu fjögurra tölublaða á starfsárinu 2019/20 líkt og var á síðasta stjórnarári. Stjórnin staðfesti að áfram yrðu prentuð 25 eintök af blaðinu, sem m.a. gætu legið frammi í félagsaðstöðunni og væru nýtt til kynningar á áhugamálinu, m.a. tengt námskeiðshaldi.

### **9. Önnur mál.**

- a) Formaður, TF3JB, lagði fram uppkast að erindi til PFS vegna truflana frá ónotuðum VDSL flutningslínunum. Samþykkt að vísa til samráðs við EMC nefnd.
- b) Bergur Axelsson, TF3BX, samþykktur nýr félagsmaður.
- c) Hugmynd að sölu tækja og búnaðar í eigu félagsins. Eftirfarandi er til athugunar hjá stjórn: Yaesu FT-1000MP 100W HF+50 MHz stöð; SteppIR 3E Yagi loftnet fyrir 10-20m, SteppIR BigIR stangarloftnet fyrir 6-80m, Fritzel FB 34 Yagi loftnet fyrir 10-20m, auk 1 elements fyrir 40m; „gamli“ turninn (sem tekinn var niður 25.11.2018). Formaður bað stjórnarmenn að hugsa málið á milli funda og lagði áherslu á opið sölufæri og jafnræði félaganna gagnvart kaupum á hlutum í eigu félagsins.

### **10. Næsti fundur stjórnar.**

Samþykkt að efnst skuli til næsta stjórnarfundar þriðjudaginn 26. mars n.k.

### **11. Fundarslit.**

Fundi var slitið kl. 22:15.

Óskar Sverrisson, TF3DC,  
fundarritari.



# Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2019/20

Fundur nr. 2 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi 26. mars 2019 kl. 20:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi og TF1EIN varastjórn. TF3UA var staddur erlendis.

## 1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, setti fund kl. 20:06 og lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá (ásamt fundargögnum) sem var samþykkt með smávægilegri breytingu formanns frá útsendu uppkasti að dagskrá.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 8. fundar 2018/19; stjórnarskiptafundar frá 26. febrúar lögð fram.
3. Fundargerð 1. fundar 2019/20; frá 26. febrúar lögð fram.
4. Innkomin / útsend erindi.
  - 27.2.2019...Erindi sent til ÖVSV með tilkynningu um fulltrúa félagsins á Interim fund IARU Svæðis 1 27.-28.4. n.k.
  - 28.2.2019...Erindi sent til PFS um VSDL mál sbr. samþykkt á 1. stjórnarfund 26.2.2019.
  - 28.2.2019...Erindi frá OH2LAK/TF3EY með hugleiðingum um búnað félagsstöðvarinnar; sent til TF1A, TF2WIN og TF3JB.
  - 28.2.2019...Erindi sent til OH2LAK/TF3EY vegna hugleiðinga hans um búnað TF3IRA.
  - 01.3.2019...Erindi frá TF1MT vegna APRS mála. Svör skráð 1. og 3. mars og máli vísað til VHF stjóra.
  - 03.3.2019...Erindi sent til PFS með tilkynningu um nýja stjórn ÍRA.
  - 03.3.2019...Erindi sent til IARU með tilkynningu um nýja stjórn ÍRA og tengilið gagnvart samtökunum.
  - 03.3.2019...Erindi sent til IARU Svæðis 1 með tilkynningu um nýja stjórn ÍRA.
  - 03.3.2019...Erindi sent til IARU Svæðis 1 með tilkynningu um tengilið gagnvart samtökunum.
  - 03.3.2019...Erindi sent til NRAU með tilkynningu um nýja stjórn ÍRA.
  - 07.3.2019...Erindi frá PFS; framsent svar Mílu til PFS vegna VDSL erindis ÍRA til PFS 26.2.2019.
  - 08./9.3.19...Erindi frá og sent til PFS v/VDSL erindis; afrit sent á formann EMC nefndar félagsins.
  - 11.3.2019...Uppkast sent til stjórnarmanna að kynningarefni til umsagnar.
  - 14.3.2019...Erindi frá Fyrirtækjaskrá RSK um skráningu nýrrar stjórnar ÍRA.
  - 21.2.2019...Erindi frá IARU um viðtöku atkvæðisseðla ÍRA sbr. samþykkt á 7. fundi 16.1.2019.
  - 23.2.2019...Erindi sent til IARU Svæðis 1 með upplýsingum um nýja skipan EMCOMM fulltrúa ÍRA.
  - 23.3.2019...Erindi frá ISNIC um skráningu ira.is.
  - 25.3.2019...Erindi ISNIC áframsent til vefstjóra félagsins til afgreiðslu.
5. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn.
6. Innheimta félagsgjalda skv. 8. grein félagslaga.
7. Önnur málefni stjórnar, þ.m.t. fyrirkomulag verkefna.
8. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga, seinni hluti.
9. Starfsáætlun 2019/20; framhaldsumræða.
10. Heimsóknir á heimasíðu eftir málaflökkum; fyrstu niðurstöður.
11. CQ TF, 2. tbl. 2019; 31. mars n.k.
12. Fundur í IARU Svæði 1 í Austurríki 26.-28. apríl.
13. „Nordics On The Air“ NOTA viðburðurinn í Finnlandi 19.-22. apríl.
14. Félagsstöðin, fyrirkomulag í fjarskiptaherbergi og loftnet.
15. Önnur mál.
  - (a) Gjöf til félagsins frá TF3NA þann 6. mars s.l.
  - (b) Kaup á búnaði í fundarsal; þráðlaus hljóðnemi & hátalari.
  - (c) Kaup á búnaði í fjarskiptaherbergi.
  - (d) Hugmynd um sölu tækja og búnaðar í eigu félagsins.
  - (e) Þáskaleikar ÍRA 21.-22. apríl n.k.
  - (f) Samráðsfundur stjórnar með vefstjóra fimmtudag 28. mars kl. 17:00.
  - (g) Sýnd gögn sem nýir félagar í RSGB fá send.
16. Næsti fundur stjórnar.
17. Fundarslit.

## **2. Fundargerð 8. fundar 2018/19; stjórnarskiptafundar frá 26. febrúar lögð fram.**

Fundargerð stjórnarskiptafundar nr. 8 2018/19 samþykkt án athugasemda.

## **3. Fundargerð 1. fundar 2019/20; frá 26. febrúar lögð fram.**

Fundargerð 1. fundar nýrrar stjórnar frá 26. febrúar samþykkt án athugasemda.

## **4. Innkomin / útsend erindi.**

Formaður TF3JB fór yfir móttækin / útsend erindi á milli stjórnarfunda og afgreiðslu þeirra. Hann fór yfir einstök erindi og skýrði og svaraði spurningum stjórnarmanna.

## **5. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn.**

Formaður TF3JB fór yfir stöðu útistandandi mála frá fyrri stjórn, samanber síðustu fundargerð – en þau eru til vinnslu hjá nýrri stjórn.

## **6. Innheimta félagsgjalda skv. 8. grein félagslaga.**

Innheimta félagsgjalda er í undirbúningi, en gjaldkeri TF3PW vantar gögn. Málið skýrðist að hluta á stjórnarfundinum með aðgangi að upplýsingum í heimabanka félagssjóðs.

## **7. Önnur málefni stjórnar, þ.m.t. fyrirkomulag verkefna.**

Rætt um fyrirkomulag verkefna og verkaskiptingu stjórnar.

## **8. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga, seinni hluti.**

Málinu frestað að ósk formanns, TF3JB.

## **9. Starfsáætlun 2019/20; framhaldsumræða.**

Varaformaður, TF3DC, lagði fram og fór yfir drög að starfsáætlun stjórnar. Drögin höfðu áður verið send sérstaklega til nýrra (og „ferskra“) stjórnarmanna. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Tillaga um frekara kynningarstarf almennt um áhugamálið – en ennfremur frekari áhersla á YOTA ungmennaverkefnið – sem síðasta stjórn kom á dagskrá. Hér er m.a. átt við skipun TF2EQ í embætti ungmennafulltrúa ÍRA, heimsóknir radióskáta í félagsaðstöðuna í Skeljanesi o.fl.

## **10. Heimsóknir á heimasíðu eftir málaflokkum; fyrstu niðurstöður.**

Varaformaður, TF3DC, lagði fram yfirlit yfir „fyrstu tölur“ af „brölti“ sínu og áhuga um teljara á heimasíðu félagsins. Úr yfirlitinu mátti lesa heildarfjölda heimsókna á heimasíðu síðustu 12 mánuði en einnig heimsóknir á einstaka undirflokkum á heimasíðu. Ef marka má tölurnar eru heimsóknir á heimasíðuna um 50 á dag, að jafnaði. Ákveðið var að nota tækifærið og fara yfir yfirlitið og öryggi talningar á fundi með vefstjóra, TF3WZ, sem boðaður hefur verið til fundar síðar í vikunni.

## **11. CQ TF, 2. tbl. 2019; 31. mars n.k.**

Formaður, TF3JB, greindi frá að útgáfa 2. tölublaðs CQ TF muni standast útgáfuáætlun og kemur blaðið út á PDF formi á heimasíðu sunnudaginn 31. mars. Í framhaldi er gert ráð fyrir prentun 25 eintaka blaðsins (líkt og var á síðasta stjórnarári) samanber samþykkt nýrrar stjórnar. Formaður greindi frá óformlegum fundi hans og varaformanns TF3DC, með ritstjóra TF3SB og umbrotsmanni TF3VS, þar sem þeim voru þökkuð góð störf.

## **12. Fundur í IARU Svæði-1 26.-28. apríl.**

Rætt um fund í IARU Svæði 1 í Vín í Austurríki í lok apríl. ÍRA hefur ekki haft forsendur í gegnum tíðina til að sækja „Interim“ fundi (millifundi) í Svæði 1. Formaður, TF3JB, greindi frá því að IARU/NRAU tengiliður félagsins hafi sýnt áhuga á að sækja fundinn á eigin kostnað og hafi hann samþykkt þá málaleitan fyrir hönd stjórnar.

**13. „Nordics On The Air“ NOTA-viðburðurinn í Finnlandi 19.-22. apríl.**

„Nordics On The Air“ ungmenniðburðurinn verður haldinn á vegum IARU Svæðis 1 og í umsjón SRAL í Finnlandi um páskahelgina. Samþykkt að stuðla að því að ungmennafulltrúa ÍRA, Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, geti sótt viðburðinn. Áætlaður beinn kostnaður félagssjóðs nemur 45 þúsund krónum.

**14. Félagsstöðin, fyrirkomulag í fjarskiptaherbergi og loftnet.**

Rætt um félagsstöðina TF3IRA. Meðstjórnandi, TF3GS, spurði um heildstæða hönnun (*e. lay-out*) fyrir fjarskiptaherbergið. Formaður, TF3JB, skýrði frá hugmyndum og tillögum (sem eru í vinnslu) m.a. frá félagmönnum í þessu sambandi. Umræður fóru fram, m.a. um að standa skipulega að málum þar sem gengið verði m.a. út frá þeirri forsendu að gera starfrækt fleiri en eina HF fjarskiptastöð samtímis.

**15. Önnur mál.**

**(a) Gjöf til félagsins frá TF3NA þann 6. mars s.l.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá og þakkaði gjöf TF3NA til félagsins. Um er að ræða 25 Stacco stóla á tilheyrandi flutningsgrind sem bærust félaginu að gjöf, líkt og „himnasending“, þann 6. mars síðastliðinn. Sérstakar þakkir voru bókaðar til TF3NA í nafni félagsins.

**(b) Kaup á búnaði í fundarsal; þráðlaus hljóðnemi & hátalari.**

Samþykkt að fela gjaldkera, TF3PW, kaup á hátalara og tilkeyrandi búnaðar til nota í fundarsal.

**(c) Kaup á búnaði í fjarskiptaherbergi.**

Varaformanni, TF3DC, falið að annast nauðsynleg kaup á efni (í samráði við stjórn) vegna uppsetningar á Hustler HF stangarloftneti í eigu félagsins. Ennfremur heyrnartól með hljóðnema til notkunar í fjarskiptaherbergi, endafædd loftnet fyrir félagsstöðina og aðlögunarspenna til notkunar á námskeiðinu „fyrstu skrefin“.

**(d) Hugmynd um sölu tækja og búnaðar í eigu félagsins.**

Samþykkt að heimila sölu á Yaesu FT-1000 HF stöð félagsins, SteppIR BigIR stangarloftneti og SteppIR 3E Yagi loftneti ásamt tilheyrandi búnaði. Ákveðið að falla frá sölu á gamla turninum sem tekinn var niður í nóvember s.l.

**(e) Páskaleikar ÍRA 21.-22. apríl n.k.**

Rætt um páskaleikana og mikilvægt framlag Hrafnkels Sigurðssonar, TF8KY, umsjónarmanns leikanna í því sambandi. Ennfremur rætt um viðurkenningar og verðlaun til félaga sem ná bestum árangri.

**(f) Samráðsfundur stjórnar með vefstjóra.**

Samráðsfundur verður haldinn með stjórnarmönnum (sem eru viðlátir) fimmtudaginn 28. mars kl. 17 í Skeljanesi. Til umræðu eru m.a. Google mail o.fl., vefsíða, gagnavarsla, norræn blöð og aðgangsmál. Skipulag tölvumála í fjarskiptaaðstöðu og öryggismál tölvukerfa félagsins almennt.

**(g) Sýnd gögn sem nýir félagar í RSGB fá send.**

Formaður, TF3JB, sýndi handbók og önnur gögn sem nýir félagar í RSGB fá send þegar þeir ganga frá greiðslu félagsgjalds. Umræður og hugmyndaflug, m.a. tengt ávarpsbréfi ÍRA til nýrra félaga og nýju kynningarefni sem er í vinnslu hjá stjórn. Kynningarefnið er hugsað sem almennt til kynningar á áhugamálinu ásamt því að upplýsingar um ÍRA eru fléttaðar þar inn. Kynningarefnið er hugsað á svipuðu formi og ávarpsbréfið, þ.e. ein opna (fjórar A4 blaðsíður), prentaðar í lit.

### 16. Næsti fundur stjórnar.

Stefnt verði að boðun næsta fundar stjórnar um mánaðarmótin apríl/maí n.k.

### 17. Fundarslit.

Fundi slitið kl. 22:20.

Óskar Sverrisson, TF3DC,  
fundarritari..

### ÚR FÉLAGSSTARFINU.



Skeljanesi 28. nóvember 2019. Kristinn Andersen TF3KX og Jónas Bjarnason TF3JB á góðri stundu. Mynd: TF3DC.

# Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2019/20

Fundur nr. 3 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi 11. júní 2019 kl. 20:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

## 1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, setti fund kl. 20:10 og lagði fram uppfærða tillögu að dagskrá með þeirri breytingu, að TF3KB mun mæta á fundinn og skýra stuttlega frá ferð sem hann fór sem fulltrúi ÍRA á fund í IARU Svæði 1 26.-28. apríl s.l. Uppfærð tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 2. fundar 2019/20; frá 26. mars 2019 lögð fram.
3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.
  - 26.03.2019...Erindi frá Haraldi G. Jónssyni; varðar Kenwood TM-281 bílstöð fyrir 2 m bandið; svarað sama dag.
  - 27.03.2019...Erindi M6WXF um heimild til að fara í loftið frá TF sem ferðamaður; svarað sama dag.
  - 31.03.2019...Erindi frá Eiríki Þór Sigurjónssyni með fyrirspurn um Yaesu FT-180A stöðvar; svarað sama dag.
  - 01.04.2019...Erindi frá M. Lowell í Keflavík um amatörstöð sem hann festi kaup á; svarað sama dag.
  - 06.04.2019...Erindi frá TF3JA með ósk um aðgang að félagsstöð ÍRA; svarað 08.04.2019.
  - 08.04.2019...Erindi frá TF3JA með fyrirspurn um næsta stjórnarfund; svarað sama dag.
  - 09.04.2019...Erindi frá TF3JA með nánari fyrirspurn um aðgang að félagsstöð ÍRA; svarað sama dag.
  - 09.04.2019...Erindi frá TF3JA um viðveru TF3JB í Skeljanesi.
  - 30.04.2019...Erindi frá TF3JA með fyrirspurn um dagsetningu stjórnarfundar; svarað sama dag og 3. maí.
  - 08.05.2019...Erindi sent til TF3JA með upplýsingum um fundardag stjórnarfundar; hann sendir svarpóst 16.05.2019.
  - 10.05.2019...Erindi frá IARU; IARU Calendar Number 200; dags. 9. maí 2019.
  - 10.05.2019...Erindi frá IARU; Kjörgögn vegna tillögu nr. 259 um umsókn SARS í Sádi-Arabíu um aðild að IARU.
  - 10.05.2019...Erindi frá IARU; Kjörgögn vegna tillögu nr. 260 um umsókn SARA í Seychelles-eyjum um aðild að IARU.
  - 19.05.2019...Erindi sent til TF3JA þess efnis að stjórnarfundur 21.05. hafi verið frestað.
  - 20.05.2019...Erindi frá Burak Ö., með ábendingu um villu á heimasíðu félagsins; svarað sama dag.
  - 23.05.2019...Erindi frá PA3A sem heimsækir Ísland í sumar og bendir á villur á heimasíðu; svarað sama dag.
  - 03.06.2019...Erindi sent til TF3JA þess efnis að stjórnarfundur hafi verið boðaður 11.06. n.k.
  - 03.06.2019...Erindi frá TF3JA með upplýsingum um fyrirhugaðar prófanir hans frá félagsstöðinni.
  - 06.06.2019...Erindi frá TF3JA með nánari upplýsingum um fyrirhugaðar prófanir.
  - 07.06.2019...Erindi frá TF3JA með nánari upplýsingum um fyrirhugaðar prófanir.
4. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga, seinni hluti.
5. Innheimta félagsgjalda og staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.
6. Frumvarp að starfsáætlun 2019/20, kynning varaformanns.
7. Kaup á loftnetum og búnaði skv. samþykkt stjórnarfundar nr. 2/2019, kynning varaformanns.
8. Útkoma 3. tbl. CQ TF 2019 29. júní; kynning formanns.
9. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn/stjórnnum félagsins.
  - (a) Frá 26. febrúar 2019 (8. stjórnarfundur 2018/19); Erindi TF3EK um prófmál.
  - (b) Frá stjórnarárinu 2017/18; ráðstöfun TF3JA á 15 metra loftnetsturni félagsins
10. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum).
11. „Nordics On The Air“ viðburðurinn í Finnlandi 19.-22. apríl; TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA.
12. „Interim fundur“ í IARU Svæði 1 í Austurríki 26.-28. apríl; TF3KB, IARU/NRAU tengiliður ÍRA.
13. Önnur mál.
  - (a) Afgreiðsla á erindi IARU dags. 10. maí s.l.
  - (b) Ákvörðun um sölu á tækjum og búnaði í eigu félagsins; kynning formanns.
  - (c) VHF leikarnir 13. og 14. júlí.
  - (d) 40. TF útileikarnir 3.-5. ágúst.
  - (e) Alþjóðlega vita- og vitaskipahelgin 17. ágúst.
  - (f) Myndataka af nýrri stjórn ÍRA 2019/20.
14. Næsti fundur stjórnar.
15. Fundarslit.

## **2. Fundargerð 2. fundar 2019/20 frá 26. mars lögð fram.**

Fundargerð 2. stjórnarfundar frá 26. mars 2019 lögð fram og samþykkt.

## **3. Innkomin / útsend erindi.**

Formaður, TF3JB, fór yfir innkomin og útsend erindi á milli stjórnarfunda. Hann nefndi, að hann reyni að svara innkomnum erindum samdægurs.

## **4. Skipun embættismanna skv. 9. gr. félagslaga, seinni hluti.**

Formaður, TF3JB, fór yfir framlagðan heildarlista embættismanna þar sem fram koma embætti sem skipað var í á síðasta fundi (26.3.2019) og þar sem færðar hafa verið inn tilnefningar í þau embætti sem ekki náist að afgreiða á þeim fundi en koma nú til afgreiðslu.

Nýjung starfsárið 2019/20 er stofnun ritnefndar CQ TF. Í hana eru tilefndir fjórir menn, TF3SB ritstjóri ásamt TF3JB formanni, TF3DC varaformanni og TF3VS umbrotsmanni blaðsins. TF3JB, formaður, útskýrði að þessir félagar hafi átt óformlega fundi á starfsárinu og hugmyndin með ritnefnd, sé að styrkja embætti ritstjóra.

Í annan stað, er gerð tillaga um að endurvekja embætti keppnisstjóra – í ljósi þess að loftnetabúskapur félagsstöðvarinnar fer batnandi – og í ljósi þeirrar stefnu stjórnar að leitast verði við að taka þátt í sem flestum alþjóðlegum keppnum frá TF3IRA strax og búnaður og loftnet leyfa. TF3DC, varaformaður, tekur embættið að sér til að byrja með.

Þá er gerð tillaga um nýtt embætti tengiliðar neyðarfjarskipta. Formaður, TF3JB, skýrði fundinum frá því að í ljósi fenginnar reynslu af skipan í embætti neyðarfjarskiptastjóra – sem í raun hafi aldrei náð flugi – teldi hann æskilegt að ráðstafa þessum málaflokki undir embætti sérstaks tengiliðar, fremur en að endurvekja embætti neyðarfjarskiptastjóra sem slíkt – að sinni. Tillagan fékk umræður og leist stjórnarmönnum vel á þetta fyrirkomulag. TF3JB, formaður, var tilnefndur til embættisins.

Framlagður heildarlisti embættismanna 2019/20 var í framhaldi samþykktur samhljóða.<sup>16</sup>

## **5. Innheimta félagsgjalda og staða félagsjóðs, kynning gjaldkera.**

Alls hafa 76 félagsmenn greitt félagsgjald, en rúmlega 100 eiga eftir að borga. Fram kom m.a. í máli TF3PW, gjaldkera, að líklega muni flestir greiða á eindaga (sem er 1. ágúst n.k.).

TF2LL, ritari, spurði um misræmi milli greiðslna á bankayfirliti og skráningar félagsmanna, þ.e. að í einhverjum tilvikum hafi menn gengið í félagið en ekki verið færðir inn á félagatal. Gjaldkeri svara því til, að hann sé að vinna í því máli með nýjum „Access“ gagnagrunni og verði því verki lokið innan skamms. Gjaldkeri skýrði jafnframt frá því, að félagar skiptast á nokkra gjaldflokka, s.s. heiðursfélaga, eldri félaga, yngri félaga (sem eru undanþegnir félagsgjaldi), auk flokks maka félaga.

## **6. Frumvarp að starfsáætlun, kynning varaformanns.**

TF3DC, varaformaður, fór yfir framlagt lokafrumvarp að starfsáætlun 2019/20 og var það samþykkt samhljóða. Fram kom í máli Óskars, að starfsáætlunin verði til kynningar í nýju hefti CQ TF sem kemur út þann 30. júní n.k.

## **7. Kaup á loftnetum o.fl. skv. samþykkt stjórnarfundar 2/2019; kynning varaformanns.**

TF3DC, varaformaður, skýrði frá því að keypt hafi verið endafædd hálfbylgjuloftnet fyrir 30, 40, 80 og 160 metrana, auk tveggja nýrra höfuðtöla með áföstum hljóðnema. Höfuðtölin munu hvorutveggja nýtast fyrir ICOM og KENWOOD stöðvar félagsins.

---

<sup>16</sup> Heildarlisti yfir embættismenn ÍRA starfsárið 2019/20 fylgir með fundargerð þessari, aftast.

### **8. Útkoma 3. tbl. CQ TF 2019.**

TF3JB, formaður, kynnti helstu efnistöð í nýju hefti CQ TF fyrir fundarmönnum, en það kemur út sunnudaginn 30. júní. Jónas skýrði enn fremur frá áframhaldandi ánægjulegum og jákvæðum undirtektum félagsmanna hvað varðar útgáfu félagsritsins eftir að útgáfan var endurvakin í apríl 2018. Hann sagðist ánægður með að útgáfuáætlun blaðsins hafi staðist fullkomlega frá upphafi. Þá væri hvetjandi að æ fleiri félagar senda efni í blaðið.

### **9. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn/stjórnnum félagsins.**

#### **(a) Frá 26. febrúar 2019 (8. stjórnarfundur 2018/19); Erindi TF3EK um prófmál.**

Erindi TF3EK um prófamál, frá 26. febrúar 2019 (8. stjórnarfundur 2018/19 – stjórnarskiptafundur). TF3JB, formaður, lagði til að stjórn félagsins sendi formlegt erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar um próf og prófkröfur með tilliti til krafna stofnunarinnar og HAREC (*e. Harmonised Amateur Radio Examination Certificate*). TF3UA lagði til, að uppkast að slíku erindi verði borið undir prófnefnd. Tillaga formanns með áorðinni breytingu TF3UA samþykkt samhljóða.

#### **Hlé var nú gert á hefðbundinni dagskrá þar sem Kristján Benediktsson, TF3KB, IARU/NRAU tengiliður ÍRA var mættur á fundinn.**

Kristján skýrði frá för sinni á „Interim“ fund í IARU svæði 1, sem haldinn var í Austurríki 26.-28. apríl s.l. Til kynningar skýrði hann m.a. frá svæðaskiptingu IARU, hvernig stjórnskipulag er, hvað er að vera IARU tengiliður, hvernig fundarhöldum var háttað o.fl.

Þá fór TF3KB yfir bandplön og hvernig þau meðmæli vilja „brotna“ (einkum) í alþjóðlegum keppnum. Hann skýrði, að bandplönin hefðu í raun hvorki laga- né reglugerðarvægi, heldur væri „recommendation“ eða notkun sem mælt er með í tilteknum tíðnibilum á böndunum. Kristján fjallaði um önnur umfjöllunarefni fundarins í Vín, þ.á.m. áhyggjur manna af truflanahættu frá þráðlausum hleðslutækjum rafmagnsbíla í tíðnisviðum okkar.

Jónas spurði Kristján hvort hann muni geta tekið saman greinagerð til birtingar í CQ TF og hugsanlega haft erindi um efnið á komandi vetraráætlun. TF3KB mjög jákvætt í það. Fram kom, að Kristján sótti fundinn án aðkomu félagssjóðs, þ.e. á eigin kostað. Þetta var jafnframt í fyrsta skipti sem ÍRA átti fulltrúa á Interim fundi IARU Svæðis 1.

TF3KB var þakkað með lófaklappi fyrir að sækja fundinn og fyrir gott erindi og svör. Fundi var á ný framhaldið eftir að hann yfirgaf fundarstað.

### **9. Afgreiðsla útistandandi mála frá fyrri stjórn/stjórnnum félagsins.**

#### **(b) Frá stjórnarárinu 2017/18; ráðstöfun TF3JA á 15 metra loftnetsturni félagsins.**

TF2LL, ritari, skýrði frá því að fyrir nokkrum árum hafi félagið fengið 15 metra háan loftnetsturn að gjöf. Georg sagði, að þegar hann kom inn í stjórn félagsins eftir aðalfundinn í mars 2018, hafi hann farið að svipast um eftir turninum í þeim tilgangi að setja hann upp við suðurenda neðri skemmunnar, en vilyrði hafði fengist fyrir því á sínum tíma. Turninn var hins vegar hvergi sjáanlegur og eftir nokkra eftirgrennslan virðist enginn félagsmaður vita neitt um afdrif hans. Georg sagðist fara fram á það við stjórn félagsins, að auglýst verði eftir turninum á heimasíðu ÍRA og FB síðum. Tillaga TF2LL var samþykkt samhljóða og ákveðið að fela TF2LL og TF3UA að semja texta fyrir auglýsinguna. Til er mynd af turneiningunum sem hægt er að birta með auglýsingunni.

#### **10. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum).**

TF3JA hefur óskað eftir afnotum af stöð félagsins til tilraunasendinga. Nokkrar bréfaskriftrif hafa farið fram á milli félagsins og hans um þessa beiðni. Samþykkt samhljóða að stjórn

félagsins óski eftir nánari útskýringu TF3JA hvað hann hefur í hyggju. Undir dagskrárliðnum kom m.a. fram, að skoðun stjórnar ÍRA er óbreytt (líkt og fram kom í janúarhefti CQ TF 2019), að styðja notkun fjarskiptaaðstöðunnar utan opnunarkvölda vegna óska félagsmanna að gera tilteknar tilraunir og/eða athuganir.

Þegar hér var komið fundi, gerði TF3JB, formaður, að tillögu sinni (í ljósi óafgreiddra dagskrárliða) að fundi yrði frestað til 2. eða 9. júlí n.k.<sup>17</sup>

Fundi slitið kl 22:10.

Georg Magnússon, TF2LL,  
Ritari ÍRA.

*Embættismenn ÍRA starfsárið 2019/20; skipaðir af stjórn 26.3. og 11.6. 2019*

EMBÆTTI / NEFND	NAFN	KALLMERKI	LEYFISBRÉF
Prófnefnd, formaður	Vilhjálmur Þór Kjartansson	TF3DX	44
- prófnefnd	Kristinn Andersen	TF3KX	91
- prófnefnd	Þór Þórisson	TF1GW	126
- prófnefnd	Einar Kjartansson	TF3EK	308
- prófnefnd	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
EMC nefnd, formaður	Sæmundur Einar Þorsteinsson	TF3UA	90
- EMC nefnd	Gísli Gissur Ófeiggsson	TF3G	105
- EMC nefnd	Yngvi Harðarson	TF3Y	89
Ritstjóri CQ TF	Sigurbjörn Þór Bjarnason	TF3SB	69
- ritnefnd	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
- ritnefnd	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
- ritnefnd	Vilhjálmur Í. Sigurjónsson	TF3VS	235
Vefstjóri	Ölvir Styrr Sveinsson	TF3WZ	438
Viðurkenningastjóri	Brynjólfur Jónsson	TF5B	125
VHF stjóri	Ari Þórólfur Jóhannesson	TF1A	174
Stöðvarstjóri félagsstöðvar	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Keppnisstjóri félagsstöðvar	Óskar Sverrisson	TF3DC	99
QSL stjóri TF-ÍRA QSL Bureau	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Páskaleikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
VHF leikar, umsjónarmaður	Hrafnkell Sigurðsson	TF8KY	423
TF útileikar, umsjónarmaður	Einar Kjartansson	TF3EK	308
Umsjónarmaður námskeiða	Jón Björnsson	TF3PW	451
Umsjónarmaður félagsaðstöðu	Mathías Hagvaag	TF3MH	411
Umsjónarmaður endurvarpa	Guðmundur Sigurðsson	TF3GS	251
- umsjónarmaður endurvarpa	Sigurður Harðarson	TF3WS	218
- umsjónarmaður endurvarpa	Ari Þórólfur Jóhannesson	TF1A	174
PFS tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
Neyðarfjarskipti, tengiliður	Jónas Bjarnason	TF3JB	80
IARU/NRAU tengiliður	Kristján Benediktsson	TF3KB	41
Ungmennafulltrúi	Elín Sigurðardóttir	TF2EQ	434
YOTA verkefnisstjóri	Elín Sigurðardóttir	TF3EQ	434
- YOTA aðstoðarverkefnisstjóri	Árni Freyr Rúnarsson	TF8RN	447

<sup>17</sup> Til skýringar: Við fundarslit var hugmyndin að ljúka dagskrá á stuttum framhaldsfundi. Þegar frá leið, var það mat formanns, að heppilegra yrði að boða til nýs fundar 8.7. til afgreiðslu fyrirliggjandi mála og fleiri sem höfðu bæst við.



# Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2019/20

Fundur nr. 4 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi mánudaginn 8. júlí 2019 kl. 18:30.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnandi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. TF3DC varaformaður, boðaði forföll.

## 1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund kl. 18:35. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.

2. Fundargerð 3. fundar 2019/20; frá 11. júní 2019 lögð fram.

3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

03.06.2019...Erindi sent til TF3JA um að samantekt um fyrirhugaðar tilraunir frá 16.5. verði lögð fyrir stjórnarfund 11.6.  
06.06.2019 og 07.06.2019...Mótteknir 2 tölvupóstar frá TF3JA; eða „einskonar svar/svör“ við ofangreindum tölvupósti.  
12.06.2019...Erindi frá TF3GB þar sem þess er farið á leit að félagið geri sig ekki að millilið við PFS v/truflanamála.  
12.06.2019...Erindi sent til TF3GB þar sem formaður lýsir yfir að hvorki stjórn né félagsmenn muni eiga afskipti af málinu.  
13.06.2019...Erindi frá þjónustufulltrúa LÍ þar sem óskað er eftir skönnuðum skilríkjum allra stjórnarmanna.  
14.06.2019...Erindi sent til þjónustufulltrúa LÍ þar sem óskað er upplýsinga um í hvaða lög bankinn visar vegna málsins.  
14.06.2019...Erindi frá þjónustufulltrúa LÍ (svar) með tilvísan í umrædd lög.  
16.06.2019...Erindi frá TF3G um gjöf eldingavara til félagsins; FlexLine Surge Arrester.  
16.06.2019...Erindi sent til TF3G með þökkum fyrir hönd félagsins.  
18.06.2019...Erindi sent til TF3JA með beiðni um frekari upplýsingar um fyrirhugaðar tilraunir frá félagsstöðinni.  
05.07.2019...Erindi sent til TF3JA þar sem erindi frá 18.6. er ítrekað.  
05.07.2019...Erindi frá TF3JA; staðfesting á móttöku erindi TF3JB.  
08.07.2019...Erindi frá TF3JA; svar TF3JA við erindum 18.6. og 5.7.  
08.07.2019...Erindi frá TF3GS f.h. APRS hóps um stuðning til kaupa á búnaði.

4. Innheimta félagsgjalda og staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.

5. Tillaga um kaup á búnaði vegna fjarskipta um Es'hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið.

6. Tillaga um kaup á APRS búnaði; stuðningur til að auka gæði og notkunarmöguleika.

7. Tillaga um veitingu sérstaks verðlaunagrips í tilefni 40. TF útileikanna 2019.

8. Tillaga um veitingu verðlaunagripa í 7. VHF leikum ÍRA 2019.

9. Fundir í tengslum við sýninguna í Friedrichshafen 21.-22.6. sem voru sóttir af fulltrúum félagsins.

10. Félagssritið CQ TF, 3. tbl. 2019 kom út 30. júní.

11. Horfinn turn, tilkynning sett a heimasíðu félagsins og FB síður 25.6.2019.

12. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum).

13. Önnur mál.

(a) Tillaga um sölu á tækjum og búnaði í eigu félagsins; framhaldsumræða.

(b) Nefnd um stofnun upplýsingabanka um möguleg QTH f. erl. leyfishafa; TF3DC formaður.

14. Næsti fundur stjórnar.

15. Fundarslit.

## 2. Fundargerð 3. fundar 2019/20 frá 11. júní lögð fram.

Fundargerðin lögð fram. Fram kom smávægileg gagnrýni á orðalag og var ritara falið að breyta því. Fundargerðin að því búnu samþykkt.

## 3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

Formaður, TF3JB, fór yfir innkomin og útsend erindi. Umræða varð um truflanir frá sendingum radióamatöra inn á mismunandi netkerfi fjarskiptafélaganna.

#### **4. Innheimta félagsgjalda og staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.**

Gjaldkeri, TF3PW, kynnti stöðu félagssjóðs, innheimtu ársins og fleira. Alls 94 félagsmenn hafa greitt félagsgjald en 84 eiga eftir að greiða. Gjaldkeri benti á, að eindagi væri að þessu sinni 1. ágúst n.k. og því líklegt að þá greiði margir. Um 1,2 milljónir króna eru í félagssjóði.

#### **5. Tillaga um kaup á búnaði vegna fjarskipta um Es'hail-2/P4A/Oscar 100 gervitunglið.**

VHF stjóri félagsins, TF1A, leggur til kaup á búnaði til samskipta frá TF3IRA um nýja Oscar 100 gervitunglið. Um er að ræða 20W Oscar 100 transverter frá PE1CMO. Áætlað er að kostnaður nemi um 118 þúsund krónum með aukabúnaði og tengjum, kominn til landsins. Stjórn ÍRA heimilar kaup á þessum búnaði til að koma á, styðja og efla virkni í samskiptum um þetta nýja gervitungl.

#### **6. Tillaga um kaup á APRS búnaði; stuðningur til að auka gæði og notkunarmöguleika.**

Meðstjórnandi, TF3GS, leggur til kaup á búnaði til frekari uppbyggingar APRS kerfisins. Um er að ræða Microsat WX3in1 Mini APRS Advanced Digipeater/I-gate (2 stk.) og PLXDigi – APRS Digipeater (2 stk.). Áætlað er að kostnaður nemi um 45 þúsund krónum, kominn til landsins. Stjórn ÍRA heimilar kaup á þessum búnaði til að styðja og efla virkni APRS kerfisins.

#### **7. Tillaga um veitingu sérstaks verðlaunagrips í tilefni 40. TF útileikanna 2019.**

Formaður, TF3JB, leggur fram tillögu um að veglegur verðlaunabikar verði veittur fyrir bestan árangur í TF útileikunum þetta árið í tilefni 40 ára afmælis útileikanna í stað hefðbundins verðlaunaplatta. Fyrstu fimm sætin fá viðurkenningarskjöl. Stjórn ÍRA samþykkti tillöguna samhljóða.

#### **8. Tillaga um veitingu verðlaunagripa í VHF/UHF leikum ÍRA 2019.**

Formaður, TF3JB, leggur fram tillögu þess efnis, að veittir verði frambærilegir verðlaunagripir fyrir fyrstu þrjú sætin í VHF/UHF leikum félagsins. Val á verðlaunum taki mið af verðlaunum sem veitt voru í Páskaleikum félagsins fyrr á þessu ári. Stjórn ÍRA samþykkti tillöguna samhljóða.

#### **9. Fundir samhliða sýningunni í Friedrichshafen 2019 sem voru sóttir af fulltrúum ÍRA.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að fjórir fulltrúar ÍRA: TF3JB, TF3KB, TF2EQ og TF1A hafi sótt fundi sem haldnir voru samhliða Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen í Þýskalandi 21.-23. júní s.l. Formaður skýrði frá því helsta sem fram fór á þessum fundum. Frá þessu verður nánar sagt í næsta hefti CQ TF. Fram kom, að allir sóttu fundina í eigin tíma og á eigin kostnað þannig að félagssjóður hafi ekki þurft að bera kostnað af neinu tagi.

#### **10. CQ TF, 3. tbl. 2019.**

Formaður, TF3JB, fjallaði um útkomu CQ TF sunnudaginn 30. júní s.l., sem var 45 bls. að stærð að þessu sinni. Efni er fjölbreytt og eiga tólf félagar efni í þessu blaði. Stjórn ÍRA þakkar sérstaklega ritstjóra, Sigurbirni Þór Bjarnasyni, TF3SB og Vilhjálmi Í. Sigurjónssyni, TF3VS, umbrotsmanni, frábær störf. Formaður létt þess getið, að sem fyrr væri almenn ánægja með útkomu blaðsins, sem væri vel.

#### **11. Horfinn turn, tilkynning sett á heimasíðu félagsins og FB síðu 25.6.2019.**

Auglýsing var sett á heimasíðu félagsins og fésbókarsíðu 25. júní s.l. TF3T hafði samband og benti á að turneining lægi fyrir neðan gáma á lóð Tækniskólans fyrir utan ÍRA portið. TF2LL skýrði frá því, að hann hafi þegar farið á staðinn og að ábendingin hafi reyst rétt; grunneining turnsins lá þar enn og var hún færð í portið á milli húsa í Skeljanesi. Nokkrar umræður urðu um málið, en gera má ráð fyrir því að þessar turneiningar séu glataðar. Ákveðið að hinkra með þetta mál að sinni.

Þegar hér var komið, þurfti TF3UA að víkja af fundi.

## 12. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum).

TF3JA hefur óskað eftir aðgangi að félagsstöðinni TF3IRA til SSTV tilraunasendinga. Stjórn ÍRA hefur óskað eftir nánari upplýsingum frá TF3JA um málið. Hann hefur svarað stjórn, en stjórn félagsins telur þau svör sem borist hafa ekki fullnægjandi. Samþykkt var að fara þess á leit við formann, að freista þess að leita eftir nánari útskýringum hvað Jón ætlist fyrir. Fari svo að þau svör verði metin ófullnægjandi, mun stjórn ÍRA neyðast til að hafna beiðninni.

## Önnur mál.

### (a) Tillaga um sölu á tækjum og búnaði í eigu félagsins; framhaldsumræða.

Rætt hefur verið innan stjórnar ÍRA, að selja þurfi hluta af eldri búnaði félagsins sem ekki er beinlínis not fyrir lengur. Um er að ræða fjarskiptatæki, loftnet og rótor. Umræða varð um hvernig best væri að háttá sölu á þessum búnaði. Tillaga kom fram þess efnis, að gefa félögum kost á að bjóða í búnaðinn og hann síðan seldur hæstbjóðanda – en með því skilyrði, að tilskilið lágmarksverð fái. Í framhaldi varð nokkur umræða um gangverð notaðra fjarskiptatækja og búnaðar radíóamatöra, framkvæmd sölunnar, auglýsingar og fleira. Formaður TF3JB, tekur að sér að ganga frá þessu máli í samráði við aðra stjórnarmenn á milli funda.

### (b) Nefnd um stofnun upplýsingabanka um möguleg QTH fyrir erlenda leyfishafa.

Dagskrárlið frestað vegna fjarveru formanns nefndarinnar og varaformanns, TF3DC.

Undir dagskrárliðnum samþykkti stjórn félagsins að þakka Gísla G. Ófeigssyni, TF3G, fyrir eldingavara sem hann færði félaginu að gjöf. Þetta eru eldingavarar af gerðinni Flexline sem munu nýtast félaginu vel.

## 14. Næsti fundur stjórnar.


Ákveðið var að stefnt skuli að næsta fundi stjórnar í byrjun september n.k.

## 15. Fundarslit.

Formaður, TF3JB, þakkaði að lokum stjórnarmönnum og sleit fundi kl 20:00.

Georg Magnússon, TF2LL,  
Ritari ÍRA.

## ÚR FÉLAGSSTARFINU.



Skeljanesi 2. júlí 2019. Georg Magnússon TF2LL og Guðmundur Sigurðsson TF3GS ganga frá uppsetningu New-tronics Hustler 4-BTV stangarloftnetsins fyrir TF3IRA. Mynd: TF3JB.

# Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2019/20

Fundur nr. 5 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi mánudag 30. september kl. 20:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. TF3GS, meðstjórnandi, boðaði seinkun og mætti hálf tíma síðar.

## 1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 20:06. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 4. fundar 2019/20; frá 8. júlí 2019 lögð fram.
3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.
  - 11.08.2019...Erindi frá IARU Svæði 1 vegna undirbúnings WRC-19.
  - 15.08.2019...Erindi frá L.Í., þjónustufulltrúa fyrirtækja...vantar undirskriftir TF2LL og TF3GS.
  - 15.08.2019...Erindi sent til þjónustufulltrúa L.Í. Næsti stjórnarfundur fyrirhugaður 3. september.
  - 15.08.2019...Erindi frá L.Í. um að þjónustufulltrúinn sé að fara í orlof og málið fari til annars fulltrúa.
  - 04.09.2019...Erindi frá L.Í., afleysingarþjónustufulltrúi fyrirtækja...spurningar um stjórnarfund 3. september.
  - 04.09.2019...Erindi sent til afleysingarfulltrúa L.Í. Þess efnis að stefnt sé að stjórnarfundinum 30. september n.k.
  - 09.09.2019...Erindi frá L.Í., afleysingarþjónustufulltrúa fyrirtækja...það er nauðsynlegt að skrifa undir.
  - 13.09.2019...Erindi frá TF3JA um aðgang að stöð félagsins „í kvöld og næstu fjóra daga“.
  - 13.09.2019...Erindi sent til TF3JA; svarpóstur.
  - 13.09.2019...Erindi frá TF3JA um aðgang að stöð félagsins ítrekað.
  - 13.09.2019...Erindi sent til TF3JA þar sem endurteknar eru fyrri óskir stjórnar um svör vegna fyrirhugaðs aðgangs.
  - 13.09.2019...Erindi frá TF3JA um aðgang að stöð félagsins ítrekuð á ný.
  - 13.09.2019...Erindi sent til TF3JA Til þess að leiða þetta mál til lykta, var honum boðið að mæta á stjórnarfund 30.9. n.k.<sup>18</sup>
  - 14.09.2019...Erindi frá TF3JA þar sem hann samþykkir að mæta á stjórnarfund og spyr um dagsetningu og tíma.
  - 15.09.2019...Erindi sent til TF3JA þar staður og tími er gefinn upp fyrir mætingu hans á 5. stjórnarfund ÍRA 30.9.
  - 15.09.2019...Erindi frá TF3JA þar sem hann þakkar boðið.
  - 26.09.2019...Erindi frá PFS vegna ECP (*European Common Proposal*) vegna 50 MHz bandsins vegna WRC-19.
4. Innheimta 2019 og staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.
5. Námskeið til amatørprófs (auglýst 13. september).
6. Vetrardagskrá ÍRA október-desember.
7. CQ TF, 4. tbl. 2019, kom út 29. september.
  - (a) Fyrsti fundur í ritnefnd 21. ágúst.
8. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2020.
9. Bráðabirgðaákvörðun PFS nr. 17/2019 er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar.
  - (a) Kynningar- og umræðufundur ásamt EMC nefnd í Skeljanesi 5. september.
10. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum); tímasettur liður kl. 21:20.
11. Önnur mál.
  - (a) Nefnd um stofnun upplýsingabanka um möguleg QTH f. erl. leyfishafa; TF3DC formaður.
  - (b) Sala á tilgreindum tækjum og búnaði í eigu félagsins; staða verkefnis.
  - (c) Heimild til kaupa á APRS stöð og búnaði fyrir TF3IRA-Ø.
  - (d) Samráðsfundur með PFS 15.8. og 2.9. (sbr. m.a. frétt á heimasíðu 30.8.).
  - (e) Heimildar óskað til að auglýsa námskeið í Mbl. og e.t.v. annarsstaðar.
  - (f) TF útleikarnir og keppnisreglur m.t.t. kallmerkjanotkunar þegar stöð er færð á milli hnita.
  - (g) Gjafir sem félaginu hafa borist á milli stjórnarfunda.
12. Næsti fundur stjórnar.
13. Fundarslit.

<sup>18</sup> Framhald...“til að skýra og gera grein fyrir erindinu munnlega, þar sem bréflæg samskipti virðast ekki ætla að skila tilætuðum árangri“.

## **2. Fundargeð 4. fundar frá 8. júlí 2019 lögð fram.**

Ritari, TF2LL, lagði fram fundargerðina. Hún var samþykkt samhljóða.

## **3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.**

Formaður, TF3JB, kynnti framlögð erindi.

## **4. Innheimta 2019 og staða félagssjóðs; kynning gjaldkera.**

Gjaldkeri, TF3PW, skýrði frá því að 160 félagar hafi þegar greitt félagsgjald en 18 félagar ættu eftir að greiða. Fram kom, að almennt væru góð skil. Þá skýrði gjaldkeri frá því að hann væri búinn að senda ítrekanir til þeirra sem ættu eftir að greiða félagsgjald. Í máli gjaldkera, TF3PW, kom fram að rúmar 1400 þúsund krónur væru í sjóði.

## **5. Námskeið ÍRA til amatörprófs (auglýst 13. september).**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að námskeiðið verði haldið í húsnæði Háskólans í Reykjavík (HR) og beri að þakka velvild skólans í garð félagsins. Þegar hafi 15 skráð sig á námskeiðið. Umræður urðu um námskeiðsgjöld, prentkostnað námskeiðsgagna og fleira tengt verkefninu. Ákveðið var að stefna að nánast óbreyttu námskeiðsgjaldi, 20 þúsund krónum, en gjaldkera falið að fastákveða gjaldið að því forsögðu að námskeiðsgjöld standi undir kostnaði.

## **6. Vetrardagskrá ÍRA október-desember.**

Formaður, TF3JB, lagði fram nýja vetrardagskrá til formlegrar kynningar (en hún hafði þegar verið send stjórnarmönnum heim í pósti) og leist fundarmönnum vel á. Fjöldi erinda og viðburða eru nú 18 talsins. Formaður skýrði frá nýjung að þessu sinni, sem er svokallaður „opinn laugardagur“. Þá verður opið í Skeljanesi frá kl. 10 til 16 og félagsmönnum boðið að koma, fá fræðslu, fylgjast með og hafa QSO um nýja Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið. Þá verða, að þessu sinni, óvenju margar opnanir á sunnudögum eða fjórar talsins, en sófaumræður á sunnudögum hafa notið vaxandi vinsælda.

Fyrsti viðburður vetrardagskrár verður þann 10. október n.k. Þá sýnir varaformaður, TF3DC, heimildarmynd frá DX leiðangrinum V8ORK til Suður-Orkneyja. Fram kom, að boðið verði upp á enn fleiri viðburði á tímabilinu, sem þá verða auglýstir sérstaklega á heimasíðu. Vetrardagskrá 2019 lýkur síðan með jólakaffi (viðhafnarkaffi) fimmtudaginn 19. desember. Formaður þakkaði stjórnarmönnum fyrir stuðning og aðkomu þeirra að undirbúningi og við vinnslu verkefnisins.

## **7. CQ TF, 4. tbl. 2019, kom út 29. september.**

Formaður, TF3JB, kynnti nýtt hefti CQ TF. Blaðið er að þessu sinni 49 blaðsíður að stærð og eiga 10 félagar efni í blaðinu. Það kemur út á heimasíðu félagsins á PDF formi og er að auki kynnt á FB síðum. Ritstjóri sendir í framhaldi tölvupósta til félagsmönnum með vefslóð á blaðið.

Formaður skýrði frá því, að óformleg ritnefnd blaðsins sem hafi hist á nokkrum hádegisfundum frá því fyrr á þessu ári til skrafs og ráðagerða, hafi nú haldið sinn fyrsta formlega fund þann 21. ágúst (eftir nýskipan nefndarinnar þann 11. júní s.l.). Fundurinn var vel heppnaður. Formaður skýrði frá almennri ánægju félagsmanna með blaðið. Fundarmenn tóku undir það. Í ritnefnd eru: TF3SB ritstjóri, TF3VS sem sér um uppsetningu blaðsins og TF3JB og TF3DC, stjórnarmenn.

## **8. Ákvörðun um dagsetningu aðalfundar 2020.**

Samkvæmt lögum félagsins skal halda aðalfund innan tilgreindra tímamarka og var ákveðið að næsti aðalfundur skuli haldinn laugardaginn 15. febrúar 2020 kl. 13:00. Formanni var að falið að kanna hvort hægt verður að halda fundinn á sama stað og síðast, þ.e. á Radisson Blu Hótel Sögu í Reykjavík, þar sem aðbúnaður og umgjörð er fyrsta flokks.

## **9. Bráðabirgðaaákvörðun PFS nr. 17/2019 er varðar fjarskiptatruflanir.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að þegar athygli stjórnarmanna ÍRA hafi verið verið vakin á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 17/2019 er varðar fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvarnotkunar, dagsett 16. júlí 2019 – hafi upplýsingar þegar verið settar inn heimasíðu félagsins og FB síður til kynningar, þ.e. þann 23. ágúst.

Að höfðu samráði stjórnar við EMC nefnd félagsins, hafi síðan verið boðað til kynningar- og umræðufundar í félaginu 5. september, þar sem Sæmundur E. Þorsteinsson, TF3UA, formaður EMC nefndar, hafði framsögu og fór yfir ákvörðunina, sem varðar kvörtun vegna truflana frá radíóamatör á sjónvarpsmóttöku og gæðum nettengingar hjá nágretta hans.

Eftir erindi Sæmundar, varð almenn umræða um truflanir af völdum fjarskipta, hvað gæti valdið truflunum og síðast en ekki síst um búnað og frágang inni á heimilum fólks sem hugsanlega gæti numið og magnað upp fjarskiptasendingar sem gætu valdið truflunum í sjónvarpi og víðar. Sæmundur, TF3UA, skýrði frá því að PFS hygðist gera fleiri prófanir og mælingar á því heimili sem um ræðir næstkomandi fimmtudag. Stjórn félagsins mun fylgjast með þróun mála.

## **10. Erindi TF3JA til félagsins dags. 6. apríl s.l. (með síðari skýringum).**

Jóni Þ. Jónssyni, TF3JA, var boðið að mæta á stjórnarfundinn til að skýra sína hlið á ósk um aðgang að félagsstöðinni, TF3IRA, og þ.á.m. hvað hann hygðist fyrir, þar sem bréflæg samskipti höfðu ekki skilað tilætluðum árangri.

Hann mætti á tilgreindum tíma kl. 21:20 og svaraði spurningum stjórnarmanna. Hann skýrði m.a. frá því að um væri að ræða SSTV sendingar sem bandarískur radíóamatör, listakonan og ljósmyndarinn Lucy Helton, KD2MFV í New York, stæði fyrir. Aðspurður sagði hann, að ekki væri um að ræða listaverk sem unnið væri að í hagnaðarskyni. Fram kom ennfremur, að ekki hafi tekist að nema merki frá stöðvarinnar í síðasta „glugga“ sem var opin þar sem loftnet KD2MFV væru ekki nægjanlega góð. Fram kom, að ósk hans stæði enn um afnot af stöð félagsins þegar hann þyrfti á því að halda.

Til umræðu kom, að ekki væri ólíklegt að áhugi félagsmanna væri til staðar til þess að taka þátt í svona tilraun – en það væri skoðun stjórnar, að fyrir þyrfti að liggja einhver tímarammi þegar slíkar tilraunir væru gerðar því erfitt væri að hlaupa til og opna félagsaðstöðuna í tíma og ótíma með litlum sem engum fyrirvara. Stjórnarmenn voru sammála um, að skýrar reglur um aðgang að félagsstöðinni þyrftu að gilda því óheftur aðgangur gengi ekki.

TF3JA gat þess, að hann muni leggja fram tímaramma þegar næstu sendingar eru fyrirhugaðar (í nóvember) og svo síðan líklega í febrúar á næsta ári. Stjórnarmönnum leist vel á þá hugmynd að félagsmönnum verði boðin aðild að verkefninu. Fram að þeim tíma, mun hann nýta þau 5 KiwiSDR viðtæki sem þegar bjóðast hér á landi til viðtöku á HF yfir netið.

Formaður, TF3JB, sagðist vilja fagna þessum umræðum og þakkaði TF3JA upplýsingarnar og komuna. Hann kvaðst að lokum vilja ítreka, að skoðun stjórnar ÍRA sé óbreytt (sbr. í janúarhefti CQ TF 2019) um að styðja við notkun fjarskiptaðstöðunnar utan opnunarkvöld vegna óska félagsmanna að gera tiltekna tilraunir og/eða athuganir. Ávallt yrði þó að gæta jafnræðis, hver sem ætti í hlut. Því væri það skylda stjórnar að gæta þess að ekki skapaðist fordæmi sem ekki samræmdu þessari stefnu félagsins. Gesturinn yfirgaf fundarstað kl. 22.

## **11. Önnur mál.**

### **(a) Nefnd um stofnun upplýsingabanka um möguleg QTH f. erl. leyfishafa.**

Formaður nefndarinnar, TF3DC, skýrði frá því að nokkur QTH hafi ratað á blað, m.a. Room With a View Apartments í Reykjavík; Hraunsnef Sveitahótel í Norðurárdal og Hótel

Hafnarfjall í Hvalfjarðarsveit (skammt frá Borgarnesi). Hvorutveggja á Hraunsnefi og við Hótel Hafnarfjall eru smáhýsi jafnframt til leigu.

Fram kom ennfremur hjá stjórnarmönnum, að um marga aðra staði væri að ræða, m.a. sumarhús sem eru til leigu vítt og breitt um landið. Á hinn bóginn virðist eftirspurn eftir upplýsingum af þessu tagi hafi minnkað til félagsins undanfarin misseri, sem hugsanlega megi rekja til falls WOW flugfélagsins, en mönnum kom saman um að sjálfsagt væri að hafa upplýsingarnar á heimasíðu félagsins þegar vinnu við öflun þeirra verður lokið.

**(b) Sala á tilgreindum tækjum og búnaði í eigu félagsins; staða verkefnis.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að verkefnið hafi frestast af ýmsum ástæðum. Hins vegar þyrfti sem fyrst, að taka til þau tæki og búnað sem ætti að selja. Rétt væri að hætta við að selja Yaesu FT-7900E VHF/UHF stöð félagsins; enda hafi okkur nýlega verið gefið statíf undir stöðina og rétt væri að halda henni. Menn voru sammála um, að félagið eigi gamla turninn áfram – enda fyrirhugað að setja hann upp við endann á neðri skemmuni í stað 15 metra turnsins sem hvarf. Heimild til uppsetningar fékkst fyrir nokkrum árum til uppsetningar turns á þeim stað og ekki ástæða til að halda annað en að heimild gildi enn. Lauslega var farið yfir þann búnað sem selja ætti og verður þessu máli haldið áfram.

**(c) Heimild til kaupa á APRS stöð og búnaði fyrir TF3IRA-Ø.**

Um er að ræða sambyggða stafavarpa- og internetgátt fyrir skilaboða- og ferilvöktunarkerfið APRS. Félagið hefur haft stöð og búnað í láni í rúma 9 mánuði, eða frá 15. desember 2018. APRS kallmerkið TF3IRA-1Ø er notað. Um er að ræða:

- ICOM IC-208H, VHF/UHF FM stöð. Sendir er 55/15/5W á 2 metrum og 50/15/5W á 70cm.
- APRS búnaður: GW-1000 (APRS Total Solution) frá CG-Antenna.
- MW aflgjafi 13.8VDC / 30A.

Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A, býðst til að selja félaginu þetta þrennt á 30 þúsund krónur. Samkvæmt umsögn meðstjórnanda, TF3GS, sem jafnframt er einn af forvígismönnum APRS hópsins, virkar búnaðurinn vel og taldi Guðmundur þetta góð kaup fyrir félagið. Tillagan samþykkt samhljóða.

**(d) Samráðsfundur með PFS 15.8. og 2.9. (sbr. m.a. frétt á heimasíðu 30.8.).**

Formaður, TF3JB, skýrði frá ánægjulegum samskiptum við Póst- og fjarskiptastofnun. Fyrst þann 15. ágúst, er komið var á framfæri beiðni félagsins þess efnis, að PFS myndi ekki styðja hugmyndir franskra stjórnvalda um endurskoðun heimildar til radióamatöra á notkun 2 metra bandsins á WRC-23 ráðstefnunni. Síðar, þann 2. september, þar sem þakklæti var komið á framfæri við stofnunina fyrir stuðning í ljósi þess að franska tillagan var verið felld á undirbúningsfundi í Tyrklandi 30. ágúst.

**(e) Heimildar óskað til að auglýsa námskeið í Mbl. og e.t.v. annarsstaðar.**

Formaður, TF3JB, fitjaði upp á þeirri hugmynd að félagið setti 2-3 auglýsingar í Fréttablaðið, Morgunblaðið og e.t.v. annarsstaðar, þar sem námskeið félagsins til amatørprófs yrði auglýst. Nokkur umræða varð um málið og kom stjórnarmönnum saman um að slík auglýsing myndi ekki bera árangur miðað við kostnað. Stefnt er að því að auglýsa námskeiðið á upplýsingatöflum háskólanna, hjá Ferðaklúbbnum 4x4, á heimasíðu, FB síðum og hugsanlega á fleiri stöðum sem til greina gætu komið.

**(f) TF útileikar og keppnisreglur m.t.t. kallmerkjanotkunar þegar stöð er færð á milli hnita.**

Stjórn ÍRA ályktar, að um sama kallmerki sé að ræða þó svo að við kallmerki í TF útileikunum sé bætt /M eða /P. Þá urðu umræður um reglur útileikanna og kom mönnum saman um að endurskoða þurfi þær þó svo reglurnar væru til þess að gera nýjar (síðast uppfærðar 2017). Ákveðið að fresta málinu.

**(g) Gjafir sem félaginu hafa borist á milli stjórnarfunda.**

Formaður, TF3JB, gerði grein fyrir gjöfum sem félaginu hafa borist á milli stjórnarfunda, þ.e. frá 8. júlí til 23. september 2019. Stjórn félagsins þakkar velvilja félagsmanna.

- 11. júlí – PYE VHF stöðvar; gefandi Garðar Gíslason, TF3IC.
- 11. júlí – Dót sem barst til félagsins, gefandi Carl J. Lilliendahl, TF3KJ.
- 11. júlí – Dót sem barst til félagsins; gefandi NN.
- 27. júlí – 11 metra hár þrístrendur turn; gefandi Jón Guðmundsson, TF8-Ø20.
- 8. ágúst – Gervihnattadiskur fyrir Oscar 100; gefandi Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.
- 8. ágúst – Veggfesting fyrir gervihnattadisk; gefandi TF3JB.
- 24. ágúst – Nýtt vinnuborð fyrir TS-2000 stöð í fjarskiptaherbergi; 150x75cm; gefandi TF3JB.
- 29. ágúst – Bækur og tímarit; gefendur Thomas W. Brooks, KE1R og XYL Rosemarie, N1DSP.
- 29. ágúst – Tveir leðurstólar í sal í Skeljanesi; gefandi Ari Þórólfur Jóhannesson, TF1A.
- 23. sept. – Yaesu SMB-201 borðfesting m/viftu f. Yaesu FT-7900E stöð TF3IRA; gefandi NN.

**12. Næsti fundur stjórnar.**

Samþykkt að efna til næsta stjórnarfundar eftir u.þ.b. einn mánuð.

**13. Fundarslit.**

Formaður, TF3JB, þakkaði stjórnarmönnum góða fundarsetu og sleit fundi kl. 22:20.

Georg Magnússon, TF2LL,  
Ritari ÍRA.

**ÚR FÉLAGSSTARFINU.**



Skeljanesi 25. Júlí 2019. Georg Kulp TF3GZ og Valgeir Pétursson TF3VP. Fjær, Höskuldur Eliasson TF3RF. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.



# Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2019/20

Fundur nr. 6 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi þriðjudag 5. nóvember kl. 20:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn. TF3GS, meðstjórnandi, boðaði forföll vegna vinnu.

## 1. Fundarsetning og dagskrá.

TF3JB, formaður, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 20:10. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 5. fundar 2019/20; frá 30. september s.l. lögð fram.
3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.
  - 22.10.2019...Erindi frá Stefáni Sæmundssyni TF3SE til minningar um Axel Sölvason TF3AX.
  - 22.10.2019...Erindi sent til TF3SE með þökkum.
  - 26.10.2019...Erindi frá Dave Sumner K1ZZ um samantekt helstu atriða er varða radióamatöra á WTC 2019.
  - 01.11.2019...Erindi frá DxEngineering með tillögu um heppilegan búnað fyrir TF3IRA.
  - 02.11.2019...Erindi sent til IARU Svæðis 1 með beiðni um leiðréttingu upplýsinga um stjórnarmenn ÍRA.
  - 03.11.2019...Erindi sent til TF3Y með beiðni um álit á tillögum/tilboðum DxEngineering.
  - 04.11.2019...Erindi frá TF3Y með umsögn um tilboð DxEngineering.
4. Innheimta 2019 og upplýsingar um stöðu félagssjóðs (kynning gjaldkera).
5. Námskeið til amatørprófs (hófst 17. október).
6. Vetrardagskrá október-desember (nýtt/viðbætur).
7. Aðalfundur 15. febrúar 2020.
8. Bráðabirgðaákvörðun PFS nr. 17/2019; staða frá síðasta fundi.
9. Tillaga um samráðsfund með Póst- og fjarskiptastofnun.
  - (a) Minnisblað vegna símafundar með PFS 5.11. og tillaga að dagskrá samráðsfundar.
10. Heimasíða.
11. Tillaga um kaup á búnaði fyrir TF3IRA.
12. Önnur mál.
  - (a) Sala á tilgreindum tækjum og búnaði í eigu félagsins; staða verkefnis.
  - (b) Gjafir sem félaginu hafa borist á milli stjórnarfunda.
  - (c) TF3YOTA QRV í desember.
  - (d) Ávarpsbréf til nýrra félagsmanna; uppfærsla 1. nóvember.
  - (e) Gerð kynningarefnis fyrir amatörradíó og ÍRA; staða.
  - (f) Vinnudagur stjórnar.
13. Næsti fundur stjórnar.
14. Fundarslit.

## 2. Fundargerð 5. fundar 2019/20 frá 30. september lögð fram.

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

## 3. Innkomin og útsend erindi á milli stjórnarfunda.

Formaður, TF3JB, fór yfir innkomin og útsend erindi og skýrði m.a. frá því að þættir úr bréfi TF3SE til minningar um TF3AX verði líklega til birtingar í næsta tölublaði CQ TF.

#### **4. Innheimta 2019 og upplýsingar um stöðu félagssjóðs.**

Gjaldkeri, TF3PW, gerði grein fyrir stöðu félagssjóðs. Í máli hans kom fram, að innheimta félags-gjalda hefði gengið vel, en 165 kröfur voru sendar út og 13 eiga eftir að greiða. Af þeim eru nokkrir sem skulda 2 ár og koma þeir því til með að detta út af félagskrá eins og áskilið er í lögum félagsins. Staða félagssjóðs er góð en í sjóði eru tæpar 1500 þúsund krónur. Stjórnarmenn lýstu ánægju með góð skil félagsgjalda og stöðu félagssjóðs.

#### **5. Námskeið til amatörprófs (hófst 17. október).**

TF3PW, umsjónamaður námskeiðsins, upplýsti að það hafi gengið vel. Heldur kvarnaðist úr þátttöku miðað við þann fjölda sem skráði sig í upphafi, en að jafnaði sækja um 10 manns tíma. Fram kom í máli stjórnarmanna, að almenn ánægja ríki á meðal félagsmanna með utanumhald og framkvæmd verkefnisins og þakkaði formaður umsjónarmanni, TF3PW, vönduð vinnubrögð. Á fundinum lá frammi samantekt um námskeiðið sem verður til birtingar í næsta tölublaði CQ TF ásamt upplýsing-um um skipulag þess.

#### **6. Vetrardagskrá október-desember (nýtt og viðbætur).**

Formaður, TF3JB, skýrði frá fyrirhuguðu erindi TF3OM um fjarhlustun með Kiwi SDR viðtækjum (og CATSync forritinu) sem TF3OM kynnti á Facebook og síðan á opnu húsi í Skeljanesi þann 12. September. Þetta efni náði ekki inn á núverandi vetrardagskrá en hugmyndin er, að það verði jafnvel kynnt í félagsaðstöðunni einhvern næstu laugardaga. Í máli formanns kom fram, að mikil ánægja ríkir með laugardagsopnanirnar í haust, sem TF1A, VHF stjóri félagsins (og fleiri) hafa staðið fyrir.

#### **7. Aðalfundur 15. febrúar 2020.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að hann hafi verið í sambandi við forráðamenn Hótel Sögu um aðgang að fundarsal fyrir aðalfund 2020. Hann sagði mjög líklegt að félaginu muni bjóðast stærri fundarsalur (en síðast) þar sem setið verði við borð á fundinum. Formanni var falið að ganga frá samningi við hótelið hvað varðar sal og aðstöðu.

#### **8. Bráðabirgðaákvörðun PFS nr. 17/2019, staða frá síðasta fundi.**

Formaður EMC nefndar, TF3UA, skýrði frá heimsókn PFS til TF3GB vegna truflana. Ekkert nýtt kom fram í málinu og staðan því óbreytt að því best er vitað.

#### **9. Tillaga um samráðsfund með Póst- og fjarskiptastofnun.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að í fyrri embættistíð hans sem formanns, 2009-2013, hafi verið komið á árlegum samráðsfundum milli félagsins og stofnunarinnar. Tilgangur þessara funda hafi verið að eiga samtal við PFS um mál sem snerta samskipti aðila og varða áhugamálið. Þrír slíkir fundir hafi verið haldnir, árin 2011, 2012 og 2013 og hafi þótt heppnast vel.

Formaður sagðist gera það að tillögu sinni að þráðurinn verði tekinn upp á ný og óskaði eftir heimild stjórnar til að senda PFS erindi þess efnis, að samráðsfundarformið yrði aftur „gangsett“ og efnt verði til fyrsta fundar þann 11. desember n.k. eða annan þann dag sem aðilar verða ásáttir um.

Hann sagði málið hafa borið á góma á símafundi með fulltrúum stofnunarinnar þann 5. nóvember (sjá umfjöllun í dagskrárlið 9.a) og hafi verið mjög vel í það tekið. Að tillögu PFS þykir henta að reikna með fundartíma frá kl. 10:30 til 12:00 og að heppilegur fjöldi fundarmanna frá aðilum sé þrír. Formaður vísaði nánar í minnisblað frá fundinum sem lá frammi með fundargögnum. Stjórnarmönnum leist vel á tillöguna og var samþykkt að efnt skuli til samráðsfundar með PFS.

Formaður lagði jafnframt fyrir fundinn eftirfarandi tillögu að dagskrá:

- 1) Niðurstöður WRC-19.
- 2) Bráðabirgðaákvörðun PFS nr. 17/2019.
- 3) Prófamál.
- 4) Önnur mál.

Nokkur umræða varð um tillöguna. Niðurstaða varð sú að leitað verði samráðs við stjórnarmenn fyrir fundinn, enda þarf tillaga að dagskrá að hljóta samþykki gagnaðilans áður en til fundar kemur.

#### **9.a Minnisblað vegna símafundar með PFS 5.11. og tillaga að dagskrá samráðsfundar.**

Formaður, TF3JB, kynnti framlagt minnisblað. Fram kom, að meginástæða fundarins hafi verið fyrra samtalið þann 2. september s.l. (sbr. umfjöllun í fundargerð 5. stjórnarfundar) þegar ákveðið var að hafa samband á ný fyrir WRC-19, en sendinefnd Íslands mun sitja síðari helming ráðstefnunnar sem stendur yfir 28. október til 22. nóvember.

Staðfest var að íslensk stjórnvöld muni styðja framkomna tillögu IARU um 50 MHz bandið. Síðara atriðið sem var rætt (um samráðsfund) er rakið í fyrri dagskrárlið.

#### **10. Heimasíða.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að hann hafi á ný hafið vinnu við uppfærslu undirsíðna á heimasíðu félagsins; vinna sem að mestu leyti hafi legið niðri frá því snemma í sumar. Uppfærslu er að mestu lokið á upplýsingasíðu um endurvarpa svo og á safnsíðu CQ TF. Hann bað stjórnarmenn um að hika ekki við að koma með ábendingar um það sem betur mætti fara.

Fram kom í umræðum, að stjórnarmenn hefðu takmakaðar heimildir til að setja inn efni og/eða gera breytingar eða leiðréttingar á efni heimasíðunnar. Formaður sagði það skoðun sína að allir stjórnar-menn ættu að hafa aðgang og myndi hann taka málið upp á samráðsfundi við TF3WZ, vefstjóra.

#### **11. Tillaga um kaup á búnaði fyrir TF3IRA.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að undanfarið hafi verið unnið að áframhaldandi uppfærslu félagsstöðvarinnar. Það verk væri nú vel á veg komið. Eftir væri þó að setja upp búnað sem tryggði að báðar HF stöðvar TF3IRA gætu verið í loftinu samtímis (í sendingu). TF1A, VHF stjóri félagsins, hafi tekið að sér að gera tillögu um útfærslu. Hann hafi m.a. leitað eftir tilboði frá DxEngineering. Svar hafi borist frá þeim fyrir fundinn og hafi þau gögn m.a. verið send til TF3Y til umsagnar. Yngvi hafi sent sitt álit til félagsins, en eftir eigi að vinna úr upplýsingum þar sem fleiri aðilar en DxEngineering framleiða búnað af þessu tagi sem geti hentað okkur. Í ljósi þessa, var ákveðið að fresta þessum lið að sinni, þar sem mál þurfti frekari skoðunar með.

#### **12. Önnur mál.**

##### **(a) Sala á tilgreindum tækjum og búnaði í eigu félagsins; staða verkefnis.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að TF1A hafi tekið að sér að yfirfara og undirbúa Yaesu FT-1000 HF stöð félagsins fyrir sölu. Að því búnu sé ekkert að vanbúnaði að kynna fyrir félagsmönnum hvaða tæki og búnað félagið hyggst selja og verða upplýsingar settar á heimasíðu og Facebook síður þegar þar að kemur.

##### **(b) Gjafir sem félaginu hafa borist á milli stjórnarfundar.**

Formaður, TF3JB, kynnti framlagar upplýsingar. Á tímabilinu 30. september til 5. nóvember bærust félaginu að gjöf 27“ HP tölvuborðskjúr af gerðinni ZR2740W og skrifstofustóll af gerðinni Markus frá IKEA. Stóllinn er sömu tegundar og þeir tveir sem fyrir voru í fjarskiptaherberginu og hafa allar vinnustöðvarnar þrjár nú samskonar stóla. Gefandi er

TF3JB. Þá barst félaginu að gjöf ljósaskilti með kallmerki TF3IRA við gervihnattastöð og LED klukka á vegg þar fyrir ofan. Gefandi er TF1A. Stjórn ÍRA þakkar þessum félagsmönnum velvilja í garð félagsins.

**(c) TF3YOTA QRV í desember.**

TF2EQ, ungmennafulltrúi félagsins, hefur verið í sambandi við stjórnina og tilkynnt að hún sé væntanleg til landsins í desember n.k. Þá hyggst hún, ásamt TF8RN, setja kallmerkið TF3YOTA í loftið frá Skeljanesi líkt og í desembermánuði í fyrra (2018). Stjórnarmenn fögnuðu þessum fréttum.

**(d) Ávarpsbréf til nýrra félagsmanna; uppfærsla 1. nóvember.**

Formaður, TF3JB, kynnti uppfært „Ávarpsbréf til nýrra félagsmanna“, m.v. 1. nóvember. Fram kom, að handritið hafi verið endurbætt í máli og myndum. Um er að ræða fjórblöðung í lit. Í framhaldi var framleitt takmarkað magn sem þegar er farið að senda í pósti til nýrra félagsmanna. Það verður ennfremur sett inn á heimasíðu félagsins. Undir dagskrárliðnum kom fram, að settir hafa verið á vegg (fyrir neðan klukkuna í salnum) tveir gegnsærir tímaritabakkar með framangreindu ávarpsbréfi og sérprentun með vetrardagskrá félagsins fyrir október-desember 2019.

**(e) Gerð kynningarefnis fyrir amatörradíó og ÍRA; staða verkefnis.**

Formaður, TF3JB, kynnti stöðuna í gerð nýs kynningarefnis fyrir amatörradíó og félagið. Fram kom m.a. að leitað hafi verið í smiðju RSGB, DARC og ARRL í þeirri vinnu. Hann taldi að handrit verði tilbúið til umsagnar og gagnrýni stjórnarmanna upp úr áramótum.

**(f) Vinnudagar stjórnar.**

Formaður, TF3JB, skýrði að nokkur vinna biði stjórnarinnar í tiltekt í húsnæði félagsins, auk skráningar á eignum félagsins. Hann sagðist vilja byrja þessa vinnu fljótlega, a.m.k. fyrir jólaánnir. Í umræðum kom fram, að aðkallandi væri að vinna í loftnetamálum félagsstöðvarinnar og tók varaformaður, TF3DC, að sér að gangast fyrir því verkefni ásamt TF2LL og TF3GS.

**13. Næsti fundur stjórnar.**

Dagsetning næsta fundar verður ákveðin eftir að samráðsfundur með PFS verður afstaðinn.

**14. Fundarslit.**

Formaður, TF3JB, sleit fundi kl. 22:30.

Georg Magnússon, TF2LL,  
Ritari ÍRA.

**ÚR FÉLAGSSTARFINU.**



Kallmerki fer óneitanlega vel sem bílnúmer. Kallmerki sem skráningamerki á bifreiðum landsmanna, voru níu talsins í janúar 2020. Þetta eru kallmerkin: TF3DX, TF3GB, TF3GL, TF3IT, TF3KJ, TF5B, TF5BW, TF8GX og TF8SM. Greiða þarf sérstaklega fyrir útgáfu einkanúmera og gildir sérútgáfan í átta ár. Eftir þann tíma má endurnýja einkanúmerið til jafn langs tíma. Eftir 65 ára aldur eru skráningamerkin endurnýjuð eiganda að kostnaðar lausu. Heimild: Samgöngustofa, ökutækjaskrá, 21.1.2020.

# Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2019/20

**Fundur nr. 7** í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi miðvikudag 11. desember kl. 19:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri og TF3UA varastjórn. TF1EIN boðaði fjarveru vegna færðar og TF3GS vegna vinnu.

## 1. Fundarsetning og dagskrá.

Formaður, TF3JB, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 19:25. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 6. fundar 2019/20; frá 5. nóvember s.l. lögð fram.
3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.
  - 13.11.2019...Erindi frá Þór Þórisssyni TF1GW með ósk um fjárhagsstuðning félagssjóðs vegna lögfræðikostnaðar TF3GB.
  - 13.11.2019...Erindi sent til Þórs Þórissonar TF1GW með upplýsingum þess efnis að boðað verði til fundar í stjórn.
  - 21.11.2019...Erindi frá IARU Svæði 1 með frétt um jákvæða samþykkt WRC-19 um 50 MHz tíðnisviðið.
  - 21.11.2019...Erindi sent til PFS með þökkum til íslensku sendinefndarinnar fyrir stuðning á frumvarpi um 50 MHz á WRC-19.
  - 21.11.2019...Erindi sent til IARU Svæðis 1 með þökkum fyrir góðan árangur á WRC-19.
  - 21.11.2019...Erindi sent til IARU með þökkum fyrir góðan árangur á WRC-19.
  - 22.11.2019...Erindi frá ritara IARU þar erindi félagsins er þakkað.
  - 29.11.2019...Erindi frá formanni prófnefndar ÍRA þess efnis að félagið sendi erindi til PFS með beiðni um próf 14. des. n.k.
  - 29.11.2019...Erindi sent til formanns prófnefndar með jákvæðri undirtekt um erindi nefndarinnar.
  - 29.11.2019...Erindi sent til PFS með beiðni um próf til amatörleyfis laugardaginn 14. desember.
  - 06.12.2019...Erindi frá IARU Svæði 1 með samanteknum upplýsingum um 50 MHz heimildir á WRC-19.
  - 08.12.2019...Erindi sent til Þórs Þórissonar TF1GW þess efnis að erindi hans frá 13. f.m. verði til umfjöllunar á stj.f. 11. des.
4. Staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.
5. Aðalfundur 2020.
  - a) Aðgangur að fundarsal.
  - b) Tillaga um veitingu viðurkenningar á aðalfundi fyrir lengst samband á 23cm bandi á árinu.
6. Próf PFS til amatörleyfis 14. desember.
7. Vetrardagskrá ÍRA febrúar-maí 2020.
8. CQ TF, 1. tbl. 2020.
9. Tillaga um samráðsfund með Póst- og fjarskiptastofnun; framhaldsumræða.
10. Ákvörðun PFS nr. 24/2019 um fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvanotkunar.
11. Erindi TF1GW til stjórnar dags. 13. nóvember.
  - a) Erindi formanns til stjórnar dags. 21. nóvember.
  - b) Minnisblað formanns til stjórnar dags. 23. nóvember.
  - c) Óformlegur fundur stjórnar dags. 25. nóvember.
12. Önnur mál.
  - a) Tillaga um kaup á búnaði fyrir TF3IRA.
  - b) Tillaga TF2EQ um eftirfylgni með aðilum sem standast próf PFS til amatörleyfis.
13. Næsti fundur stjórnar.
14. Fundarslit.

## 2. Fundargerð 6. fundar frá 5. nóvember lögð fram.

Ritari, TF2LL, lagði fram fundargerðina. Hún var samþykkt samhljóða.

## 3. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfunda.

Formaður, TF3JB, kynnti innkomin og útsend erindi á milli stjórnarfunda.

#### **4. Staða félagssjóðs, kynning gjaldkera.**

Gjaldkeri, TF3PW, útskýrði stöðu félagssjóðs, sem er nánast óbreytt frá síðasta fundi.

#### **5. Aðalfundur 2020.**

##### **(a) Aðgangur að fundarsal.**

Formaður, TF3JB, staðfesti að fundarsalurinn „Hekla 1“ er tryggður fyrir aðalfund félagsins þann 15. febrúar n.k. á Radisson BLU Hótel Sögu. Salurinn er fyrir allt að 40 manns og er setið við borð. Salarleiga er án kostnaðar fyrir félagssjóðs (eins og síðast). Félagið greiðir hins vegar 650 krónur á mann fyrir kaffi. Ljósmynd af salnum fylgdi með fundargögnum og leist stjórnarmönnum vel á salinn og alla umgjörð sem boðin er.

##### **(b) Tillaga um viðurkenningar á aðalfundi fyrir lengst samband á 23 cm bandinu.**

Formaður, TF3JB, lagði fram þá tillögu að veitt verði viðurkenning á aðalfundinum fyrir lengst samband sem náðist á milli TF stöðva á 23 cm bandinu á árinu 2019. Stjórnarmönnum leist vel á og var tillagan samþykkt samhljóða.

#### **6. Próf PFS til amatörleyfis 14. desember.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá væntanlegu prófi PFS til amatörleyfis og erindum sem send hafa verið í því tilefni. Umsjónarmaður námskeiða, TF3PW, fór yfir hversu margir hafa sótt námskeiðið og hversu margir muni hugsanlega sitja próf. Þá skýrði hann enn fremur frá velvild Háskólans í Reykjavík í garð ÍRA hvað varðar aðgang að góðum kennslustofum o.fl.

#### **7. Vetrardagskrá ÍRA febrúar-maí 2020.**

Formaður, TF3JB, fór yfir efnisþætti úr væntanlegri vetrardagskrá á nýju ári. Nokkur erindi eru þegar skipulögð en formaður óskar eftir tillögum frá stjórnarmönnum um hugsanlegt efni til fyrirlestra. Nokkrar tillögur komu fram á fundinum, en vetrardagskrá verður til kynningar í janúarhefti CQ TF.

#### **8. CQ TF, 1. tbl. 2020.**

Formaður, TF3JB, skýrir frá því að þegar sé komið efni í a.m.k. 60 blaðsíðna blað og fór yfir hluta af efni sem verður til birtingar. Fyrirhuguð útgáfa 1. tölublaðs 2020 er 26. janúar n.k. á heimasíðu ÍRA.

#### **9. Tillaga um samráðsfund með Póst- og fjarskiptastofnun, framhaldsumræða.**

Formaður, TF3JB, telur rétt að vegna úrskurðar PFS nr. 24/2019, sem birtur var á heimasíðu stofnunarinnar þann 29. nóvember s.l. og vegna hugsanlegra málaferla félagsmanns þess vegna, verði fundi með PFS frestað um stundarsakir.

#### **10. Ákvörðun PFS nr. 24/2019 um fjarskiptatruflanir af völdum talstöðvanotkunar.**

Formaður, TF3JB, fór yfir málið sem er mikilvægt fyrir alla leyfishafa. Hann fór þess á leit að stjórnarmenn kynni sér úrskurðinn. Af þeim sökum hafi þessi liður jafnframt verið settur á dagskrá.

#### **11. Erindi TF1GW til stjórnar dags. 13. nóvember.**

Formaður, TF3JB, fór yfir erindi frá TF1GW um ósk til handa TF3GB þess efnis að félagssjóður veiti fjárstyrk vegna lögfræðikostnaðar í málaferlum sem hafin eru að hans hálfu gegn PFS í þeim tilgangi að hnekkja úrskurði PFS nr. 24/2019.

Fundarmenn ræddu þetta mál í víðu samhengi og var lögð er fram eftirfarandi bókun sem var samþykkt samhljóða:

„Stjórn ÍRA hefur borist erindi frá TF3GW þar sem hann greinir frá því að TF3GB hafi fengið lögfræðing til þess að reyna að fá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar

nr. 24/2019 hnekkt. Í ákvörðuninni er TF3GB bannað að senda út á 80 m, 40 m og 20 m. Þar sem þessu fylgi töluverður kostnaður óskar TF3GW þess að ÍRA veiti TF3GB fjárhagslegan stuðning ef með þarf. Stjórn ÍRA harmar að málið skuli komið í þennan farveg. Stjórnin er sammála um það að hvernig sem málalyktir verða, hvort sem ákvörðuninni verði hnekkt eða ekki, ljúki málinu ekki með því. Að óbreyttu verða enn truflanir til staðar sem er ekki ásættanlegt fyrir nágretta TF3GB. Þetta gæti leitt til óbætans skaða á orðspori amatörhreyfingarinnar á Íslandi. Ábyrgð stjórnar ÍRA er fyrst og fremst gagnvart hagsmunum félagsheildarinnar. Stjórnin mun því ekki veita fjármunum úr félagssjóði til meðferðar málsins hjá lögfræðingum.

Hins vegar vill stjórnin eftir mætti stuðla að því að þetta mál leysist. Til þess þarf væntanlega aðgerðir beggja deiluaðila. Stjórnin lýsir sig reiðubúna til þess að félagssjóður borgi endurbætur á tækjum, loftnetum, flutningslínunum eða öðrum búnaði sem gætu leitt til þess að truflunum verði eytt og málið verði þar með úr sögunni. Stjórnin er einnig reiðubúin til þess að kosta hugsanlegar endurbætur á lögnum eða búnaði í húsi nágrennans. Auk þess er stjórnin reiðubúin að beita sér fyrir því að veita TF3GB allan þann tæknilega stuðning sem hægt er að ná fram hjá félagsmönnum til þess að leysa þetta mál, t.d. með mælingum eða vinnu við að prófa aðra tilhögun loftneta eða annars búnaðar“.

**(a) Erindi formanns til stjórnar dags. 21. nóvember.**

Formaður, TF3JB, kynnti framlagt erindi til stjórnar dags. 21. nóvember þar sem þrennt er til umfjöllunar:

- (1) Myndrit af tölvupósti TF1GW til félagsins dags. 13. nóvember ásamt afriti af svari formanns í tölvupósti sem sent var samdægurs.
- (2) Tilkynning þess efnis að vinur okkar, TF8HP, og heiðursfélagi, sé látinn.
- (3) Loks, að 50 MHz frumvarp IARU hafi verið samþykkt á WRC-19 ráðstefnunni í Egyptalandi í vikunni. Jafnframt, að send hafi verið erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar með þakklæti fyrir veittan stuðning og til IARU og til IARU Svæðis-1 með þökkum fyrir góðan undirbúning með farsælum endi.

**(b) Erindi formanns til stjórnar dags. 23. nóvember.**

Formaður, TF3JB, kynnti framlagt erindi til stjórnar dags, 23. nóvember þar sem tekin eru saman og rakin þau efnisatriði sem honum er kunnugt um og varða mál TF3GB – sem að einhverju leyti snerta félagið. Um er að ræða tímabilið frá 7. júní til 23. nóvember 2019. Minnisblaðið samanstendur í heild af 16 tölusettum efnisatriðum.

**(c) Óformlegur fundur stjórnar 25. nóvember.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá óformlegum fundi stjórnar félagsins þann 25. nóvember. Hann sagði þennan lið settan í dagskrá þessa fundar til að bóka að hann hafi farið fram. Til umfjöllunar var erindi TF1GW dags. 13. nóvember s.l.

## **12. Önnur mál.**

**(a) Tillaga um kaup á búnaði fyrir TF3IRA.**

Tillaga formanns um kaup á notuðum aflugjafa í fjarskiptaherbergi félagsstöðvarinnar samþykkt samhljóða. Aflugjafinn er sömu tegundar og gerðar (Diamond GSV3000) og tveir fyrir aflugjafar sem keyptir voru í fyrra (2018) fyrir fjarskiptastöðvar félagsins.

**(b) Tillaga TF2EQ um eftirfylgni með aðilum sem standast próf til amatörleyfis.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá hugmynd Elínar Sigurðardóttur, TF2EQ, hvað varðar eftirfylgni af hálfu félagsins þegar prófi er lokið og aðilar hafa staðist próf PFS til

amatörleyfis. Fundarmenn tóku vel í málið. Fram kom m.a. í umræðum, að varaformaður, TF3DC, hefur haldið námskeið sem nefnast „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ frá því í fyrra (2018) sem hafa mælst vel fyrir. Sumpart má segja, að námskeiðin komi til móts við erindi Elínar, þ.e. sem hvati frá hendi félagsins til að fá menn virka í loftið. Í umræðum var nánar fjallað um líklegar ástæður þess að menn fara (jafnvel) ekki í loftið að loknu prófi. Stjórnin fól formanni, TF3JB og TF2EQ að móta stefnu í þessu máli.

#### **14. Næsti fundur stjórnar.**

Stefnt er að því að halda næsta og síðasta stjórnarfund starfsársins fyrir 10. janúar n.k.

#### **15. Fundarslit.**

Formaður, TF3JB, sleit fundi kl. 20:32.

Georg Magnússon TF2LL,  
Ritari ÍRA.

#### **ÚR FÉLAGSSTARFINU.**



Skeljanesi 22. ágúst 2019. Þór Þórisson TF1GW og Óskar Sverrisson TF3DC á góðri stundu. Ljósmynd: TF3JB.



# Íslenskir radióamatörar; starfsárið 2019/20

Fundur nr. 8 í stjórn ÍRA haldinn í Skeljanesi 3. febrúar 2020 kl. 19:00.

Mættir voru: TF3JB formaður, TF3DC varaformaður, TF2LL ritari, TF3PW gjaldkeri, TF3GS meðstjórnanndi, TF3UA varastjórn og TF1EIN varastjórn.

## 1. Fundarsetning og dagskrá.

Formaður, TF3JB, bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 19:20. Hann lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt samhljóða.

1. Fundarsetning og samþykkt tillögu að dagskrá.
2. Fundargerð 7. fundar 2019/20; frá 11. desember s.l. lögð fram.
3. Stjórnarfundur haldinn 19. desember s.l. lýstur ólöglegur vegna mistaka við boðun.
4. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfundu.
  - 15.12.2019...Erindi frá TF1GW um að hann segir sig frá setu í prófnefnd vegna búsetu á landsbyggðinni.
  - 15.12.2019...Erindi sent til TF1GW þar sem veitt er lausn frá embætti með fyrirvara um samþykki stjórnarfundar.
  - 18.12.2019...Erindi sent til formanns prófnefndar m. afriti af bréfaskriftum er varða ósk TF1GW um lausn frá setu í nefndinni.
  - 18.12.2019...Erindi sent til stjórnarmanna frá formanni sem varðar stjórnarmálefni.
  - 20.12.2019...Erindi frá formanni Prófnefndar f.h. meirihluta nefndarinnar um meðmæli með manni í stað TF1GW í nefndina.
  - 21.12.2019...Erindi sent til TF1GW með samþykkt stjórnar dags. 11. desember er varðar erindi hans dags. 13. nóvember.
  - 22.12.2019...Erindi sent til stjórnarmanna frá formanni sem varðar stjórnarmálefni.
  - 31.12/01.01 2019/20...Erindi frá og sent til LAGCSA hjá NRRL vegna innsetningar CQ TF á samnoræna félagsblaðavefinn.
  - 04.01.2020...Erindi frá formanni PRC vinnuhóps IARU Svæðis 1 er varðar RSPG undirbúning WRC-23 og WRC-27.
  - 06.01.2020...Erindi frá lögfræðideild PFS um möguleika útlendings á amatörleyfi m.t.t. fötlunar og tungumálaöðugleika.
  - 06.01.2020...Erindi sent til lögfræðideildar PFS með svari félagsins við spurningum Arnars Stefánssonar, sérfræðings.
  - 08.01.2020...Erindi sent til tæknideildar PFS með beiðni um endurnýjun sérheimildar á 160M í alþj.l. keppnum á árinu 2020.
  - 08.01.2020...Erindi frá tæknideild PFS með endurnýjun sérheimildar á 160M v. þátttöku í alþjóðlegum keppnum á árinu 2020.
  - 11.01.2020...Erindi frá IARU Svæði 1 vegna tilnefningar fulltrúa fulltrúa félagsins á ráðstefnu svæðisins haustið 2020.
  - 11.01.2020...Erindi sent til IARU Svæðis 1 með tilnefningu fulltrúa félagsins á ráðstefnuna í Serbíu í október 2020.
  - 11.01.2020...Erindi sent til IARU/NRAU tengiliðs félagsins með tilkynningu um tilnefningu á ráðstefnuna.
  - 11.01.2020...Erindi frá IARU/NRAU tengilið þar sem hann samþykkir að taka verkefnið að sér.
  - 11.01.2020...Erindi frá Yahoo Groups um frest til 31. janúar n.k. til að óska eftir gögnum frá eldri póstlista félagsins.
  - 18.01.2020...Erindi frá formanni SSA um tillögur að dagsetningu fyrir NRAU fund í Svíþjóð í haust.
  - 21.01.2020...Erindi frá TF3VS með tillögu að uppfærðri skilagreini fyrir QSL kort til innsendingar til kortastofu ÍRA.
  - 26.01.2020...Erindi sent til stjórnarmanna frá formanni sem varðar stjórnarmálefni.
  - 30.01.2020...Erindi frá IARU Svæði 1; formleg tilkynning um uppfært vefsvæði á netinu.
5. Gjaldkeri ræðir/kynnir drög að ársreikningi félagssjóðs fyrir rekstrarárið 2019.
6. Fundarboð aðalfundar 2020, sbr. 17. gr. félagslaga.
7. Dagskrá aðalfundar, sbr. 19. gr. félagslaga.
8. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi, sbr. 29. gr. félagslaga.
9. Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis 14. Desember 2019.
10. Erindi TF1GW með ósk um lausn frá embætti í prófnefnd, dags. 15. desember.
11. CQ TF, 1. tbl. 2020. (Einnig kynnt efnisyfirlit fyrir útkomin tölublöð 2018, 2019 og 2020).
12. Vetrardagskrá ÍRA febrúar-maí 2020.
13. Önnur mál.
  - a. Drög að frumvarpi til nýrra laga um fjarskipti; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.
  - b. Erindi IARU Svæðis-1 um tilnefningu fulltrúa á ráðstefnuna í Serbíu í október n.k.
  - c. Erindi SSA með tillögum um dagsetningu NRAU fundar í Svíþjóð í september n.k.
  - d. Afgreiðsla á ferðastyrk v/NOTA þátttöku í ungmennabúðum radióamatöra í Noregi 10.-13. apríl.
  - e. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2019/20; þakkarávarp formanns.
14. Næsti fundur. Tímasetning verður ákveðin í samráði við viðtakandi stjórn eftir aðalfund.
15. Fundarslit.

## **2. Fundargerð 7. fundar frá 11. desember lögð fram.**

Ritari, TF2LL, lagði fram fundargerðina. Hún var samþykkt samhljóða.

## **3. Stjórnarfundur haldinn 19. desember lýstur ólöglegur vegna mistaka við boðun.**

Málið koma þannig til, að formaður hafði boðað til „fimm mínútna“ stjórnarfundar í Skeljanesi 19. desember s.l. þar sem fimm stjórnarmenn voru staddir á staðnum. Eitt mál var á dagskrá, að samþykkja beiðni TF1GW um að hætta í prófnefnd um áramót þar sem hann væri fluttur út á land. Málið var hugsað til að spara tíma, en þar sem ekki var formlega boðað til fundarins, útskýrði formaður, hafi hann í raun verið ólöglegur og sagðist Jónas fara þess á leit við stjórnarmenn, að þeir samþykktu tillögu hans um að lýsa fundinn ólöglegan. Sama málefni væri lagt fyrir þennan stjórnarfund, undir 10. lið dagskrár. Hann baðst jafnframt velvirðingar á þessu frumhlaupi sínu. Tillaga formanns var samþykkt samhljóða.

## **4. Innkomin/útsend erindi á milli stjórnarfundar.**

Formaður, TF3JB, fór yfir innkomin og útsend erindi til félagsins á tímabilinu 11. desember til 30. janúar 2020.

## **5. Gjaldkeri ræðir drög að ársreikningi félagsjóðs fyrir rekstrarárið 2019.**

Gjaldkeri, TF3PW, kynnti stöðu félagsjóðs. Inneign væri um 1.280 þúsund krónur. Hann sagði einn reikning ógreiddan, sem yrði greiddur á eindaga. Varaformaður, TF3DC, spurði um fjárhæð félagsgjalda ársins og kom fram hjá gjaldkera að það væri um ein milljón króna.

## **6. Fundarboð aðalfundar 2020, sbr. 17. gr. félagslaga.**

Formaður, TF3JB, gaf stjórn skýrslu og lagði fram gögn um boðun fundarins. Fram kom, að alls voru send fundarboð til 187 félagsmanna. Þar af voru 175 send í tölvupósti 23. janúar og 12 send í pósti 24. janúar.

## **7. Dagskrá aðalfundar 2020, sbr. 19. gr. félagslaga.**

Formaður, TF3JB, lagði fram og kynnti dagskrá aðalfundar sem er fastsett í lögum. Hann sagðist vilja bera undir stjórn, að heimila að tvö atriði yrðu á dagskrá, undir liðnum önnur mál. Annars vegar, afhending viðurkenninga félagsins til staðfestingar á nýju Íslandsmeti í vegalengd fjarskiptasambands á 1,2 GHz og hinsvegar, flutningur TF2EQ, ungmennafulltrúa ÍRA, á stuttri skýrslu um YOTA málefni félagsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## **8. Tillögur til lagabreytinga á aðalfundi 2020, sbr. 29. gr. félagslaga.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að engar tillögur til lagabreytinga hafi borist að þessu sinni.

## **9. Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis 14. desember.**

Umsjónarmaður námskeiða og gjaldkeri, TF3PW, skýrði frá því að 12 hafi verið skráðir í prófið, 10 hafi mætt til prófs og 8 hafi staðist próf til G-leyfis. Allir hafi sótt um og fengið úthlutað kallmerkjum frá PFS og einhverjir komnir í loftið. TF3PW var þakkað fyrir góða og vandaða vinnu í sambandi við verkefnið, en hann sá einnig um framleiðslu námsgagna.

## **10. Erindi TF1GW með ósk um lausn frá embætti í prófnefnd, dags. 15. desember.**

Formaður, TF3JB, lagði fram og kynnti erindi TF1GW. Fram kemur m.a. að hann óskar að hætta í nefndinni þar sem hann er fluttur út á land. Samþykkt var samhljóða að veita TF1GW lausn frá embætti og er honum þökkun góð störf.

## **11. CQ TF, 1. tbl. 2020; einnig kynnt efnisyfirlit yfir útkomin tölublöð 2018, 19 og 20.**

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að 1. tölublað ársins hafi komið út á heimasíðu þann 23. janúar s.l. Blaðið er 49 bls. að stærð og er fjórða og síðasta tölublað starfsársins 2019/20. Hann kynnti ennfremur, nýlega unnið efnisyfirlit yfir félagsblöðin sem komið hafa út frá árinu 2018 til dagsins í dag. Stjórnarmenn þökkðu fyrir gott blað og voru menn sammála um, að efnisyfirlitin auðvelduðu mjög efnisleit í blöðunum.

## **12. Vetrardagskrá ÍRA febrúar-maí 2020.**

Formaður, TF3JB, kynnti framlagða vetrardagskrá og gat þess að hún væri ennfremur til kynningar í 1. tbl. CQ TF 2020. Hann þakkaði stjórnarmönnum sérstaklega fyrir verðmæta aðkomu að samsetningu nýrrar dagskrárinnar, sem nær yfir tímabilið frá 13. febrúar til 14. maí n.k. Fram kom, að fjöldi viðburða er nær 30 talsins að þessu sinni.

## **13. Önnur mál.**

### ***a. Drög að frumvarpi til nýrra laga um fjarskipti.***

Varamaður, TF3UA, kynnti framlögð gögn. Fram kom, að um væri að ræða drög að frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga, m.a. til innleiðingar á nýjum fjarskiptapakka ESB, auk kynningar á uppfærslu reglugerðar ESB um samstarfsvettvang evrópskra eftirlitsaðila, svonefndar BEREC og TSM reglugerðir ásamt uppfærslu eldri gerða samkvæmt tilskipun ESB nr. 2018/1972. Sæmundur sagði ekki sérstaka ástæðu til umsagnar eða afskipta ÍRA, enda áhyggjur manna um að ferlið hreyfði við CE merkingum og undanþágum fyrir radióamatöra óparfar, þar sem ekkert væri fjallað um þau mál í frumvarpsdrögunum.

### ***b. Erindi IARU Svæðis-1 um tilnefningu fulltrúa á ráðstefnuna í Serbíu.***

Formaður, TF3JB, kynnti framlagt erindi IARU Svæðis 1 dags. 11. janúar s.l., þar sem óskað er tilnefningar á fulltrúa/fulltrúum ÍRA á ráðstefnu svæðisins, sem haldin verður í Serbíu 11.-16. október n.k. Tillaga formanns, um að TF3KB, IARU/NRAU tengiliður ÍRA, sækji ráðstefnuna fyrir hönd félagsins, var samþykkt samhljóða. Fram kom í máli formanns að ÍRA bjóðist styrkur til fararinnar á fundinn frá Svæði 1, líkt og fyrri ár.

### ***c. Erindi SSA með tillögum um dagsetningu NRAU fundar í Svíþjóð.***

Formaður, TF3JB, kynnti framlagt erindi formanns SSA dags. 18. janúar s.l., þar sem óskað er umsagnar um tvær dagsetningar fyrir fund sem haldinn verður í Svíþjóð til undirbúnings Norrænu landsfélaganna fyrir ráðstefnu IARU Svæðis 1. Fram kom hjá formanni, að hann hafi falið TF3KB, IARU/NRAU tengilið, að svara erindinu og TF3KB hafi gert það og sagt að báðar dagsetningar komi til greina. Undir dagskrárliðnum var samþykkt samhljóða, að fara þess á leit við TF3KB, að sækja fundinn fyrir hönd félagsins. Fram kom í máli formanns, að ÍRA bjóðist styrkur frá NRAU fyrir 80% hluta ferðakostnaðar.

### ***d. Ferðastyrkur v/NOTA þátttöku í ungmennabúðum radióamatöra í Noregi 10.-13. apríl.***

Formaður, TF3JB, skýrði frá því að Elín Sigurðardóttir, TF2EQ, ungmennafulltrúi ÍRA hafi haft samband. Í kjölfar kynningar hennar á NOTA viðburðinum í Noregi á heimasíðu ÍRA þann 10. janúar s.l., hafi Oddný Þóra Konráðsdóttir haft samband og sýnt áhuga á að fara til Noregs. Elín sagðist mæla með að hún fengi ferðastyrk frá félaginu, en hún muni sjálf sækja viðburðinn á eigin kostnað. Samþykkt samhljóða að veita Oddnýju allt að 50 þúsund styrk úr félagssjóði til fararinnar. Formaður sagði, að ánægjulegt væri að geta þess að Oddný væri félagi í ÍRA og foreldrar hennar væru báðir leyfishafar, þ.e. TF3VD og TF3KE (sk).

### ***e. Síðasti stjórnarfundur starfsársins 2019/20; þakkarávarp formanns.***

Formaður, TF3JB, fór stuttlega yfir starfið á árinu. Að lokum þakkaði hann stjórnarmönnum frábært samstarf og ánægjulega persónulega viðkynningu í öllum samskiptum er varða málefni félagsins. Erfitt væri að hugsa sér betri samstarfsmenn. Hann uppskar á móti, klapp og hlý orð frá stjórnarmönnum.

## **14. Næsti fundur stjórnar.**

Tímasetning verður ákveðin í samráði við viðtakandi stjórn eftir aðalfund.

## **15. Fundarslit.** Fundi var slitið kl. 20:55.

Georg Magnússon TF2LL,  
ritari.



Úr félagsstarfinu. Fyrir utan Skeljanes í loftnetavinnu 20. mars 2010. Erling Guðnason TF3EE og Bjarni Sverrisson TF3GB.  
Ljósmynd: Jónas Bjarnason, TF3JB.



Á Ham Radio sýningunni í Friedrichshafen í Þýskalandi 22. júní 2019. Elin Sigurðardóttir TF2EQ og Jónas Bjarnason TF3JB.  
Ljósmynd: Kristján Benediktsson TF3KB.

# VIÐAUKI-B

Yfirlit yfir tilgreind skjöl  
og annað sértækt efni  
sem vísað er til í skýrslunni

Efni	Dagsetning	Blaðsíða
Starfsáætlun stjórnar ÍRA fyrir starfsárið 2019/20	11.6.2019	158
Ávarpsbréf til nýrra félagsmanna	1.11.2019	160
Námskeið til amatörprófs 14.10./14.12; námsskipan	18.10.2019	164
Vetrardagskrá 2019/20; fyrri hluti 2019	25.1.2019	166
Ljósmynd, sólarlag í Skeljanesi	30.12.2019	167



# Starfsáætlun stjórnar ÍRA 2019/20

Á fundi í stjórn ÍRA þann 11. júní 2019 var samþykkt starfsáætlun fyrir starfsárið 2019/20. Það er í samræmi við ákvæði í 9. gr. laga félagsins, þar sem segir m.a. að „varaformaður sinni starfsáætlun og framkvæmd hennar“. Áætlunin er birt hér á eftir.

## 1. REKSTUR

Stjórn félagsins mun halda stjórnarfundum samkvæmt áætlun sem samþykkt var á fyrsta fundi stjórnar á starfsárinu, þ.e. um það bil mánaðarlega (eða eftir þörfum) og birta fundargerðir á heimasíðu, á tilkynningatöflu í fjarskiptaherbergi og í félagsritinu CQ TF. Haldið verður áfram útgáfu CQ TF sem hefur gengið vel og mælst vel fyrir. Sjá nánar neðar.

## 2. SAMSKIPTI

Jákvæð og uppbyggileg samskipti við aðila í nærumhverfinu sem og í fjærumhverfinu eru ÍRA nauðsynleg. Miðað er við að einn stjórnarmaður (í það minnsta) verði ætíð til staðar í félagsaðstöðunni í Skeljanesi til að auðvelda félagsmönnum samskipti við stjórn. Lögð verður áhersla á fagleg og jákvæð samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun. M.a. verði stefnt að árlegum samráðsfundum á milli aðila. Það sama á við um samstarf við IARU, IARU Svæði 1, NRAU og annað alþjóðlegt samstarf.

## 3. FÉLAGSAÐSTAÐA

Félagsaðstaðan og rekstur hennar er þungamiðjan í starfi félagsins, þ.e. samkomusalur, fjarskiptaherbergi, kortastofa og (vísir að) smíðaaðstöðu ásamt geymsluherbergi í kjallara. Almenn opnunarkvöld eru á fimmtudögum en til greina kemur að staðið verði fyrir viðburðum á öðrum vikudögum sem þá verða auglýstir sérstaklega. Áfram verður lögð áhersla á gott samstarf við aðra sem hafa aðstöðu í húsinu.

## 4. FÉLAGSSTÖÐIN TF3IRA

Markmiðið hefur verið að félagsstöðin sé þannig búin að hún geti svarað þörfum félagsins með að hægt sé að stunda fjarskipti í sem flestum tíðnisviðum radíóamatöra og á sem flestum tegundum útgeislunar. Áfram verður unnið að endurbótum á búnaði stöðvarinnar og viðhaldi og uppsetningu loftneta ásamt því að einfalda skipulag og aðgang félagsmanna. Stuðlað verður að þátttöku í helstu alþjóðlegum keppnum og leikum og að stöðin sé opin og virk á opnunarkvöldum. Stefnt verður að því að ljúka við stefnumótun um málefni stöðvarinnar á starfsárinu.

## 5. FRÆÐSLUDAGSKRÁ 2019/20

Fyrri hluti fræðsludagskrár verður í boði í október/desember 2018 (til kynningar í 4. tbl. CQ TF 2019) og síðari hluti verður í boði í janúar/mars 2019 (til kynningar í 1. tbl. CQ TF 2020). Viðburðir verða jafnóðum til kynningar á heimasíðu félagsins og öðrum miðlum (á vettvangi áhugamálsins). Stefnt verður að auknu framboði viðburði í boði á laugardögum og sunnudögum um sértæk málefni.

## 6. MIÐLAR

CQ TF kemur áfram út á rafrænu formi (PDF) á heimasíðu félagsins og miðað við að gefin verði út fjögur blöð á starfsárinu. Heimasíðan og samfélagsmiðlar verða áfram nýttir til upplýsingamiðlunar og samskipta við félagsmenn. Ennfremur verður Póstlisti ÍRA, [irapostur@groups.io](mailto:irapostur@groups.io) opin til samskipta fyrir félagi.

## 7. KYNNINGARMÁL

Áfram verður unnið að kynningu á áhugamálinu og á starfsemi félagsins á sem víðustum grundvelli. Blaðaútgáfa, heimasíða og samfélagsmiðlar nýtast einkum í þessum efnum.

Kynningarefni um starfsemi ÍRA sem í dag er sent öllum nýjum félagsmönnum og var tilbúið í október 2018 (svokallað ávarpsbréf) verður áfram notað. Í annan stað, verður lögð áhersla á að ljúka gerð nýs og vandaðs kynningarefnis um amatör radió og starfsemi félagsins (sbr. forsíðumynd hér til hliðar) sem er hugsað fyrir þá sem spyrjast fyrir um áhugamálið og félagið. Þetta efni verður sett upp í fjórblöðung og prentað í lit. Miðað er við að það nýtist jafnframt til innsetningar á heimasíðu.

Væntingar eru bundnar við embætti sérstaks ungmennafulltrúa ÍRA sem tók formlega til starfa í desember 2018 með þátttöku í svokölluðu YOTA verkefni. Hugmyndin er, að embættið muni einnig annast samvinnu við radióskáta, svo sem vegna JOTA/JOTI viðburða. Starf ungmennafulltrúa verður nánar til þróunar á starfsárinu.

Stjórn ÍRA mun vinna á starfsárinu að mótun hugmynda um kynningarmál á breiðum grundvelli. Hér er m.a. átt við kynningu í skólum, fyrirtækjum og stofnunum sem og með greinarskrifum í opinbera prentmiðla eftir því sem tækifæri gefast. Ljóst er, að verkefni af þessu tagi er viðamikil og verður ekki lokið á einu starfsári, því er miðað við að drög að skipulagi verði tilbúið fyrir lok stjórnarársins.

## 7. NÁMSKEIÐ


Námskeiðahald til amatörprófs hefur ávallt tilheyrt kjarnastarfsemi félagsins og mun svo verða áfram í góðri samvinnu við prófnefnd, umsjónarmann námskeiða (TF3PW) og Póst- og fjarskiptastofnun. Næsta námskeið er fyrirhugað í október 2019 og verður athugað með námskeið sem hefst í janúar/febrúar 2020. Áfram verður unnið að mótun stefnu fyrir námskeiðahaldið, þ.m.t. uppfærslu námsefnis. Í annan stað verður lögð áhersla á að skilgreina helstu markhópa, sem komi til með að endurspeglast í auglýsingum félagsins.

## 8. ENDURVARPAR / STAFVARPAR / RADÍÓVITAR


Félagið mun áfram styðja uppbyggingu og viðhald endurvarpa, stafvarpa og radióvita í samráði við VHF stjóra félagsins og vaxandi hóp félagsmanna með áhuga á því sviði.

## 9. TÍÐNIMÁL OG ÖNNUR RÉTTINDI

Stjórn ÍRA mun áfram huga að núverandi réttindum leyfishafa og verndun þeirra, auk þess að sækja um rýmri tíðnisvið og aukið afl í góðri samvinnu við stjórnvöld. Sérstaklega er litið til væntanlegra nýrra samþykktu um 50 MHz bandið á tíðniákvörðunarráðstefnu ITU í nóvember 2019.



ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR, ÍRA



Mynd frá TF3IPA. Áhugastíð íslenskra radióamatöra í Stjórnsel í Reykjavík. Sigurður Ólafur Ólafsson TF2WV er í sambandi við radióamatör í Melbourne í Ástralíu. Ljósmynd: Jónas Björnsson TF3MB.

**ÍRA**  
ÍRA er landsfélag radióamatöra á Íslandi og var stofnað 14. ágúst 1946. Félagið á aðild að alþjóðsamtökum landsfélaga radióamatöra, *International Amateur Radio Union, IARU*, svæðissamtökum þeirra *IARU Region 1* og samtökum norræna landsfélaga, *Nordisk Radio Amatör Union, NRAU*. ÍRA hefur með höndum formlegt samstarf við Póst- og fjarskiptastofnun um málefni radióamatöra hér á landi.

**AMATÖR RADÍÓ**  
Amatör radió er fyrst og fremst áhugamál, bæði hér á landi sem annarsstaðar. Það hefur gjarnan verið nefnt vísindalegt áhugamál. Sumir vilja þó halda því fram að amatör radió sé lífsstíll eða öðrþendi bakteria og geta flestir radióamatörar

tekið undir það. Fjöldi radióamatöra í heiminum í dag er nær 5 milljónir og hér á landi hafa verið gefin út nær 500 leyfisbref frá upphafi (1947).<sup>1</sup>


Til að öðlast leyfi þarí viðkomandi að gangast undir próf hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Þess má geta, að amatör radió er eina áhugamalið sem hefur réttarstöðu samkvæmt alþjóðsamningum.

Opinber skilgreining: „Þráðlaus fjarskiptáþjónusta sem hefur að tilgangi eigin þjálfun, samskipti á ljósvaknum og tæknilegar athuganir sem radióáhugamenn annast, þ.e. einstaklingar sem fengið hafa til þess heimild“.

<sup>1</sup> Fyrsta reglugerð um starfsemi radióamatöra hér á landi var gefin út 7. febrúar 1947.



## Íslenskir radióamatörar, ÍRA



Myndin er af Elinu Sigurðardóttur TF2EQ og Árna Frey Rúnarssyni TF8RN í fjarskiptaherbergi TF3IRA í Skeljanesi.

### Ágæti nýi félagsmaður!

Velkomin(n) í félagið Íslenskir radióamatörar, ÍRA. Við þetta tækifæri viljum við vekja athygli á markmiðum félagsins og þáttum í félagsstarfinu sem félagsmönnum standa til boða.

Markmið félagsins eru skilgreind í 3. gr. félagslaga:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radióíþróttir meðal radióamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói á meðal ungs fólks.

Þetta eru í sjálfu sér háleit markmið en lýsa í reynd vel kjarnanum í starfsemi félagsins í þá rúmlega sjö áratugi sem það hefur starfað, en ÍRA var stofnað 14. ágúst 1946.

Starfsemin miðast við að unnið sé að þessum markmiðum og má m.a. sjá þess merki í nýjum verkefnum sem félagið ræðst í hverju sinni, en í heildina séð er rekstur félagsins í föstum skorðum. Í textanum hér á eftir viljum við vekja athygli á nokkrum þáttum í félagsstarfinu





Mynd úr sal í Skeljanesi.



Vinsælt er að setjast við fundarborðið með kaffi og ræða málin.



Erlend tímarit sem félaginu berast eru auðkennd og aðgengileg í þessum hilluskápum í sal á 1. hæð.

sem félagsmönnum standa til boða. Það er von stjórnar félagsins, að þú sem nýr félagsmaður, komir til með að nýta þér þá og taka þátt í starfinu.

### FÉLAGSAÐSTAÐAN

Félagsaðstaða ÍRA er við Skeljanes í Reykjavík. Þar er opið hús alla fimmtudaga kl. 20-22. Yfir vetrartímann er stundum opið um helgar, en það er þá auglýst í hvert skipti á heimasíðu og á Facebook. Félagssaðstaðan býður upp á setustofu á neðri hæð, fjarskiptaherbergi á efri hæð ásamt herbergi fyrir kortastofu ÍRA og vísu að smíðaaðstöðu. Í setustofu hittast félagsmenn (og gestir) og ræða áhugamálið, gjarnan yfir kaffibolla. Þar liggja m.a. frammi nýjustu tímarit frá 10 landsfélögum radióamatöra í heiminum.

Setustofan er einnig nýtt fyrir erindisflutning, almenna fundi og myndakvöld. Á vetrardagskrá (í október-desember og febrúar-maí) eru a.m.k. í boði 1-2 erindi í hverjum mánuði sem varða mismunandi þætti áhugamálsins.

Í fjarskiptaherbergi á 2. hæð geta leyfis-hafar stundað fjarskipti frá félagsstöðinni TF3IRA eða hlustað á amatörböndin. Stöðin er ágætlega búin tækjum og loftnetum til fjarskipta í tíðnisviðum radióamatöra í stuttbylgjusviðinu (1.8-30 MHz); á morsi, tali og stafrænum tegundum mótunar. Þegar félagsstöðin er starfrækt í alþjóðlegum keppnum radióamatöra er notað kallmerkið TF3W.

QSL stofa félagsins hefur einnig aðstöðu á efri hæð. Hún deilir herbergi með vísu að smíðaaðstöðu og bókahillum fyrir handbækur. Stofan annast móttöku og sendingu QSL korta félagsmanna og er rekin í samstarfi við önnur landsfélög radióamatöra um allan heim. Félagsmenn fá úthlutað og merkt sér hólfi með kallmerki (eða hlustmerki), fyrir innkomin kort.

### CQ TF, MIÐLAR OG NÁMSKEIÐ

ÍRA gefur út félagsblað, CQ TF, fjórum sinnum á ári. Blaðið veitir innsýn í starf félagsins og starfsemi radióamatöra hér á landi. Hvert blað er á bilinu 40-50

blaðsíður að stærð. Það kemur út á stafrænu formi á heimasíðu og er prentað í takmörkuðu upplagi. CQ TF er mikilvægur tengiliður við félagsmenn og flytur fréttir og sérhæft efni.

Félagið heldur úti heimasíðu á netinu, [www.ira.is](http://www.ira.is) Þar birtast fréttir og tilkynningar til félagsmanna, jafnvel daglega. Á heimasíðu er einnig vistað áhugavert efni á undirsíðum sem tengist áhugamálinu. Þá stendur félagið að rekstri síðunnar *Íslenskir radióamatörar* á Facebook og heldur úti póstlista á netinu: [irapostur@groups.io](mailto:irapostur@groups.io)



Félagstöðin TF3IRA hefur aðstöðu á 2. hæð í Skeljanesi.

ÍRA stendur fyrir námskeiðahaldi til amatörprófs og eru námskeið yfirleitt í boði vor og haust. Námskeiðin standa yfir í um 8 vikur og fer kennsla fram tvö kvöld í viku. Námskeiðunum lýkur með prófi sem haldið er á vegum Póst- og fjarskiptastofnunar. Kröfur um morskunnáttu voru felldar úr reglugerð um starfsemi radióamatöra árið 2004.



QSL stofa ÍRA hefur aðsetur á 2. hæð ásamt annari starfsemi.

### ÖNNUR STARFSEMI

Félagið stendur árlega fyrir söludegi notaðra tækja sem tengjast áhugamálinu. Þessi dagur er yfirleitt haldinn snemma vors, um helgi. Þá gefst félagsmönnum kostur á að mæta í félagsaðstöðuna og bjóða til sölu íhluti, tæki og/eða búnað sem þeir vilja selja og/eða losna við.



Myndin er af félagsblaði ÍRA, CQ TF.



Námskeið ÍRA til amatörprófs fara fram í Háskólanum í Reykjavík.



Námskeið ÍRA til amatörprófs eru að jafnaði haldin vor og haust.

ÍRA stendur árlega fyrir nokkrum fjarskiptaviðburðum. Um er að ræða Páskaleika (í apríl), VHF/UHF leika (í júlí) og TF útleika (um verslunarmannahelgina). Þessir viðburðir eru til

að hvetja til sambanda við aðra leyfishafa innanlands. Félagið styður jafnframt þátttöku félagsmanna í Alþjóðlegu vita- og vitaskipahelginni sem haldin er árlega 3. helgina í ágústmánuði. Við það tækifæri fara félagsmenn með tæki og búnað og setja upp í tilteknum vita (eða á lóð hans) og hafa sambönd við aðra radíóamatöra.



Fjarskiptaherbergi ÍRA í Skeljanesi 9. maí 2019. Erik Finskas TF3EY / OH2LAK tekur fyrsta SSB QSO frá félagsstöðinni (og frá Íslandi) um Es'hail/Oscar

## FJARSKIPTIN

Leyfishöfum stendur til boða að nota endurvarpsstöðvar sem reknar eru á amatörböndunum á metra- og á desimetrabylgjum: **Á VHF:** TF3RPB (Bláfjöll), TF1RPE (Búrfell), TF2RPJ (Mýrar), TF3RPA og TF3RPK (Skálafell) og TF5RPD (Vaðlaheiði). **UHF:** TF3RPB og TF2RPJ.

Radíóvitar, með kallmerkið TF1VHF voru settir upp í Borgarfjarðarsýslu vorið 2018. Þeir senda út á tíðnunum 50.457 MHz og 70.057 MHz.

Innanlandstíðnir (hlusttíðnir) radíóamatöra hér á landi eru 3637 kHz á 80 metrum, 145.500 MHz á VHF og 433.000 á UHF. Utanlandstíðni fyrir sambönd við íslenska leyfishafa sem staddir eru erlendis er 14.330 MHz.

Reglugerð um starfsemi radíóamatöra hér á landi, vefslóð: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/srn/nr/3732>

## AÐ LOKUM

Ég vil að lokum vekja athygli á mikilvægi ÍRA sem landsfélags. Það er hagsmunafélag íslenskra radíóamatöra og kemur fram sem fulltrúi leyfishafa gagnvart stjórnvöldum og hefur umsagnarrétt um málefni þeirra samkvæmt reglugerð. Þá er félagið aðili að alþjóðasamtökum landsfélaga radíóamatörfélaga, á heimsvísu og á okkar landssvæði.

Það er von mín að þú munir taka virkan þátt í starfi félagsins á þann hátt sem þér hentar best. Komi upp spurningar sem varða félagið, starfsemi þess eða áhugamálið að öðru leyti, er undirritaður og aðrir í stjórn ÍRA ætíð reiðubúnir til svara og aðstoðar.

Fyrir hönd stjórnar ÍRA,

Jónas Bjarnason, TF3JB  
formaður



Skálafelli 12. október 2019. TF3SUT vinnur við loftnet TF3RPK.



## ÍSLENSKIR RADÍÓAMATÖRAR (ÍRA) / ICELANDIC RADIO AMATEURS

P.O. Box 1058, 121 Reykjavík, Iceland / Website: [www.ira.is](http://www.ira.is) / E-mail: [ira@ira.is](mailto:ira@ira.is)

Námskeið til amatörprófs 18. október til 14. desember 2019.

Mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 18:30-21:30.

Haldið í Háskólanum í Reykjavík, stofu verkfræðideildar V109

### SKIPULAG NÁMSKEIÐS

NR.	VIKU- O. MÁNAÐARD.	KENNSLUEFNI	LEIÐBEINANDI
1.	Föstudagur 18. okt. Kl. 18:30-21:30	DC-rásir, spenna, straumur og viðnám Lögmál Ohms. Afl, aflþol viðnáma Raðtenging og hliðtenging viðnáma Raðtenging og hliðtenging spennugjafa (rafhlaða)	TF3HM
2.	Mánudagur 21. okt. Kl. 18:30-21:30	Rafsvið. Þéttir, hvað ræður rýmd Raðtenging og hliðtenging þetta Helstu gerðir þetta, hverfiþéttar Segulsvið, span. Sjálfspan Raðtenging og hliðtenging spólna Riðspenna, tíðni og fasi. Toppgildi og virka gildi sínus Spennar, vindingahlutfall og spenna, straumur	TF3HM
3.	Miðvikudagur 23. okt. Kl. 18:30-21:30	Dæmaútreikningur úr DC-rásum Dæmaútreikningur um þetta (ekki þverviðnám) Dæmaútreikningur um spólur (ekki þverviðnám)	TF3HM
4.	Mánudagur 28. okt. Kl. 18:30-21:30	Spenna og straumur í þétti (við sínussveiflu) Spenna og straumur í spólu (við sínussveiflu) 90°fasvik spennu og straums, á hvorn veg? Straumresónans við raðtengingu, lágt viðnám Spennuresónans við hliðtengingu, hátt viðnám Q og bandbeidd	TF3HRY
5.	Þriðjudagur 29. okt. Kl. 18:30-21:30	Notkun reiknigrafs Kvartskristall, helsta notkun Dæmaútreikningur um þverviðnám og resónans	TF3HRY/+NN
6.	Miðvikudagur 30. okt. Kl. 18:30-21:30	Hálfléiðarar. Díóður, leiðnistefna P/N skeyta NPN og PNP nórar, þekking stýriskaut og hvernig snúa við veituspennu Afríðlun og mögnun Flokkur A, B og C	TF3AU
7.	Miðvikudagur 6. nóv. Kl. 18:30-21:30	Sínus ein tíðni, bjögung og yfirsveifur Sumu- og mismunatíðni við blöndun/mótun LSB, USB, DSB-SC SSB með síuaðferð AM, umlykja, PEP	TF3DX
8.	Mánudagur 11. nóv. Kl. 18:30-21:30	Bandbreidd mótaðs merkis Umlykjubjögung, svettur Umlykjuskynjari og margfeldisskynjari FM og PM DSP	TF3DX
9.	Miðvikudagur 13. nóv. Kl. 18:30-21:30	Sveifluvakar, VFO, VXO, hlífstígg (buffer), tíðnimargföldun Knýstígg, aflmagnari Útgangssía, LP eða BP Lykling (mors) Prófsendirinn	TF3HK
10.	Mánudagur 18. nóv. Kl. 18:30-21:30	Dæmatími um prófsendi	TF3HK
11.	Miðvikudagur 20. nóv. Kl. 18.30-21.30	Skynjun á móttökutíðni, TRF og „direct conversion“ Viðtæki með millitíðni RF, LO, IF, BFO, AF, AGC Prófviðtækið	TF3HK

12.	Mánudagur 25. nóv. Kl. 18:30-21:30	Dæmatími um prófviðtækið	<b>TF3HK</b>
13.	Þriðjudagur 26. nóv. Kl. 18:30-21:30	Loftnet. Straum- og spennumynstur rakið frá opnum enda Lengdir sem gefa resónans, háviðnáms og lágviðnáms Lengdir sem gefa spankennt og rýmdarkennt tvinnviðnám Val á fæðistað sem hentar sammiðjukapli, annars AUTO eða opin lína hálfbylgjutvípóll, kvartbylgjustöng, 3 staka Yagi Skautun og stefnuvirkni	<b>TF3DX</b>
14.	Miðvikudagur 27. nóv. Kl. 18:30-21:30	Dæmatími um loftnet Tíðni og bylgjulengd. LF, MF, HF, VHF og UHF Helstu tíðnisvið amatöra Jarðbylgja, kostur vaxandi bylgjulengdar Stökkbylgja (sky wave), heppileg tíðni innanlands og fyrir DX Dautt svæði (skip zone) Nöfn og röð jónhvolflaga, D, E og F, hæð u.þ.b. Kritísk tíðni og MUF	<b>TF3DX</b>
15.	Mánudagur 2. des. Kl. 18:30-21:30	Fæðilínur. Bylgjuviðnám sem hlut. spennu og straums í sömu bylgju 50 Ω og 75 Ω kaplar og opin lína Skermur jarðtengdur, jafnvæg lína og balun Lauslegur samanburður á tapi, tap vex með SWR Bylgja í báðar áttir veldur standbylgju Standbylgja, spennu- og straummynstur (e. bylgja), skilgreining SWR SWR reiknað sem RL/ZO eða ZO/RL Kvartbylgjuspennir Aðlögun úti við loftnet eða inni við stöð, ATU	<b>TF3UA</b>
16.	Þriðjudagur 3. des. Kl. 18:30-21:30	Truflanir. Yfirsveiflur, snikjusveiflur, RF-afturverkun frá loftneti Yfirstýring tækis sem truflast LP-sía, HP-sía, rétt notkun við truflað tæki eða sendi Samhátarstraumur og kæfing hans Hindra RF straum út á húslagnir, einkum með LW Rétt stilling mótunar og afls, mótunarskvettur og lykilmellir	<b>TF3UA</b>
17.	Miðvikudagur 4. des. Kl. 18:30-21:30	Dæmatími um fæðilínur og aðlögun Dæmatími um truflanir.	<b>TF3UA</b>
18.	Mánudagur 9. des. Kl. 18:30-21:30	Öryggisatriði varðandi rafmagn Snertihætta Einangrun með spennu, varnarsmáspenna Hlíðarjarð, tenging hennar í kló Tvöföld einangrun í stað hlíðarjarðar, merki Vör Uppsetning loftneta Sviðsstyrkur nærri loftnetum	<b>TF3AM</b>
19.	Þriðjudagur 10. des. Kl. 18:20-21:30	Reglur og viðskipti (nánar síðar)	<b>TF1GW</b>
20.	Miðvikudagur 11. des. Kl. 18:30-21:30	Farið í eldri próf og upprifjun	<b>TF3PW</b>
21.	<b>Laugardagur 14. des. Kl. 10:00-16:30</b>	<b>Próf Póst- og fjarskiptastofnunar til amatörleyfis. 10:00-12:00 Raffræði og radiótækni 13:00-15:00 Reglur og viðskipti 15:30 Prófsýning</b>	<b>TF3DX</b>
A1	Laugardagur 30. nóv. Kl. 10:00-13:00	Félagsaðstaða ÍRA við Skeljanes heimsótt, þ.á.m. fjarskipta-herbergi TF3IRA og loftnet skoðuð. Þátttakendur í námskeiði gera prufuútsendingar undir kallmerki TF3IRA með stöðvarstjóra. TF3PW, TF3DC, TF1A og TF3JB á staðnum.	<b>TF3PW</b>

<b>LEIÐBEINENDUR</b>
<b>TF3AM</b> – Andrés Þórarinnsson – andres@vista.is
<b>TF3AU</b> – Ágúst Sigurðsson – augustus@internet.is
<b>TF3DX</b> – Vilhjálmur Þór Kjartansson – villik@hi.is
<b>TF1GW</b> – Þór Þórisson – TF1GW@simnet.is
<b>TF3HK</b> – Haukur Konráðsson – haukurk@simnet.is
<b>TF3HM</b> – Hörður Mar Tómasson – hordurmar@gmail.com
<b>TF3HRY</b> – Henry Arnar Hálfánarson – hry@simnet.is – henry.arnar.halfdanarson@ruv.is
<b>TF3KX</b> – Kristinn Andersen – Kristinn1@gmail.com
<b>TF3UA</b> – Sæmundur E. Þorsteinsson – saemi@hi.is
<b>TF3JB</b> – Jónas Bjarnason – jonas.bjarnason.hag@gmail.com
<b>UMSJÓN</b>
TF3PW – Jón Björnsson – nonni.bjorns@gmail.com – GSM 896-1975



# Vetrardagskrár ÍRA 2019/20

Tvær vetrardagskrár voru í boði til félagsmanna 2019/20, en starfsárið náði yfir tímabilið frá 16. febrúar 2019 til 15. febrúar 2020. Sú fyrri var fyrir *febrúar-maí* og sú síðari *október-desember*. Þriðja verkefnið (fyrir febrúar-maí 2020) var síðan kynnt í 1. tbl. CQ TF 2020, þar sem blaðið kom út innan starfsársins, þ.e. 26. janúar 2020.

Í vetrardagskránni í febrúar-maí 2019 voru 16 viðburðir í boði. Þar af var fjöldi erinda tíu talsins. Hraðnámskeiðið „Fyrstu skrefin, farið í loftið með leiðbeinanda“ var endurtekið, en það hafði heppnast afar vel árið á undan (2018), auk sunnudagsopnunar (sófaumræðna). Nýjung að þessu sinni var smíðanámskeið í formi sýnikennslu og verkefna sem byggðu á Arduino örtölvum, en síðast var haldið smíðanámskeið á vegum ÍRA í febrúar árið 2011.

VETRARDAGSKRÁ ÍRA FEBRÚAR – MAÍ 2019

FEBRÚAR	Víðburður	Uppýsingar	Fyrirlesari - umgjafi	Tímasetning	Skyringartími
7. febrúar	Fréttadagur	Kynnsla á D.S.M. í Ríkisspeidun.	Ás Kvarnberg, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
14. febrúar	Fréttadagur	Alþingisráðgjafi í Ríkisspeidun.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
21. febrúar	Fréttadagur	DK-þróttar í Malþingum, Gætt og Væðing, KÍK & SKÍK Wood 2019.	Dagbjörg Svoboda, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
28. febrúar	Fréttadagur	Kaup á milli HF, umhverfisvætt 2019, umhverfisvætt og vöðvar.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
7. maí	Fréttadagur	Fréttadagur og alþingi um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
14. maí	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
21. maí	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
28. maí	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
31. maí	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
7. apríl	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
14. apríl	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
21. apríl	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
28. apríl	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
5. maí	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
12. maí	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15
19. maí	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15

Í vetrardagskránni í október-desember 2019 voru 18 viðburðir í boði, þar af fjögur vönduð erindi. Meðal nýjunga að þessu sinni var svokallaður „Opinn laugardagur“. Það er, þegar tiltekinn viðburður er í gangi frá því fyrir hádegi og fram eftir degi, til að auðvelda sem flestum að mæta í félagsaðstöðuna til að kynna sér það sem er í boði. Slíkur viðburður var einmitt laugardaginn 19. október. Þá var félagsmönnum boðið að koma í Skeljanes og fá fræðslu um Es'Hail-2/P4A / Oscar 100 gervitunglið og fylgjast með fjarskiptum um fyrsta gervitungl radióamatöra á staðbraut (*e. geostationary*). Í boði var jafnframt, að upplifa „ævintýrið“ með því að hafa sambönd um gervitunglið úr fjarskiptaherbergi félagsins.

Námskeiðið „Fyrstu skrefin; farið í loftið með leiðbeinanda“ var á ný í boði tvisvar sinnum, í enda notið vinsælda og góðrar aðsóknar.

Að þessu sinni voru í boði fjórar sunnudagsopningar, sem stundum eru nefndar „sófasunnudagar“. Þetta fyrirkomulag hefur verið mjög vinsælt allt frá upphafi, þegar það var fyrst kynnt í félaginu fyrir tíu árum (þann 6. desember 2009).

VETRARDAGSKRÁ ÍRA OKT. - DESEMBER 2019

OKTÓBER	Víðburður	Uppýsingar	Fyrirlesari - umgjafi	Hlaðið opni	Víðburður hefti	Ánnad
7. október	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
14. október	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
21. október	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
28. október	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
4. nóvember	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
11. nóvember	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
18. nóvember	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
25. nóvember	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
2. desember	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
9. desember	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
16. desember	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
23. desember	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	
30. desember	Fréttadagur	Fréttadagur um hvernig ÍRFA hefur.	Ólafur Guðmundsson, ÍRFA	20.00-21.00	Kaflakki 41, 21.15	



*OptiBeam OB5-20 Yagi loftnet TF3IRA í sólarlaginu í Skeljanesi 30. desember 2019. Ljósmynd: Jónas Bjarnason TF3JB.*



*Stofnað 14. ágúst 1946.*